allt
ERNA HRÖNN ÓLAFSDÓTTIR
*Gengur aldrei í bleiku*
• tíska • heimili
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



KEANE OG FLEIRI
*Upptökur frá Airwaves slá í gegn*
SENDAR ÚT FRÁ FIMMTÁN ÚTVARPSSTÖÐVUM
FÓLK 42 ▶






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
11. ágúst 2005 - 214. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

**Fræg í Stykkishólmi**

Sópransöngkonan Elísa Vilbergsdóttir og Hrólfur Sæmundsson barítónsöngvari syngja á dönskum dögum í Stykkishólmi. Þar eiga þau dyggan aðdáendahóp enda er hún ættuð þaðan.

MENNING 32



**Ótrúlegir yfirburðir**



Íslandsmeistararnir FH kjöldrógu Grindvíkinga í Landsbankadeild karla í gærkvöldi 8-0. Danski markahrókurinn Allan Borgvardt skoraði fjögur mörk fyrir FH og er nú kominn með 12 mörk það sem af er Íslandsmótinu. FH-ingar eru nú 12 stigum á undan Valsmönnum og komnir með aðra höndina á bikarinn.

ÍÞRÓTTIR 28

**Rökleysa alþingismanns**

Pétur Blöndal fer út fyrir verksvið sitt með því að setja sig í stellingar næringarfræðings segir Ívar Sverrisson. Honum finnst málflutningur Péturs einkennast af fáfræði og forræðishyggju.



UMRÆÐAN 23

VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Lítils háttar súld eða smá skúrir á víð og dreif. Hiti víðast 10-18 stig hlýjast austan til. VEÐUR 4

# Varla nokkur leið að fá vegabréfsáritun

**Mun lengri tíma tekur fyrir Rússa að fá vegabréfsáritanir til Íslands en til Danmerkur. Danska sendiráðið gefur út áritanir hingað. Rússneskur læknir sem býr hér segir þjónustuna hafa versnað eftir að Danir tóku við henni.**

**FERÐALÖG** „Svo virðist sem danska sendiráðið í Moskvu sinni ekki umsóknum sem það fær um vegabréfsáritun fyrir Íslandsfara,“ segir rússneski læknirinn Konstantín Shcherbak, sem hefur lengi búið hér á landi.

„Fyrst þegar ég kom gekk þetta vel, því að áður gaf íslenska sendiráðið mig, en síðan danska sendiráðið tók við þessu er varla nokkur leið að fá vegabréfsáritun til Íslands,“ segir Konstantín.

Ísland gerði samning við dönsku utanríkisþjónustuna um að annast vegabréfsáritanir til Íslands og tók sá samningur gildi um leið og Schengen-samningurinn. Því er ekki lengur hægt að fá áritanir í íslenska sendiráðinu.

Frændi Konstantíns hugðist koma frá Moskvu hingað til lands í sumar og lagði hann inn umsókn 10. júní. „Hann hefur ekki enn fengið svar en nóg af misvísandi upplýsingum frá danska sendiráðinu. Umsóknin hefur ekki einu sinni borist Útlendingastofnun á Íslandi. Þetta er alveg ótrúlegt í ljósi þess að maðurinn hefur farið til Austurríkis eins og ekkert sé,“ segir Konstantín. Hann segir að fleiri ættingjar hans hafi fengið svipaða meðferð.

Þau svör fengust hjá danska sendiráðineytinu í Moskvu að umsókn mannsins hefði verið send útlendingaeftirlitinu í Danmörku og þaðan send útlendingaeftirlitinu á Íslandi fjórum sinnum. Ekki fengust svör við af hverju hún hefði verið send svo oft.

Sendiráð gefa yfirleitt vegabréfsáritun án frekara samráðs en ef grunsemdir vakna um trúverðugleika umsækjanda eða um tilgang ferðarinnar ber sendiráðum að senda umsóknina til útlendingastofnunar í viðkomandi landi. Það var gert nú þar sem maðurinn hefur ekki áður komið til Íslands. Einnig fengust þau svör hjá sendiráðinu að mun lengri tíma tæki að fá áritun til Reykjavíkur en til Kaupmannahafnar. -jse



**LÖGREGLA Á HESTBAKI** Mikil öryggisgæsla er í Lundúnum sem fyrr.

Fjármálahverfi Lundúna:

## Árás er yfirvofandi

**LUNDÚNIR, AP** „Það er aðeins spurning hvenær en ekki hvort hryðjuverkaárás verði gerð í fjármálahverfi Lundúna,“ sagði James Hart lögreglustjóri. Hann segir fjármálahverfið fýsilegt skotmark og að árás þar geti haft miklar afleiðingar. Hann sagði þó að engar haldbærar vísbendingar hefðu borist. Sjá síðu 10



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HÁKARLI LANDAÐ Í FAXAGARÐI** Kaldbakur EA kom með þrjá hákarla í land í gær sem höfðu lent í trollunum við karfaveiðar. Hér er Viðar Heimir Jónsson hjá Löndun að koma einum þeirra fyrir, en það duga ekki minna en tvö kör fyrir hann vegna stærðarinnar. Hákarlarnir voru allir fluttir í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi. Nokkuð er um að hákarlar lendi í trollunum við karfa- og grásleppuveiðar.

Rússnesk könnun:

## Lögreglan óheiðarlegust

**MOSKVA, AP** Lögreglumenn eru efstir á lista þeirra starfsstétta sem Rússar telja vera þá glæpsamlegustu. 38 prósent aðspurðra töldu það en næstir í röðinni komu embættismenn ríkisins. Þjófar og stigamenn voru í þriðja sæti en nokkuð langt frá tveimur efstu stéttunum.

Afbrotum frömdum af undirborguðum og illa þjálfuðum lögreglumönnum hefur fjölgað mikið síðustu ár. Ýmsir sérfræðingar halda því einnig fram að stöðugar óeirðir í Tsjetsjeníu hafi leitt til þess að löggæslustofnanir beiti ofbeldi í auknum mæli. ■

Samninganefndir R-listaflokkanna ræða aðferðir til að velja fulltrúa í efstu sætin:

## Reynt til þrautar að ná samkomulagi

**BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR** Viðræðunefnd um R-lista samstarf á næsta kjörtímabili kemur saman til framhaldsfundar klukkan fimm síðdegis í dag. Reynt verður til þrautar að ná samkomulagi um aðferðir við val á fulltrúum flokkanna í efstu sæti listans.

Einkum verður rædd hugmynd sem fram kom á fundi nefndarinnar seint í fyrrakvöld. Hún felur í sér að hver flokkur velji hver með sínu lagi þrjá fulltrúa í níu manna hóp. Gert er ráð fyrir að röð fulltrúanna á listanum ákvarðist í opnu prófkjöri sem haldið verði í samræmi við ákveðnar leikreglur. Enn fremur er ráðgert að sá er hafnar í efsta sætinu verði jafnframt borgarstjóraefni R-listans.

Fyrir fram er búist við að þetta fyrirkomulag geti skilað Samfylkingunni og Vinstri-grænum þremur fulltrúum hvorum flokki og Framsóknarflokknum tveimur í efstu átta sætin en það sá fjöldi sem þarf til að halda meirihlutanum. Fyrir þeirri skiptingu er þó engin trygging í prófkjöri. -jh / Sjá síðu 18

SKÓLA DAGAR
Nýtt kortatímabil
opið til 21 í kvöld



Kringlan




16 HÓTEL ALLAN HRINGINN
Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is | Sími 444 4000

Nýtt Hagkaupsblað
fylgir Fréttablaðinu í dag*
*á völdum svæðum



## SPURNING DAGSINS

*Jóhanna, hvort býstu við að verða hrærð eða spæld yfir viðtökunum?*

„Ég verð ábyggilega hrærð.“

Jóhanna Harðardóttir er formaður hollvinasamtaka landnámshænunnar. Í næstu viku koma egg landnámshæna á markað.

Fjölmenn mótmæli í Jerúsalem vegna brottflutningsins frá Gaza:

# Yfir hundrað þúsund við bænir

**JERÚSALEM, AP** Á annað hundrað þúsund andstæðingar brotthvarfs Ísraela af landnemabyggðum á Gaza og hluta Vesturbakkans streymdu inn í gamla borgarhluta Jerúsalem í gærkvöldi. Þar tók fólkið til við að biðja og mótmæla brotthvarfinu.

Mótmælin stóðu yfir í margar klukkustundir og fóru friðsamlega fram þrátt fyrir mannfjöldann. Þau mörkuðu tímamót að því leyti að allra strangtrúuðustu gyðingarnir tóku þátt í mótmælunum. Hingað til hafa þeir haldið sig til hlés.

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, gagnrýndi Benjamin Netanyahu harðlega fyrir að afsögn sína úr ríkisstjórn vegna brottflutningsins. Hann sagði Netanyahu hafa verið einstaklega ábyrgðarlausan og gat sér þess til að fjármálaráðherrann fyrrverandi hefði látið stjórnast af skoðanakönnunum.

Ísraelski herinn lauk í gær undirbúningi sínum fyrir brottflutninginn. Æfingar þeirra gerðu ráð fyrir að allt gæti farið á versta veg, Palestínumenn skotið eldflaugum að flutningunum, landtökumenn brugðist við með ofbeldi og að búnaður bilaði. ■



**FJÖLMENNI Í JERÚSALEM** Allra strangtrúuðustu gyðingar tóku í fyrsta sinn þátt í mótmælunum.

Erlendir ríkisborgarar:

# Innflytjendum fer fækkandi

**DANMÖRK** Í fyrsta sinn í aldarfjórðung flytja fleiri erlendir ríkisborgarar frá Danmörku en til landsins.

Á öðrum ársfjórðungi þessa árs fluttu 4.983 erlendir ríkisborgarar til Danmerkur en 5.298 þaðan. Flestir þeirra sem fluttu úr landinu eru Vesturlandabúar en merkjanlegur samdráttur hefur orðið á aðflutningi Sómalíumanna.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja þessa þróun beina afleiðingu af innflytjendastefnu ríkisstjórnarinnar og vara við að erfiðleikar geti skapast á vinnumarkaði vegna hennar. ■

Tók bílinn úr gír:

# Fjögurra ára í ökuferð

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Fjögurra ára drengur komst inn í fólksbíl afa síns á Akureyri síðdegis í gær og tókst honum að setja bílinn í frígír með þeim afleiðingum að hann rann af stað. Bíllinn rann um sjötíu metra áður en hann fór á annan kyrrstæðan bíl. Báðir bílarnir skemmdust lítils háttar en drengurinn slapp með kúlu á höfðinu.

Bíllinn náði þó ekki mikilli ferð og aldrei var mikil hætta á ferðum. Mesta furða þótti hvað bíllinn gat runnið langt.

- grs



**FRÁ VETTVANGI** Ekki liggur fyrir af hverju flutningabíllinn valt.

Banaslys fyrir austan:

# Aftanívagninn valt á veginn

**SLYS** Banaslysið við Hallormsstaðaskóg kom til af því að aftanívagn flutningabílsins valt yfir á hinn vegarhelminginn í sömu andrá og bílarnir mættust. Ekki liggur fyrir af hverju það gerðist.

Hinir látnu eru bresk hjón, Anthony James Taylor, fæddur 1955, og Julieann Taylor, fædd árið 1954. Þau láta eftir sig tvö uppkomin börn. Þau voru hér á landi sem ferðamenn. Ökumaður bílsins er íslensk vinkona þeirra. Hún liggur enn þungt haldin á gjörgæslu.

- grs



**BÍLDDÆLINGAR Á HAFNARBAKKANUM** Erfiðlega gengur að reikna út hversu mikil laun starfsfólk Bílddælings á inni þar sem óvissa ríkir um hversu mikið var greitt út í síðustu útborgun.

# Skorar á Bílddæling að gera upp við starfsmenn

**Verkalýðsfélag Vestfjarða hefur skorað á stjórnarformann Bílddælings að greiða fyrrverandi starfsmönnum sínum laun fyrir þær fjórar vikur sem þeir eiga inni. Tveir tugir hafa þegar flutt úr þorpinu frá því að Bílddælingur hætti starfsemi.**

**BYGGÐAMÁL** „Þeir eiga eftir að gera upp við okkur starfsfólkið fjórar vikur, reyndar var slumpað inn á reikningana einhverju sem átti að vera tveggja vikna laun en hinar tvær vikurnar eru með öllu óuppgerðar,“ segir Sólrún Aradóttir, fyrrum starfsmaður Bílddælings, útgerðarfyrirtækisins á Bíldudal sem lagði niður starfsemi sína í síðasta mánuði.

Hún segir að nú þegar hafi tuttugu manns flutt úr bænum frá því að sjávarútvegsfyrirtækin Bílddælingur og Mírar lögðu upp laupana.

Verkalýðsfélag Vestfjarða, sem fundaði með fyrrverandi starfsmönnum Bílddælings og Mírar í lok síðasta mánaðar, hefur sent Guðmundi Gunnarssyni stjórnarformanni áskorun um að borga ógoldin laun og gjöld.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð stjórnarformaðurinn í þeirri trú að öll laun hefðu verið greidd en bókhaldsskrifstofu fyrirtækisins var lokað meðan vinnsla var enn í gangi og neitaði bókhaldari fyrirtækinu um aðgang að gögnunum. Því var ekki hægt að senda starfsfólkinu launaseðla með síðustu launagreiðslu.

Helgi Ólafsson, varaformaður Verkalýðsfélags Vestfjarða, segir að félagið hafi reiknað saman vinnustundir starfsmanna á tímabilinu og þar sem ekki hafi borist nein viðbrögð við áskorun þeirra verði innheimtukrafa líklega send lögfræðingi á næstunni. Hann segir þó kröfuupphæð ekki liggja fyrir þar sem enn sé ekki víst hvað fyrirtækið greiddi mikið í síðustu launagreiðslu.

Guðmundur segir að nú sé verið að reikna út laun hvers starfsmanns fyrir sig og að laun þeirra verði gerð upp á allra næstu vikum enda sé það algjört forgangsatriði hjá fyrirtækinu.

Hann segir að hluta af vandræðunum með launagreiðslurnar megi rekja til þess að bókhaldsskrifstofu hafi verið lokað fyrirvaralaust. Hann segir enn fremur að hann hafi seilst í eigin vasa til að greiða starfsmönnum eftir að vinnslu lauk.

Jafnframt áskoruninni á stjórnarformann skorar Verkalýðsfélagið á þingmenn kjördæmisins að færa byggðarfélaginu aftur þær aflaheimildir sem frá því voru teknar eftir að fiskveiðikvótar fóru að ganga kaupum og sölu.

jse@frettabladid.is

Slys í tívolí á Spáni:

# Aftur kominn á sjúkrahús

**SLYS** Daníel Guðmundur Hjálmtýsson, sem slasaðist þegar hann kastaðist úr hraðfleygu tívolítæki síðasta mánudag í Torremolinos á Spáni, er kominn á einkasjúkrahús þar í landi en hann slasaðist nokkuð á höfði, baki og öxlum.

Daníel hafði sjálfur farið af sjúkrahúsinu sem hann var sendur á og látið koma sér fyrir uppi á hótelherbergi. Þar sem hann var mjög kvalinn í gær að sögn samferðamanna var afráðið að hann færi á einkaspítala.

Að sögn sjónarvotta má Daníel teljast afar heppinn en hann hlaut ekki heilaskaða og er hvergi brotinn.

Móðir hans kom til hans í gærkvöldi.

- jse

Kalkþörungavinnsla:

# Bílddælingar dæla

**KALKÞÖRUNGAVINNSLA** Sanddæluskipið Perla kom drekkhlaðið af kalkþörungi í gærkvöld að Bíldudalshöfn en fyrirhugað er að kalkþörungaverksmiðja hefji starfsemi sína í bænum á næsta ári.

Þessi fyrsti farmur er þó eins konar sýnishorn sem síðan verður sendur óunninn til skoðunar í kalkþörungaverksmiðju á Írlandi.

Lagnir og dælur verksmiðjunnar á Bíldudal voru prófaðar í gærmorgun að sögn Smára Bents Jóhannssonar hafnarvarðar og að því loknu hélt Perla út á Arnarfjörð á eftir kalkþörungi.

- jse

## GEIMFERÐALÖG

**SEX MILLJARÐA FARMIÐI** Space Adventures fyrirtækið skipuleggur nú geimferðalög til tunglsins og til baka sem vonast er að geti hafist 2008 eða 2009. Fargjaldið er hátt, rúmir sex milljarðar króna.



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Númeraplötur klipptar af bifreið mótmælanda:

# Tíu lögregluþjónar kallaðir á staðinn

**MÓTMÆLENDUR** Fjöldi lögregluþjóna kom að heimili Ólafs Páls Sigurðssonar, eins mótmælenda virkjunar við Kárahnjúka, í Vesturbæ Reykjavíkur í gærmorgun þegar númeraplötur voru klipptar af bifreið Ólafs Páls þar sem hún stóð í innkeyrslunni.

Frestur til að færa bifreiðina til skoðunar var runninn út og kom lögreglumaður að sem hófst handa við að klippa númeraplötur af bílnum að sögn Ólafs Páls. Hann segir að í kjölfarið fleiri lögregluþjóna hafa drifið að, en alls telur hann um tíu lögregluþjóna á fjórum bifreiðum hafa komið. Þetta staðfestir nágranni hans.

Aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík segir æsing hafa myndast á staðnum og fólk verið ósátt við aðgerðir lögreglu. Því hafi verið óskað eftir aðstoð fleiri lögregluþjóna. Ekki fékkst staðfest hjá Lögreglunni í Reykjavík hversu margir lögregluþjónar fóru á staðinn.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, neitar því að fylgst sé sérstaklega með mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar, sem nú eru flestir komnir til Reykjavíkur.

- ht



**ÁN NÚMERA** Lögregluþjónar í fjórum lögreglubílum komu að heimili mótmælanda Kárahnjúkavirkjunar þegar klippt voru númer af bifreiðinni.

KJARNAFÆÐI
...hvað er betra!

**GRILL**
Pylsur frá Kjarnafæði skolað niður með Egils Kristal plús

kiss FM895
í beinni af staðnum

**LIFANDI TÓNLIST!**
Reykjavík Beat Generation




FYLGIHLUTA-
# PAKKI

aðeins **1.000 kr.**

**Þér býðst fylgihlutapakki að verðmæti 16.000 kr.** á aðeins 1.000 kr. með kaupum á fartölvu hjá Pennanum.

Fylgihlutir **20.000 kr.** verðmæti

# KB BANKA TILBOÐ!

**KB Námsmenn sem kaupa fartölvu í Pennanum fá glæsilegan kaupauka* að verðmæti 20.000 kr. Þú getur orðið meðlimur á staðnum!**

* Gildir á meðan birgðir endast

KB BANKI






# UPPISTAND!

Námsmaðurinn **Þorsteinn Guðmundsson** verður með uppistand.

# Fartölvuhátíð Pennans

## í Hallarmúlanum í dag frá kl. 17 - 21



HEKLA

**Skólabíllinn verður til sýnis!**
Taktu þátt í leiknum – þrír heppnir námsmenn vinna afnot af VW Fox í heilt ár!

VÍS

Verið velkomin á Fartölvuhátíðina miklu í Pennanum, Hallarmúla. Þar skoðar þú og berð saman bestu fartölvurnar á einum stað. Ráðgjafar frá Toshiba, IBM og HP verða á staðnum. Fulltrúar frá KB Banka (KB Námsmenn) og VÍS ráðleggja um fjármögnunarleiðir og fartölvutryggingar.

**Aðeins traust vörumerki frá úrvals umboðsaðilum tryggja gæði, ábyrgð og fulla þjónustu.**



1,7 Ghz

Skólatilboðsverð
**154.900 kr.**

**ThinkPad R52**
Pentium M
DVD/CD-RW Multiburner drif
**Aðeins**
**5.093 kr.**
á mánuði með KB-Námsmönnum*

IBM



1,86 Ghz

Aðeins
**5.258 kr.**
á mánuði með KB-Námsmönnum*

**159.900 kr.**

**HP Compac nc6120**
DVD+/-RW LightScribe

hp invent



1,5 Ghz

Skólatilboðsverð
**89.700 kr.**

**Toshiba Satellite M40X-105**
**Aðeins**
**2.949 kr.**
á mánuði með KB-Námsmönnum*

TOSHIBA

Skiptibóka-markaður

www.skiptibok.is

Penninn

* í 36 mánuði

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.08.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,03 | 64,33 |
| Sterlingspund | GBP | 114,94 | 115,5 |
| Evra | EUR | 79,31 | 79,75 |
| Dönsk króna | DKK | 10,629 | 10,691 |
| Norsk króna | NOK | 10,047 | 10,107 |
| Sænsk króna | SEK | 8,486 | 8,536 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5769 | 0,5803 |
| SDR | XDR | 94,12 | 94,68 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,4684**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eistnesk þyrla hrapaði stutt út af strönd Eistlands í vonskuveðri:

# Fjórtán manns fórust í þyrluslysi

**TALLINN, AP** Fjórtán manns létu lífið þegar eistnesk þyrla hrapaði í Eystrasalt skömmu eftir flugtak. Brak hefur fundist af þyrlunni en engin lík.

Þyrlan var af gerðinni Sikorsky 76 og var í eigu finnska flugfélagsins Copterline. Hún var á leið frá Tallinn, höfuðborg Eistlands, til Helsinki í Finnlandi en nokkrum mínútum eftir flugtak hvarf hún af ratsjá eistneskra flugumferðarstjóra. Ekki er vitað hvað gerðist en veður var afar vont á þessum slóðum um hádegisbilið í gær þegar slysið varð.

Björgunarsveitir voru þegar sendar á vettvang og fann ómannaður kafbátur fljótlega flakið á um 48 metra dýpi. Svo virtist sem lík allra þeirra sem voru um borð væru í flaki þyrlunnar.

Andrus Ansip, forsætisráðherra Eistlands, sagði að engin von væri til þess að nokkur úr þyrlunni fyndist á lífi. Kari Rajamaki, innanríkisráðherra Finnlands, hefur þegar sent ættingjum þeirra sem voru um borð samúðarkveðjur sínar.

Flugmennirnir voru finnskir, svo og sex farþeganna. Fjórir Eistar voru sömuleiðis um borð og tveir Bandaríkjamenn. Nöfn þeirra hafa ekki verið gefin upp. ■

MYND/AP



**LEIT STENDUR YFIR** Björgunarsveitir fóru á vettvang strax og ljóst var að þyrlan hefði farist. Flak hennar fannst fljótlega en engin lík.

Al-Kaída-liði í haldi:

## Grunaður um hryðjuverk

**ANKARA, AP** Tyrkneska lögreglan skýrði frá því í gær að hún hefði handtekið Sýrlending sem grunaður er um að hafa verið tengiliður tyrkneskrar al-Kaída sellu, sem stóð á bak við sprengjutilræði í Istanbúl haustið 2003 sem kostaði sextíu mannslíf.

Tyrkneskir fjölmiðlar segja manninn einn fimmmenninga sem voru hnepptir í varðhald vegna gruns um að þeir hygðust koma fyrir sprengjum um borð í ísraelskum skemmtiferðaskipum en lögreglan neitar því. Fimm skemmtiferðaskipum með 5.000 Ísraelum var siglt til Kýpurs í stað Tyrklands í vikunni af ótta við hryðjuverk. ■

Fjórir verkamenn björguðust:

## Á kaf í Jökulsá

**SLYS** Fjórir erlendir menn syntu í land eftir að bifreið þeirra hafnaði utan vegar og ofan í Jökulsá á Fljótsdal við Hvammsmela í Fljótsdal laust eftir hádegi í gær. Mennirnir eru starfsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri og voru við störf á virkjanasvæði í dalnum.

Mennirnir hlutu einungis minniháttar meiðsl og tókst sjálfum að synda að bakka að sögn lögreglu á Egilsstöðum. Bifreiðin er hins vegar á kafi í ánni og sést einungis móta fyrir loftneti á þaki hennar. - ht

### OPINBER HEIMSÓKN

**TÉKKLANDSFORSETI Í HEIMSÓKN**
Václav Klaus Tékklandsforseti kemur í opinbera heimsókn til Íslands í boði forseta Íslands í ágúst. Heimsóknin stendur yfir dagana 22. og 23. ágúst.

# Ríkið hættir rekstri einangrunarstöðvar

**Ríkið hættir rekstri einangrunarstöðvar fyrir gæludýr í Hrísey, þegar ný stöð í Höfnum verður farin að starfa af fullum krafti. Húsnæðið í Hrísey verður líklega selt.**

**DÝRAHALD** Ríkið hættir rekstri einangrunarstöðvar í Hrísey eftir að ný stöð hefur tekið til starfa, að sögn Hákonar Sigurgrímssonar, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Hann segir stöðinni í Hrísey ekki verða lokað fyrirvaralaust, heldur verði um aðlögunartíma að ræða.

Í Höfnum rís ný einangrunarstöð fyrir gæludýr. Hún á að taka til starfa 1. desember, að sögn Kristínar Jóhannesdóttur eiganda hennar.

„Mér eru þegar farnar að berast umsóknir þótt nokkuð sé í að stöðin opni og ég hafi ekkert auglýst enn,“ segir Kristín.

Stöðin verður tvískipt líkt og í Hrísey. Dýr verða tekin inn í tveimur hópum í hverjum mánuði. Í öðrum hópnum er pláss fyrir tólf hunda og fimm ketti og í hinum fyrir fjórtán hunda og fjóra ketti. Gert er ráð fyrir því að hvert dýr verði í stöðinni í 28 daga. Kostnaðurinn er á bilinu 150 til 160 þúsund krónur. Verðið fer eftir þyngd hvers dýrs. Í því er innifalinn kostnaður við sýnatökur, dýralæknaþjónustu og annað sem skilyrt er. Starfsmenn verða þrír talsins auk dýralæknis sem starfa mun við stöðina.

„Mér heyrist að margir dýrainnflytjendur fagni nýju stöðinni,“ segir Kristín. „Staðsetningin er frábær, stöðin verður fullkomin í alla staði og farið verður nákvæmlega eftir reglugerðinni. Sóttvörnin verður eins sterk og kostur er. Dýrunum verður ekið inn í stöðina og þau ekki tekin út úr búrinu fyrr en búið er að loka hurðum.“

Kristín mun eiga og reka stöðina ein, án allra styrkja. Hún hannaði hana sjálf og segir sóttvarnaröryggi, góða umönnun og aðbúnað í fyrirrúmi. Spurð um kostnað segir hún að hann hlaupi á tugum milljóna og fjármögnunin hafi verið erfið til að byrja með.

Hákon segir sína skoðun þá að ekki sé rekstrargrundvöllur fyrir tvær einangrunarstöðvar hér á landi. Ríkið selji líklega húsnæðið í Hrísey. Enn sem komið væri hafi enginn sýnt áhuga á að eignast það og reka eigin stöð í því.

Árið 2004 voru fluttir inn 122 hundar og 27 kettir til landsins. Á milli ára 2003 og 2004 fjölgaði umsóknum um innflutningsleyfi fyrir gæludýr um rúmlega 27 prósent.

jss@frettabladid.is



**NÝ EINANGRUNARSTÖÐ** Kristín Jóhannesdóttir hannar og byggir einangrunarstöðina í Höfnum, sem nú er orðin fokheld. Stöðin tekur til starfa 1. desember.

MYND/AP



**SIRUS NASSERI** Talsmaður Írana hjá IAEA sagði að vinnsla úrans myndi þegar hefjast. Enn er þó vonast til að málið verði leyst án þess að til viðskiptaþvingana komi.

Auðgun á úrani hafin:

## Íranar rufu innsiglin

**VÍN, AP** Íranar rufu í gær innsigli Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar IAEA í kjarnorkuverinu í Isfahan og því er ekkert því til fyrirstöðu að þeir geti hafið auðgun úrans.

Starfsmenn IAEA fylgdust með þegar innsiglin voru rofin en Íranar heimiluðu uppsetningu þeirra á sínum tíma og telja því að þeir geti rofið þau þegar þeim sýnist. Í verinu er þó enn þá eftirlitsbúnaður stofnunarinnar.

Stjórn IAEA hefur fundað undanfarna daga um málið. Stofnunin getur kært Írana til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem getur þá beitt ríkið viðskiptaþvingunum. Fátt bendir hins vegar til að það verði gert að sinni. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**STAÐINN AÐ VERKI VIÐ INNBROT**
Þjófur var staðinn að verki við innbrot í tvo bíla í Keflavík um fjögurleytið í fyrrinótt og var hann handtekinn á staðnum. Náði þjófurinn ekki að hafa neitt á brott með sér og var látinn laus að lokinni yfirheyrslu.

**ÓKU REYKJANESBRAUT OF HRATT**
Þrír ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbraut í fyrrinótt, að sögn lögreglu í Hafnarfirði. Sá sem hraðast ók var á 133 kílómetra hraða.



Viltu hætta að reykja?
Við getum aðstoðað þig
800 6030

## VEÐRIÐ Í DAG

**ÓSKÖP LJÚFT VEÐUR**
Kætumst meðan kostur er, segir í kvæðinu og veðrið hefur mikil áhrif á hvernig andleg líðan sveiflast. Það er ljóst. Fram undan er áfram þetta hægviðri með stöku súldardropum hér og hvar sem ætti engan að meiða. Kortin eru því miður ekkert allt of sólrík sé litið heildrænt á þau.
**NÆSTA HELGI**
Hæglætisveður. Þurrt og skýjað með köflum suðvestan til á laugardag annars víðast einhver væta. Víða rigning á sunnudag, einkum síðdegis.




Á morgun




Hæglætisveður. Smá skúrir eða súld af og til á víð og dreif.

Laugardagur




Hæg breytileg átt.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C alskýjað | París | 25°C heiðskírt | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Ósló | 24°C hálfskýjað | Berlín | 19°C hálfskýjað | Milano | 25°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 22°C hálfskýjað | New York | 34°C heiðskírt |
| Helsinki | 20°C hálfskýjað | Madrid | 32°C hálfskýjað | San Francisco | 20°C hálfskýjað |
| London | 24°C hálfskýjað | Barcelona | 27°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 34°C skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Ódýrt og einfalt!
GRÍSAGÚLLAS ÚR KJÖTBORÐI
649 kr. kg
Þú sparar 649 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.298 kr./kg.
50% afsláttur við kassa
Þú klárar öll innkaupin í Nóatúni!
Thai C. tilboð!
30% afsláttur við kassa
2 FYRIR 1
2 FYRIR 1 MYLLU BRALLARABRAUÐ
199 kr. kg
GOÐA SKINKA
237 kr. kg
Þú sparar 102 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 339 kr./kg.
30% afsláttur við kassa
CHOCKO SPOOKS MORGUNKORN
99 kr. 375 g
35% afsláttur við kassa
NAGGAR GORDON BLEU
344 kr. pk
Þú sparar 185 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 529 kr./pk.
NAGGAR KJÖTBOLLUR
333 kr. pk
Þú sparar 180 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 513 kr./pk.
SPARAÐU
BOBOLI BRAUÐ
CALZONE BOLOGNESE 249 kr.
CALZONE SKINKA/OSTUR 249 kr.
FOCACCIA HVÍTLAUKUR/MOZZARELLA 249 kr.
FOCACCIA HVÍTLAUKUR/ÓLÍFUM 249 kr.
Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



## KJÖRKASSINN

*Eiga Íslendingar að standa við framboð sitt til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 23,3% |
| Nei | 76,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Býður R-listinn fram aftur?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Dýralæknar gagnrýna landbúnaðarráðherra fyrir ráðningu:

# Segja gróflega vegið að dýralæknum

**LANDBÚNAÐUR** Dýralæknafélag Íslands mótmælir því harðlega að ekki hafi verið ráðinn dýralæknir í starf forstjóra nýrrar Landbúnaðarstofnunar.

Einnig tekur félagið undir gagnrýni starfsmanna embættis yfirdýralæknis á staðsetningu stofnunarinnar á Selfossi. Forystumenn félagsins segja að Jón Gíslason, sem hóf störf í byrjun ágúst, hafi jaðarmenntun með tilliti til starfssviðs stofnunarinnar.

Landbúnaðarstofnun tekur til starfa í byrjun næsta árs og langflestir starfsmenn Landbúnaðarstofnunar eru núverandi starfsmenn yfirdýralæknis, en einnig munu nokkur smærri embætti heyra undir hana. Dýralæknafélagið segir gróflega vegið að dýralæknum með ráðningunni, en nokkrir dýralæknar sóttu um hana.

Þó er tekið fram í ályktun félagsins að henni sé ekki beint gegn Jóni og að þeir muni kappkosta að eiga gott samstarf við hann í framtíðinni.

Ekki náðist í Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra í gær.

- grs



**GUÐNI GAGNRÝNDUR AF DÝRALÆKNUM** Sakaður um að vega gróflega að dýralæknum.

Fjölmiðlun í Eyjafirði:

# Tveir nýir netmiðlar

**FJÖLMIÐLUN** Tveir nýir netmiðlar, með fréttir og fréttatengt efni, hafa bæst í flóru íslenskra fréttamiðla síðustu daga en báðir eru þeir með starfsstöðvar í Eyjafirði.

Dagur.net var opnaður föstudaginn 5. ágúst og miðast efnistök vefsins við allan Eyjafjörð. Miðillinn er með aðsetur á Dalvík og rekinn af Rimum ehf. sem einnig gefa út Bæjarpóstinn og Norðurslóð.

Akureyri.net hóf göngu sína síðastliðinn miðvikudag en miðillinn er í eigu Pedrómynda á Akureyri og er ætlað að höfða sérstaklega til Akureyringa.

- kk

Hlutafjáraukning hjá Vilkó:

# Bærinn hafði ekki áhuga

**IÐNAÐUR** „Þarna var um mjög litla upphæð að ræða sem engu máli skipti og því féllum við frá þátttöku," segir Ágúst Þór Bragason, sem situr í bæjarráði Blönduóss.

Bænum var boðinn forkaupsréttur að hlutafjáraukningu í iðnfyrirtækinu Vilko, sem þekkt er fyrir framleiðslu sína á súpum og grautum ýmiss konar, en bæjarráð kaus að nýta það ekki.

Aðspurður um hvort ekki væri eðlilegt að hlúa að litlum fyrirtækjum með slíkum framlögum sagði Ágúst að upphæðin í þessu tilfelli hefði verið smáaurar. „Þetta var hlutur upp á 20 til 30 þúsund krónur og skipti engu máli."

- aöe

## ATVINNA

**28 PRÓSENT VINNA FJARVINNU** Þeim félagsmönnum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sem vinna fjarvinnu að heiman hefur fjölgað um rúmlega fimmtung milli ára. 28 prósent segjast vinna fjarvinnu samkvæmt launakönnun félagsins, fimm prósentustigum meira en í fyrra, að því er fram kemur á síðu félagsins.

## FILIPPSEYJAR

**TUGIR SÆRÐUST** 26 hið minnsta særðust í tveimur sprengingum í Zamboanga á Filippseyjum í gær. Íslamskir uppreisnarmenn hafa staðið fyrir banvænum sprengingum á þessum slóðum og beinist grunur að þeim.

# Framsóknarmenn vilja hækka fjármagnstekjuskatt

**Sterkur vilji er innan Framsóknarflokksins til að hækka fjármagntekjuskatt. Stjórnarþingmenn í fjárlaganefnd neita því að til standi að lækka tekjuskatt meira en ætlað er samkvæmt lögum.**

**SKATTAR** „Það er allt opið hvað varðar hækkun á fjármagnstekjuskatti en það þarf þó að taka tillit til þess að við missum ekki fjármagn úr landi," segir Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar og alþingismaður Framsóknarflokksins.

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, lýsti þeirri skoðun sinni í Fréttablaðinu í gær að vel kæmi til greina að hækka fjármagnstekjuskatt sem nú er tíu prósent.

„Við verðum auðvitað að taka tillit til þess að við erum í alþjóðlegu umhverfi en ég tel að fjármagnstekjuskattur mætti vera eins hár og mögulegt er út frá þeirri forsendu að fjármagnið fari ekki úr landi," segir Magnús.

Hann segir að ekkert hafi enn verið rætt um lækkun á tekjuskatti einstaklinga umfram áætlanir en þegar liggi fyrir áætlun um lækkun um eitt prósentustig. Ljóst sé hins vegar að endurskoða eigi virðisaukaskattskerfið. „Það eru ákvæði um það í stjórnarsáttmálanum og ég vænti að það komi einhverjar tillögur um það fljótlega," segir Magnús.

Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir aðspurður um skoðanir framsóknarmanna á hækkun fjármagnstekjuskatts að engar samþykktir séu til um slíkt. „Varðandi skatta almennt þá tel ég hins vegar að gæta beri að því að varðveita sjálfan skattstofninn þannig að það verði eftirsóknarvert að greiða skatta sína á Íslandi, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Þess vegna höfum við verið á þeirri skoðunar að það sé í langtímanum hagstætt að lækka skattprósentuna og höfum marglýst því yfir að vinna eigi að því í framtíðinni að afnema undanþágur en auðvitað ber að fara að því með gát og með sátt," segir Einar.

Hann segir að hann hafi ekkert heyrt neinar umræður um breytingar á fyrirhuguðum skattalækkunum á einstaklinga en aðspurður um lækkun virðisaukaskatts á matvæli og nauðsynjavörur segir hann: „Eina sem ég veit er að unnið er að endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu."

hjalmar@frettabladid.is



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** Einar segir að stuðla beri að því að lækka skatta hér á landi.

**MAGNÚS STEFÁNSSON** Magnús vill hækka fjármagnstekjuskatt en segir engar umræður um lækkun á tekjuskatti.

www.icelandair.is/baltimore
www.icelandair.is/washington

Baltimore/Washington



Flug og gisting í þrjár nætur

Verð frá 49.990 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Days Inn Harbor, Baltimore
20.-23. okt., 10.-13. nóv., 26.-29. jan., 9.-12. feb. og 9.-12. mars.
Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og þjónustugjald.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú geta handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

út í heim

ICELANDAIR www.icelandair.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29013 08/2005

Ráðamenn neita að horfast í augu við vandann:

# Hungursneyðin ekki bundin við Níger

**HUNGURSNEYÐ** Hungursneyð virðist vera að breiðast út um mið- og austanverða Afríku. Tuttugu milljónir manna eru sagðar í hættu vegna næringarskorts.

Undanfarnar vikur hefur athygli heimsbyggðarinnar beinst að Afríkuríkinu Níger en þar er ástandið afar slæmt. Í nýrri skýrslu samtakanna Famine Early Warning Systems, sem sagt er frá á vefsíðu BBC, er því hins vegar haldið fram að tuttugu milljónir manna á sjö landa belti sem teygir sig frá Malí austur til Sómalíu séu í verulegri hættu vegna vannæringar.

Bent er á að íbúar þessara landa eigi það sameiginlegt að treysta á uppskeru af ökrum sem vökvaðir eru með regnvatni eða fljótum sem flæða yfir bakka sína. Þegar úrkoma bregst er neyð yfirvofandi. Samhliða matargjöfum er því nauðsynlegt að aðstoða ríkin við áveitugerð úr fljótum á borð við Níger og Níl.

Það er hins vegar mikið áhyggjuefni að leiðtogar sumra þessara landa neita að horfast í augu við vandann. Mamadou Tandja, forseti Nígers, sagði í samtali við BBC í vikunni að hungursneyðin væri einfaldlega sjónarspil hjálparsamtaka sem með áróðri reyndu að afla sér meira fjár. „Nígermenn eru vel haldnir og það er ekkert tiltökumál þótt uppskera bregðist á stöku stað vegna engisprettna, það er alvanalegt."

- shg



MYND/AP

**MEÐ TÓMAN MAGA** Mamadou Tandja, forseti Nígers, segir að landsmenn séu vel haldnir og hungursneyðin sé einungis hugarburður Vesturlandabúa.



**STYKKISHÓLMUR** Bæjarráð telur Byggðastofnun ekki hafa brugðist við áföllum sem hafa dunið yfir Stykkishólm.

Bæjarráð Stykkishólms:

# Gagnrýndu byggðaáætlun

**BYGGÐAMÁL** „Fá bæjarfélög hafa á undanförnum árum orðið fyrir öðrum eins áföllum í atvinnulífinu og við," segir Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar Stykkishólms. „Þrátt fyrir það höfum við nær enga aðstoð fengið frá Byggðastofnun."

Bæjarráð Stykkishólms telur byggðaáætlun ekki hafa náð sem skyldi til bæjarins þrátt fyrir áföll í atvinnulífinu og hefur ritað Byggðastofnun bréf þess efnis til að svara fyrirspurn um hvernig til hafi tekist með byggðaáætlun.

„Við höfum þurft að horfa upp á hrun í skelveiðum, sem eru okkar aðalatvinnuvegur," segir Rúnar. „Einnig hafa verið erfiðleikar í rækjuvinnslu en hún er umfangsmikil hér í Stykkishólmi."

Ekki náðist í Aðalstein Þorsteinsson, forstjóra Byggðastofnunar. Hann er staddur erlendis.

- ht

# Útsala

# 40-60% afsláttur

**Cruiser**
Fjöldi gíra: 18
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa
að framan og aftan

40% afsláttur



TILBOÐ
10.199 kr
Verð áður 16.999,-

**40% afsláttur** af öllum Prostyle hjólum

**Charleston**
**borð, bekkur og 2 stólar**
Vandað garðhúsgagnasett úr
gegnheilum harðviði
á ótrúlegu verði

40% afsláttur



TILBOÐ
10.796 kr
Verð áður 17.994,-

**40% afsláttur** af öllum pallahúsgögnum

TEPRO

60% afsláttur

**Grill**
- Grillflötur: 48 x 30 cm
- Grind: Krómuð
- Kveikja: Neistakveikja
- Brennari: Breiður I-brennari
- Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu
- Hliðarborð úr viði
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



TILBOÐ
7.999 kr
Verð áður 19.999,-

**40-60% afsláttur** af öllum grillum og grill aukahlutum

**Útilegustóll**
m/glasahaldara

40% afsláttur



TILBOÐ
599 kr
Verð áður 999,-

**40% afsláttur** af öllum útilegu vörum

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Í hvaða sæti er Reykjavík á lista yfir dýrustu borgir heims?*

2 *Hver gerir myndina Drawing Restraint 9 og hver sér um tónlistina í myndinni?*

3 *Til hvaða titils vann 33 ára selja við Látraströnd á dögunum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Ráðist verður í andgræðsluframkvæmdir undir Langjökli til að verjast sandfoki:

# Orkuveitan hækkar Hagavatn

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið að leggja fram tvær og hálfa milljón til þess að hækka vatnsyfirborð Hagavatns undir Langjökli.

„Markmiðið er að hækka í vatninu svo það nái aftur yfir það landsvæði sem það náði yfir áður. Þetta er landsvæði sem er ekki hægt að græða upp og hluta ársins fer það á flot og svo fýkur úr því þegar það þornar. Þannig við erum fyrst og fremst að hefta sandfokið,“ segir Margeir Ingólfsson, formaður byggðaráðs Bláskógabyggðar um fyrirhugaðar framkvæmdir við Hagavatn.

Ekki liggur ljóst fyrir hver er eigandi landsvæðisins þar sem vatnið er en það liggur á mörkum Bláskógabyggðar og landsvæðis í eigu einkaaðila en mögulega er landið þjóðlenduland og þannig í eigu ríkisins.

„Orkuveitan styrkir umhverfismatið sem farið er í núna. Hún á hitaveitu í Bláskógabyggð og henni er mjög hugað um umhverfið,“ segir Margeir. Búast má við því að umhverfismat verkefnisins kosti alls um fjórar til sex milljónir. - hb




**HAGAVATN UNDIR LANGJÖKLI** Hækka á vatnið til að hefta sandfok, því ekki er hægt að græða upp svæðið.

Norskir veðbankar:

# Veðjað á Stoltenberg

**NOREGUR** Veðbankar í Noregi telja Jens Stoltenberg líklegastan til þess að verða forsætisráðherra Noregs að loknum norsku þingkosningum sem haldnar verða í september.

Veðmálavefurinn playit.com býður vinningsstuðulinn 1,33 veðji menn á Stoltenberg þannig að fyrir hverja krónu sem menn leggja á sigur hans fá þeir 1,33 til baka. Stuðull Ernu Solberg, formanns Íhaldsflokksins, er 4,75 en heldur ólíklegt er talið að Kjell Magne Bondevik haldi forsætisráðherrastólnum, því stuðull hans er 6,50. Nánast útilokað er talið að Carl I. Hagen, formaður Framfaraflokksins myndi ríkisstjórn, vinningsstuðullinn í hans tilviki er 26,00. ■

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna:

# Efast um þróun lífsins

**VÍSINDI** George W. Bush Bandaríkjaforseti lét þá skoðun sína í ljós í viðtali við dagblað frá Texas að í stað þess að kenna skólabörnum þróunarkenningu Darwins væri heppilegra að kenna þeim svonefnda heimshönnuðarkenningu (e. intelligent design).

Formælendur kenningarinnar telja að lífverur jarðarinnar séu of margbrotnar til að hægt sé að útskýra eðli þeirra með þróunarkenningunni. Einhvers konar skapari hljóti að hafa komið sköpunarverkinu af stað.

Gagnrýnendur forsetans telja málið sýna að kristnum heittrúarmönnum vaxi stöðugt fiskur um hrygg í bandarísku stjórnmálalífi. - shg



MYND/AP

**HEILINN BROTINN** Bush er ekki sannfærður um að við séum öll komin af öpum.



**STJÓRNSÝSLUKÆRA** Frá undirritun kjarasamnings sjómanna og útvegsmanna, sem nú er reynt að hnekkja með stjórnsýslukæru á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. F.v. Friðrik J. Arngrímsson, Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari, Sævar Gunnarsson og Árni Bjarnason.

# Atkvæðagreiðsla kærð til ógildingar

**Framkvæmd atkvæðagreiðslu um kjarasamning sjómanna hefur verið kærð til félagsmálaráðuneytisins. Kærandinn telur að kjósa þurfi aftur.**

**KJARASAMNINGAR** Félagsmaður í Stýrimannafélaginu Vísi hefur kært framkvæmd atkvæðagreiðslu um kjarasamning sjómanna til félagsmálaráðuneytisins. Kærandinn telur um að ræða tvöfalt brot á vinnulöggjöfinni, að því er fram kom þegar Fréttablaðið ræddi við hann. Félagsmaðurinn vill ekki láta nafns síns getið þar sem hann óttast að það geti komið niður á sér þegar kemur að atvinnumöguleikum sínum.

Félagsmaðurinn segir tilefni kærunnar vera galla á atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana. Hann segir gallana snúa að talningu atkvæða og því hversu langur tími leið frá undirskrift til talningar. Bíða hafi þurft hátt í tvö mánuði frá því samningurinn var undirritaður þar til kosið var um hann. Samkvæmt vinnulöggjöfinni megi ekki líða meira en fjórar vikur.

Þá voru reglur um kjörfundaratkvæði og póstatkvæðagreiðslu brotnar. Þátttaka í póstatkvæðagreiðslu má ekki vera undir tuttugu prósentum til þess að hún teljist gild. Við talninguna var hins vegar öllum atkvæðunum steypt í einn pott og talið upp úr honum án tillits til þess hvort atkvæðin höfðu borist í pósti eða voru kjörfundaratkvæði.“

Kærandinn telur að þessir ágallar hafi ógilt kosninguna, þannig að kjósa þurfi aftur, reynist þeir réttir vera. Hann telur að grundvöllur fyrir kosningunni sé brostinn og kjósa þurfi aftur ef kæran stendur. Hann segir að þá gæti útkoman orðið önnur en úr þeirri kosningu sem þegar hefur farið fram, því samningurinn hafi verið illa kynntur og hreinlega logið að mönnum. Nú séu félagsmenn búnir að kynna sér samninginn betur.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri jafnréttis- og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, staðfesti að kæran liggi fyrir hjá ráðuneytinu. Verið sé að athuga hvort efni kærunnar heyri undir ráðuneytið þannig að það hafi úrskurðarvald í málinu. Reynist svo ekki vera verði henni vísað frá. Kærandi geti þá farið með málið fyrir félagsdóm, kjósi hann að fara dómstólaleiðina. jss@frettabladid.is




Kvörtunarþjónusta Neytendasamtakanna:

# Fékk tæp tíu þúsund erindi

**NEYTENDUR** Kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna bárust tæplega tíu þúsund erindi í fyrra að því er segir í ársskýrslu hennar.

Ívið fleiri konur höfðu samband en karlar, flestar kvartanir voru vegna fatnaðar eða skartgripa. Önnur mál sem fóru fyrir kvörtunarþjónustuna vörðuðu ferðamál, húsgögn og tölvur og búnað tengdan þeim.

Af öðrum erindum og fyrirspurnum var mest spurt um bifreiðar og önnur farartæki, fasteignir og tölvur og raftæki hvers konar. Þá þurfti lögfræðilega ráðgjöf í 343 tilfellum.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, hefur gagnrýnt að ríkið komi aðeins að litlum hluta til móts við samtökin hvað varðar þann mikla kostnað sem hlýst af rekstri kvörtunarþjónustunnar en samkomulag er milli Neytendasamtakanna og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um að þeir sinni kvörtunarmálum allra sem þangað leita. - aöe



**KVARTANIR VEGNA HÚSGAGNA** Rúmlega 20 kvartanir bárust Neytendasamtökunum vegna húsgagnakaupa á árinu 2004.

# Það fá **allir** námsmannavexti af tölvulánum hjá S24



Aðeins
**9,75%**
vextir

## Hagstætt tölvulán fyrir ~~námsmenn~~ alla

- Betri vextir, aðeins 9,75%*
- Ekkert lántökugjald
- Lán til allt að 60 mánaða (5 ár)
- Léttari greiðslubyrði
- Þú þarft ekki að byrja að borga af tölvunni fyrr en eftir 3 mánuði, þú ræður
- Engin lágmarksupphæð
- Tilboðið gildir til 30. september 2005

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 312.090

hp invent

*Vertu viss um að þú sért að hagnast á þínum bankaviðskiptum...*

S24 ...og þú hagnast

Sæktu um lán... **www.s24.is** Sími 533 2424 – Kringlan

*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 1. 7. 2005.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar



MYND/AP

**ELDAR SLÖKKTIR** Þessi franska Canadair-flugvél reyndi af veikum mætti að slökkva skógarelda í suðurhluta landsins í síðasta mánuði. Tveir flugmenn fórust við slökkvistörf á dögunum og því hefur franska Canadair-flotanum verið lagt á meðan rannsókn fer fram.

Miklar skemmdir eftir að eldur kom upp í dráttarvél í Dýrafirði:

# Lá við stórslysi í eldsvoða

**ELDSVOÐI** Litlu munaði að stórslys yrði þegar verið var að slökkva eld sem upp kom í dráttarvél á bænum Hólum í Dýrafirði í fyrradag.

Lögreglunni á Ísafirði var tilkynnt um það um það á sjötta tímanum að eldur væri laus í dráttarvél sem væri inni í vélageymslu við Hóla. Þegar slökkvilið Þingeyrar kom á vettvang logaði út um dyrnar á geymslunni og talsvert mikill eldur var inni í henni, að sögn lögreglu. Slökkvistarf gekk vel. Meðal annars tókst að koma í veg fyrir að tveir 20 kílóa gaskútar springju og að verja stóran olíutank sem var rétt innan við dyrnar.

Rennihurð sem annars lokar dyraopi geymslunnar var opin og hurðin var uppi. Við hitann rann hún niður, rétt í þann mund sem slökkvilið kom á staðinn. Mildi var að enginn var þar undir. Rétt áður höfðu tveir menn verið þar við að reyna að draga brennandi dráttarvélina út, en urðu frá að hverfa þar sem eldurinn magnaðist svo fljótt.

Öruggt er talið að eldurinn hafi komið upp í einni af dráttarvélunum sem í geymslunni voru. Miklar skemmdir urðu á þrem dráttarvélum, tveim heyvinnuvélum, miklu af verkfærum og geymslunni sjálfri.

- jss



**ÞINGEYRI** Slökkviliðið á Þingeyri réð niðurlögum eldsins í vélageymslunni á Hólum.



**ÁSGEIR MAGNÚSSON** Vill hafa áhrif á störf og stefnumál Samfylkingarinnar á Akureyri.

Samfylkingin á Akureyri:

## Ásgeir í prófkjörsslaginn

**PRÓFKJÖR** Ásgeir Magnússon, framkvæmdastjóri Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri og fyrrum bæjarstjóri í Neskaupstað, hefur tilkynnt að hann hyggist bjóða sig fram í lokuðu prófkjöri Samfylkingarinnar á Akureyri vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári.

Ásgeir, sem ekki var á lista Samfylkingarinnar í kosningunum fyrir þremur árum, segist ekki vera búinn að taka stefnuna á eitt ákveðið sæti en ætli að fara í prófkjörið með það fyrir augum að hafa áhrif á störf og stefnumál Samfylkingarinnar á Akureyri.

- kk

SUS ályktar um RÚV:

## Hverfi af auglýsingamarkaði

**STJÓRNMÁL** Samband ungra sjálfstæðismanna hvetur nýráðinn útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins til að taka stofnunina af auglýsingamarkaði.

Sambandið segir að þannig skapist svigrúm fyrir einkarekna ljósvakamiðla. Nýr útvarpsstjóri ætti að reyna skera niður í rekstri Ríkisútvarpsins til dæmis með því að láta stofnunina ekki sinna verkefnum sem einkaðilar sinni nú þegar.

- hb

# Bretar íhuga leynilega hryðjuverkadómstóla

**Stefnt er að því í Bretlandi að stofna sérstaka leynilega dómstóla þar sem dómari úrskurði um gæsluvarðhald grunaðra hryðjuverkamanna. Breskir lögreglumenn yfirheyra nú manninn sem haldið er í Róm í tengslum við árásina í Lundúnum 21. júlí.**

**HRYÐJUVERK** Bretar íhuga nú að setja á fót leynilega dómstóla sem taka eigi ákvörðun um hversu lengi megi halda grunuðum hryðjuverkamönnum í varðhaldi án ákæru.

Breska dagblaðið The Guardian hefur eftir heimildarmönnum í innanríkisráðuneytinu að ráðherrar íhugi að taka upp kerfi að franskri fyrirmynd þar sem dómari réttar yfir grunuðum hryðjuverkamönnum og leyft verður að notast við sönnunargögn sem annars eru ekki tekin gild, svo sem upplýsingar úr símahlerunum. Talsmenn innanríkisráðuneytisins vísa þessu á bug á fréttavef BBC.

The Guardian segir einnig að til greina komi að grunuðum hryðjuverkamönnum verði skipaðir réttargæslumenn sem látið verði í té allar þær upplýsingar sem dómarinn hefur undir höndum. Réttargæslumönnunum verði hins vegar óheimilt að veita skjólstæðingi sínum upplýsingarnar eða upplýsa þá um hvaða sönnunargögn leiddu til handtöku þeirra.

Tony Blair forsætisráðherra kynnti á föstudag áform um breytingar á lögum í því skyni að auðvelda baráttuna gegn hryðjuverkum. Hann sagði að í lögunum fælist meðal annars breytingar á réttarkerfinu í þá veru að nýtt dómsstig yrði stofnað. Með því yrði komið til móts við kröfu lögreglu og leyniþjónustunnar um að lengja gæsluvarðhald grunaðra hryðjuverkamanna úr tveimur vikum í allt að þrjá mánuði.

Þá var skýrt frá því að fyrirætlan Blairs um að banna starfsemi tveggja íslamskra samtaka í Bretlandi, Hizb-ut-Tahir og al-Muhajiroun, kalli á sérstaka lagasetningu þar sem hvorug samtökin eru opinberlega skilgreind sem hryðjuverkasamtök. Hugsanlega verður hryðjuverkalögunum frá því 2000 breytt þannig að bannið nái einnig til öfgahópa, þótt ekki sé ljóst hvernig eigi að skilgreina þá.

Í gær yfirheyrðu breskir lögreglumenn Hamdi Issac sem haldið er í Róm vegna meintra tengsla við árásirnar misheppnuðu í Lundúnum 21. júlí. Lögmaður hans heldur staðfastlega fram sakleysi skjólstæðingsins og að sprengjunum hafi ekki verið ætlað að meiða neinn, tilgangurinn hafi verið að ná athygli heimsins.

sda@frettabladid.is

MYND/AP





**DÓMSTÓLLINN VAKTAÐUR** Bretar íhuga breytingar á réttarkerfi sínu svo stofna megi nýtt dómstig fyrir grunaða hryðjuverkamenn. Leynilegir dómstólar ákveði hversu lengi megi halda grunuðum hryðjuverkamönnum í haldi án ákæru.

MYND/AP



**Í VONDUM MÁLUM** Heldur hefur hallað undan fæti hjá Mikhail Khodorkovsky undanfarin misseri.

Mikhail Khodorkovskí:

## Erfið vist auðkýfings

**MOSKVU, AP** Mikhail Khodorkovskí, fyrrverandi eiganda Yukos-olíufélagsins, hefur nú verið komið fyrir í fangaklefa með ellefu öðrum föngum án nokkurra þæginda, svo sem aðgangi að fréttum.

Síðan Khodorkovskí var dæmdur í níu ára fangelsi fyrr í sumar hefur hann deilt klefa með tveimur öðrum föngum, sjónvarpi, ísskáp og dagblöðum. Eftir að hann skrifaði grein í dagblað í síðustu viku þar sem hann gagnrýndi Pútín Rússlandsforseta var hann hins vegar færður. Yfirmaður fangelsins segir að einungis sé verið að lagfæra klefa auðkýfingsins í stutta stund. ■

**ÍRAN**

**ÁTJÁN FARAST Í FLÓÐI** Á í norðurhluta Írans flæddi yfir bakka sína snemma í gærmorgun og drukknuðu átján manns í flóðinu. Tólf er saknað. Miklar rigningar hafa verið á þessum slóðum að undanförnu og fórust 27 manns í síðustu viku í svipuðu flóði. Þorpið Kalaleh, 500 kílómetra norðaustur af Teheran, er mikið skemmt eftir flóðin.






Í KVÖLD
Á SIRKUS
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS





## GERÐU ÞÉR MAT ÚR KÍNAKÁLI

### KÍNAKÁLSBÖGGLAR MEÐ LAXI

ytri blöðin af stóru íslensku kínakáli
100 g íslenskir sveppir
6-800 g laxaflak, helst fremur þykkt
nýmalaður pipar
salt
4 msk sojasósa
2 tsk rifinn engifer
2 tsk hunang
e.t.v. ferskt kóríanderlauf

Blöðin losuð af kálinu. Ef neðsti hlutinn er mjög þykkur og stinnur gæti þurft að forsjóða blöðin í saltvatni í um 1 mínútu, en yfirleitt er þess ekki þörf. Sveppirnir skornir í þunnar sneiðar. Laxinn skorinn í um 2 cm þykkar sneiðar þvert yfir og kryddaður með pipar og salti. Sojasósu, engifer og hunangi hrært saman í skál. Nokkrum sveppasneiðum raðað á stilkendann á hverju kínakálsblaði, laxasneið lögð ofan á, svolítilli sósu dreypt yfir og blaðinu síðan vafið utan um fiskinn. E.t.v. fest með því að stinga tannstöngli í gegn en þó ætti þess ekki að vera þörf. Bögglunum raðað í gufusuðugrind og samskeytin látin snúa niður. Sett yfir pott með sjóðandi vatni og gufusoðið í 6–8 mínútur. Borið fram með afganginum af sósunni og kóríander e.t.v. stráð yfir.

íslenskt kínakál

Fíton/SÍA FI012675

**www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur**


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PRINSESSUR** Aiko prinsessa í Japan tók gleði sína á ný eftir að móðir hennar, Masako krónprinsessa, huggaði hana á járnbrautarstöðinni í Nasushiobara, nærri Tókýó, í gær. Mæðgurnar voru á leið til fjalla í sumarleyfi.

Ekkert lát er á átökum skæruliða maóista og nepalskra stjórnarhermanna:

# Óttast um afdrif sextíu hermanna

**KATMANDÚ, AP** Nepölsk stjórnvöld hafa vaxandi áhyggjur af afdrifum sextíu hermanna sem ekkert hefur spurst til í nokkurn tíma. Lík fjörutíu félaga þeirra fundust í vikunni en þeir féllu í átökum við uppreisnarmenn maóista.

Allt benti til að hermönnunum fjörutíu hefði verið stillt upp í röð og þeir teknir af lífi. Útlimirnir höfðu verið skornir af sumum þeirra. Allar líkur eru á að uppreisnarmenn hafi staðið fyrir ódæðunum. Ian Martin, einn talsmanna Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum, skoraði á uppreisnarmenn í gær að meðhöndla fanga sína í samræmi við alþjóðalög. 26 uppreisnarmenn hafa fallið undanfarna daga.

Átök hafa haldið áfram í fjallahéruðum í vesturhluta landsins en þau hafa verið sterkustu vígi uppreisnarmannanna. Í gær kvaðst herinn hafa náð þar undirtökunum en viðurkenndi um leið að sextíu hermanna væri saknað.

Afar róstusamt hefur verið í Nepal síðustu árin og hafa yfir 11.000 manns fallið í átökum stjórnarhersins og maóískra uppreisnarmanna sem vilja steypa Gyanendra konungi af stóli. Hann tók sér alræðisvald í febrúar, lét handtaka fjölda stjórnarandstæðinga og afnam ýmis borgaraleg réttindi. Þær ráðstafanir urðu síst til að koma á friði. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**MÓTMÆLI Í NEPAL** Fylgismenn fyrrum forsætisráðherra efndu til mótmæla gegn Gyanendra konungi.

Hættuleg blys víða:

## Varað við merkjablysum

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan hefur fengið tilkynningar um merkjablys víða á Snæfellsnesi og Reykjanesi. Blysin eru mikið notuð af herjum og björgunaraðilum til sjós og innihalda fosfór, sem brennur hratt og gefur frá sér eitraðan reyk. Bruni getur hafist með sjálfsíkveikju, jafnvel þótt um notað blys sé að ræða.



**HÆTTULEGT BLYS** Fólk er varað við því að snerta blys.

Finnist blys á víðavangi er réttast að merkja staðinn og tilkynna lögreglu eða landhelgisgæslunni. Ekki skal að snerta blysin heldur reyna að lesa merkingar á því.

- grs



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VONIR DVÍNA** Björgunarsveitarmaður hvílir sig fyrir utan Daxing-kolanámuna. 122 verkamenn eru fastir 480 metra ofan í námunni.

Námaverkamenn fastir í kolanámugöngum:

## Tíminn er að renna út

**PEKING, AP** Björgunarsveitir náðu í gær upp líki eins námuverkamannsins sem festist í kolanámugöngum í sunnanverðu Kína. 122 manns eru ennþá ofan í 480 metra djúpum göngunum sem lokuðust á sunnudaginn eftir að vatn flæddi inn í þau.

„Líkurnar á að mönnunum verði bjargað á lífi eru nú mjög orðnar mjög litlar þar sem þeir hafa verið ofan í göngunum í 55 klukkustundir,“ sagði You Ningfeng, varahéraðsstjóri Guangdong-héraðs, í samtali við Xinhua-fréttastofuna.

Náman hafði ekki tilskilin leyfi til rekstarins og því hafa níu yfirmenn hennar verið handteknir, svo og tveir embættismenn. ■

Erfiðlega gæti gengið að mynda norska vinstristjórn:

## Utanríkismálin eru ásteytingarsteinn

**NOREGUR** Ágreiningur um utanríkismál gæti orðið til þess að vinstriflokkarnir í Noregi næðu ekki að mynda ríkisstjórn að loknum þingkosningunum í haust enda þótt þeir næðu meirihluta.

Þegar rúmur mánuður er í norsku þingkosningar eru leikar að vonum teknir að æsast. Þingmenn Íhaldsflokksins sækja nú hart að Jens Stoltenberg, leiðtoga Verkamannaflokksins, og saka hann um að gefa ekki skýr svör um afstöðu sína til utanríkismála. Verkamannaflokkurinn er stærsti flokkur landsins og gæti myndað vinstristjórn með Sósíalistaflokknum og Miðflokknum fái þeir til þess umboð. Þeir eru hins vegar nú í stjórnarandstöðu.

Í viðtali við Aftenposten í gær gagnrýni Inge Lønning, þingmaður Íhaldsflokksins, Stoltenberg harkalega fyrir þögn sína um utanríkisstefnu hugsanlegrar vinstristjórnar. Hún benti á að flokkarnir sem myndu eiga aðild að stjórninni væru í grundvallaratriðum ósammála um utanríkismál: Sósíalistar og miðflokksmenn eru andvígir aðild að Evrópusambandinu og leggjast gegn þátttöku í friðargæslu í Afganistan Sósíalistar vilja auk þess að Noregur dragi sig úr NATO. Verkamannaflokkurinn er hins vegar á öndverðum meiði í öllum þessum málum.

-shg


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**JENS STOLTENBERG** Stoltenberg hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir þögn sína um utanríkismál í aðdraganda kosninganna.

Sjónvarpsstöðin Enski boltinn fer í loftið í vikunni:

## 340 leikir í beinni útsendingu

**FJÖLMIÐLAR** Enski boltinn ætlar að sýna að minnsta kosti 340 leiki beint á keppnistímabilinu og geta áhorfendur valið á milli allt að fimm leikja samtímis um helgar. Stöðin fer í loftið föstudaginn 12. ágúst en keppnistímabilið hefst nú um helgina. Eingöngu verða sýndir enskir leikir eða þættir sem fjalla um þá. Dagskráin hefst klukkan 13.00 á virkum dögum með endursýningum en fyrr um helgar. Fjórir innlendir og tveir enskir þættir verða á dagskrá stöðvarinnar.

Einn leikur um hverja helgi verður aðalleikur dagsins og verður honum lýst á íslensku, en hinir leikirnir verða á aukarásum og verður lýst á ensku.

Magnús Ragnarsson sagði vonir manna standa til þess að allir áskrifendur að enska boltanum gegnum ADSL yrðu komnir með tengingu í þessari viku.

Þá verður opnaður nýr vefur um enska boltann í vikunni sem Mbl.is hýsir.

- grs



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**MAGNÚS RAGNARSSON OG SNORRI MÁR SKÚLASON** Forsvarsmenn Enska boltans segjast vona að allir áskrifendur í gegnum ADSL verði komnir með tengingu í vikunni.





RISAÚTSALA Á REIÐHJÓLUM!

20-45% afsláttur af öllum reiðhjólum.

Útileiktæki með 30% afslætti.

Mikið úrval reiðhjóla fyrir alla aldurshópa: þríhjól, barnahjól, herra og dömuhjól.

MARKIÐ

www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

hausverk / SÍA



11.- 21. ágúst

# Skóladagar

í Smáralind




ENNEMM / SIA / NM17479

## FRÁBÆR TILBOÐ FYRIR ALLT SKÓLAFÓLK

**Crumpler fartölvutöskur – mikið úrval!**

Crippy duck
**7.950 kr.**



McBains
**4.950 kr.**



School Hymn - fyrir Apple fartölvur
**4.590 kr.**



HANS PETERSEN

**EPSON® Stylus C86**

Frábær prentari
fyrir skólafólk.



Tilboð á Skóladögum
**11.900 kr.**

4 mismunandi blekhylki.
Epson DURABrite blek
tryggir endingu og gæði.
Einfaldur í notkun.

HANS PETERSEN

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000

Birt með fyrirvara um prentvillur.




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000



2.799 kr.
verð áður 3.499 kr.

20% afsláttur af öllum barnaúlpum í ágúst!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Barnaúlpa, m/trefli
2.799 kr.
verð áður 3.499 kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Barnaúlpa,
hægt að renna ermum af
3.199 kr.
verð áður 3.999 kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Trélitir
9 kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Stílabók A4, 80 bls.
9 kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Bakpoki m. brúsa
599 kr.
verð áður 799 kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




BATMAN ritföng

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



GALDRASTELPU ritföng

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



PRINCESS ritföng

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Skóladagar

11.- 21. ágúst

í Smáralind




Myndasögusyrpa
2 fyrir 1
á Skóladögum




Penninn
Eymundsson
BÓKSALI FRÁ 1872

## Andrés Önd – frítt!

Allir sem versla fyrir 2.000 krónur eða meira á Skóladögum fá Andrés Önd blað í kaupbæti!




Penninn
Eymundsson
BÓKSALI FRÁ 1872

FRÁBÆR TILBOÐ FYRIR ALLT SKÓLAFÓLK

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000

rt með fyrirvara um prentvillur.

## „ORÐRÉTT“

*„Við gætum þurft að taka ákvarðanir sem fara gegn okkar utanríkisstefnu og þetta getur orðið mjög kostnaðarsamt.“*

**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR**, FORMAÐUR UTANRÍKISNEFNDAR ALÞINGIS, Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Mér þykir ákaflega hörmulegt og biðst afsökunar á því að hafa talað óskýrt um þetta mál og að mín ummæli hafi gefið ástæðu til misskilnings.“*

**BENEDIKT SIGURÐARSON**, FORMAÐUR KEA, Í DV.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍNBJÖRT JÓNSDÓTTIR Í GALLERÍ FOLD

## *Lífleg listaverkasala*

„Sumarið hefur verið gott,“ segir Elínbjört Jónsdóttir, listaverkahöndlari í Gallerí Fold. Seljendur listaverka merkja vel hvernig efnahagsástandið er í samfélaginu og af orðum Elínbjartar að dæma er nú uppsveifla. „Listaverkasalan hefur verið mjög lífleg þetta árið og það seljast bæði ný og gömul verk.“

Vaxtalaus lán KB banka til listaverkakaupa hafa haft sitt að segja og margir nýtt sér þau. „Lánin hafa skilað sér vel og fólk er mjög ánægt með þau,“ segir Elínbjört.

Hún og Tryggvi Friðriksson, eiginmaður hennar og samstarfsmaður í Fold, selja ekki bara listaverk heldur safna þeim líka og segir Elínbjört að á heimili þeirra sé mynd við mynd. „Svo er hátt til lofts hjá okkur þannig að það kemst talsvert fyrir á veggjunum.“

Hún man ekki í fljótu bragði hvaða mynd kom síðast inn á heimilið en man glögglega eftir fyrsta verkinu sem hún festi kaup á. „Ég fór á sýningu hjá Braga Ásgeirssyni á vinnustofu hans við Austurbrún árið 1967 og keypti hjá honum mynd fyrir fyrstu launin sem ég fékk eftir að ég útskrifaðist úr Mynd- og handíðaskólanum,“ segir Elínbjört og bætir við að myndin sé enn uppi á vegg og sér þyki afar vænt um hana.



## SJÓNARHÓLL

### ÍSLAND OG ÖRYGGISRÁÐIÐ



**MARGEIR MARGEIRSSON**
Starfsmaður Samherja á Stöðvarfirði.

## *Of dýrt*

„Ég er algjörlega ósammála því að við bjóðum okkur fram í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna,“ svarar Margeir Margeirsson, starfsmaður Samherja á Stöðvarfirði, spurður hvort Ísland eigi að bjóða sig fram til setu í ráðinu. „Ég held að þetta sé alltof dýrt fyrir okkar litlu þjóð,“ segir hann en hermt er að framboðskostnaður slagi upp í milljarð króna.

Margeir treystir sér ekki til að dæma um hvort Íslendingar hafi eitthvað fram að færa í Öryggisráðinu ef til þess kæmi en telur litlar líkur á að á það þurfi að reyna því hann telur að vangaveltur um framboð verði lagðar til hliðar og hætt verði við allt saman.

Margeir verður ekki var við mikla umræðu um hugsanlegt framboð í Öryggisráðið manna á meðal og segir almennt lítið fjallað um öryggismál. „Það er helst í kjölfar hryðjuverka sem menn tala eitthvað um svoleiðis mál en annars er eitthvað annað til umræðu.“

## LEIÐRÉTTING

### 88,5

Tíðni útvarpsstöðvarinnar XA radíó, sem fjallað var um í blaðinu í gær, er 88,5 á fm skalanum.



# Árni hæstur – Ingibjörg lægst

**Upplýsingar um hæð síðustu borgarstjóra eru varðveittar í Fjölskyldugarðinum í Laugardal. Árni Sigfússon er borgarstjóra hæstur en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lægst. Samkvæmt því er hæð ekki ávísun á langlífi í borgarstjóraembætti.**

Árni Sigfússon er hæsti borgarstjóri Reykjavíkur síðan mælingar hófust árið 1993. Árni er tíu sentimetrum yfir meðalhæð íslenskra karlmanna og er sléttir 190 sentimetrar á hæð.

Markús Örn Antonsson opnaði Fjölskyldugarðinn í Laugardal með formlegum hætti sumarið 1993. Við það tækifæri var hæð hans mæld og fest á staur einn ógurlegan við bátahöfnina í garðinum. Reyndist Markús Örn 187 sentimetrar. Þó það sé bærileg hæð og vel yfir meðalhæð virkaði Markús Örn lágvaxinn í samanburði við mennina sem þegar voru á staurnum því þar voru fyrir hæðir Jóhanns Svarfdælings, sem var 234 sentimetrar, og Péturs Guðmundssonar körfuboltamanns, sem er 218 sentimetrar.

Árni tók við af Markúsi og við það nálgaðist borgarstjórinn í Reykjavík risana tvo um þrjá sentimetra. Heldur lá leiðin niður á við þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varð borgarstjóri en hún er 164 sentimetrar og þeirra borgarstjóra lægst sem mælingin nær til.

Þórólfur Árnason er lágvaxnastur þeirra þriggja karla sem verið hafa borgarstjórar síðan Fjölskyldugarðurinn var opnaður. Hann er 176 sentimetrar, ellefu sentimetrum lægri en Markús Örn og fjórtán sentimetrum lægri en Árni.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir er hins vegar hæst þeirra kvenna sem gegnt hafa borgarstjóraembættinu síðustu ár, hún er 165 sentrimetrar, einum sentimetra hærri en Ingibjörg Sólrún. Þess má geta að meðalhæð íslenskra kvenna er 167 sentimetrar.

**bjorn@frettabladid.is**


190 cm


187 cm


176 cm


165 cm


164 cm


RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.970.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 20.500 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með bílinn handa þér

6,9 ltr/100km



Renault Megane Sport Tourer II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 ltr/100km.
Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

MEST SELDI BÍLL EVRÓPU
Aukahlutir á mynd: álfelgur


Tilboðin gilda til sunnudags 14. ágúst eða á meðan birgðir endast
EKKERT BRUÐL
Þjóðlegt og gott í Bónus
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT BJÚGU
299 kg KR.
Sveitabjúgu
KOFAREYKT
REYKT RÚLLUPYLSA
289 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 479KR.
40% afsláttur við kassann
REYKT FRÁ KF
Rúllupylsa
KJARNAFÆÐI
HANGIBITAR
699 kg KR.
KOFAREYKTIR FRAMPARTSBITAR
Hangikjötið
ERAN Landlist
Bómullarskífur
100 STYKKI
69
100 SKÍFUR KR.
79
250 ml KR.
98
KÍLÓBRAUÐ KR.
Kornbrauð
BÓNUS
KÍLÓ brauð
Nýtt kortatímabil!
69
200 PINNAR KR.
Eyrnapinnar
200 STYKKI
FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
979 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1398KR.
30% afsláttur við kassann
Ferskar ALI svínakótelettur
59
500 ml KR.
EKKERT BRUÐL
Uppþvottalögur
HÁLFUR LÍTRI
30% afsláttur við kassann
PORK ROAST
979 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1398KR.
Ali PORK ROAST svínasteik
2 LÍTRAR
79 KR.
Þvottaefni
399
5 kíló þvottaefni KR.
5 kíló
10 ruslapokar
Bamboo
99
10 pokar KR.
EKKERT BRUÐL
199
STÓR KASSI KR.
99
MINNI KASSI KR.
-fínir í flutningana og geymsluna...
Hreint kolsýrt vatn
eða með sítrónubragði

## SVONA ERUM VIÐ

**HVERSU MARGIR LEITA TIL NEYTENDASAMTAKANNA?**




Heimild: Ársskýrsla kvörtunar- og leiðbeiningaþjónustu Neytendasamtakanna.

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HAFRANNSÓKNARSTOFNUN

# *Danir hófu hafrannsóknirnar*

Ósjaldan stendur styr um Hafrannsóknarstofnun enda er viðfangsefni hennar auðlindin, sem lengi hefur verið burðarstoð íslensks efnahagslífs. Álit sem stofnunin gefur eru því oftar en ekki umdeild.
Í sumar var stofnunin mikið í umræðunni vegna hrefnuveiðanna en vísindamenn frá henni hafa umsjón með umdeildum hvalarannsóknum.

**Hvenær hófust hafrannsóknir hér við land?**
Á síðari hluta nítjándu aldar stunduðu Danir sjórannsóknir hér við land. Bjarni Sæmundsson hóf hins vegar kerfisbundnar haf- og fiskirannsóknir í upphafi síðustu aldar.
Árni Friðriksson var mikill byltingarmaður í haf- og fiskirannsóknum hér við land en hann veitti Fiskifélagi Íslands forstöðu og síðar einnig Fiskideild Atvinnudeildar Háskólans en þáttaskil urðu í rannsóknunum hér við land þegar stofnuninni var komið á kopp árið 1937.
Hafrannsóknarstofnun var síðan stofnuð árið 1965.
Á áttunda áratugnum hófust kerfisbundnar rannsóknir á áhrifum möskvastærðar á aflasamsetningu og rannsóknir á áhrifum veiðafæra á jarðfræði hafbotnsins.

**Hvert er hlutverk Hafrannsókarstofnunnar?**
Hlutverk hennar er að afla þekkingar um hafið og lífríki þess sérstaklega til að meta hvernig skynsamlegast og hagkvæmast er að nýta auðlindir hafsins. Einnig að afla vísindalegrar þekkingar til þess að geta síðan veitt ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum.



**Hvert er umfang stofnunarinnar?**
Stofnunin rekur tvö rannsóknarskip, Bjarna Sæmundsson RE 30 og Árna Friðriksson RE 200. Stofnunin er svo með fimm útibú víða um land.

## SPURT & SVARAÐ

**FÆÐINGARORLOF**



**MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR**
Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

## *Ósemjanlegur réttur allra*

**Berast Jafnréttisstofu margar kvartanir vegna brots á lögum um fæðingarorlof?** Jafnréttisstofu er ekki ætlað að framfylgja lögum um fæðingarorlof. Úrskurðarnefnd fjallar um slíkar kvartanir og kærur.
**Er atvinnurekendum heimilt að segja verðandi foreldrum upp störfum?** Nei. Óheimilt er að segja starfsmanni upp á grundvelli þess að hann sé barnshafandi. Það má í rauninni ekki einu sinni spyrja hvort kona sé barnshafandi. Sama á að gilda um karla í þessu tilliti.
**Er hægt að setja ákvæði í ráðningarsamninga um uppsögn eða breytingar á starfskjörum töku fæðingarorlofs?** Ég tel það ekki hægt. Barnsfæðingar og fæðingarorlof eru að mínu mati aðstæður og réttindi sem skilyrðislaust ætti ekki að semja um með þeim hætti.

# Að berja í brestina

**Kostir Reykjavíkurlistans eru aðeins tveir. Borgarfulltrúar listans virðast hlynntir áframhaldandi samstarfi á næsta kjörtímabili. Aðrir flokksmenn og kjósendur eru óþolinmóðir og ekki vissir um að þeir veðji á „ástlaust hjónaband“ í borgarstjórn á næsta kjörtímabili.**



**FRÉTTASKÝRING**
REYKJAVÍKURLISTINN

**JÓHANN HAUKSSON**
BLAÐAMAÐUR



**KOMIÐ TIL FUNDAR** Páll Halldórsson, Jóhanna Eyjólfsdóttir og Andrés Jónsson fulltrúar Samfylkingar mæta til fundar.

Dagar Reykjavíkurlistans á næsta kjörtímabili kunna að vera taldir. Traustið er búið, hafði einn fulltrúi Vinstri-grænna til málanna að leggja í gær.

Þeir sem gerst þekkja starf R-listans innan borgarstjórnar vilja hins vegar lengja líf hans um fjögur ár enn og telja það vel mögulegt. „Ég veit að þetta stóð tæpt, en það er betra að halda viðræðum áfram,“ segir Alfreð Þorsteinsson Framsóknarflokki og borgarfulltrúi R-listans. Hann segir jafnframt, að fram hafi komið nýjar hugmyndir á ögurstundu og því sé meiri von. „Enginn málefnaágreiningur er fyrir hendi og ekki sæmandi fyrir flokka sem kenna sig við félagshyggju að láta þetta stranda á einhverjum smámunum.“

Svo virðist sem Alfreð tali þarna máli meirihluta borgarfulltrúa Reykjavíkurlistans, en ekki er víst að fulltrúar í viðræðunefnd flokkanna líti málið sömu augum, hvað þá aðrir flokksmenn. Eftir fundinn langa í fyrrakvöld vitum við þó betur hvar við stöndum sagði einn þeirra í gær.

### Ögurstundin

Svo mikið er víst að fulltrúar Vinstri-grænna voru reiðubúnir til þess að standa upp frá samningaborðinu þegar dró að miðnætti í fyrrakvöld og lýsa því yfir opinberlega að ekki yrði lengra gengið innan viðræðunefndarinnar. Því væri ekki annað að gera en að leggja málið í hendur Reykjavíkurfélags Vinstri-grænna.

Með þessu útspili er að sjá sem fulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins hafi vaknað upp við vondan draum og áttað sig á því að raunveruleg viðræðuslit væru yfirvofandi. Í það minnsta væri framtíð samstarfsins í uppnámi og nefndarmenn yrðu að skila málinu af sér til flokksfélaga eða fulltrúaráða án niðurstöðu.

Hverjir eru þessir smámunir, sem Alfreð Þorsteinsson talar um að megi ekki verða til þess að R-listinn leggi upp laupana á næsta kjörtímabili? Ef enginn er málefnaágreiningurinn eru smámunir Alfreðs einber valdaátök um fjölda fulltrúa hvers flokks í átta efstu sætin og aðferðir til að velja þá að borgarstjóraefninu meðtöldu. Árni Þór Sigurðsson, Vinstri-grænum og borgarfulltrúi R-listans, lítur svo á að flokkarnir þrír hafi ólíkar hefðir og nálgist mál á mismunandi hátt. Þetta valdi ýfingum en alls ekki sé útilokað að samningar takist um áframhaldandi samstarf R-listaflokkana á næsta kjörtímabili. Hann telur raunar heppilegt að hraða viðræðum enda séu langdregin átök sem vatn á myllu sjálfstæðismanna.

### Breyttir tímar

Saga Reykjavíkurlistans hófst fyrir að verða tólf árum þegar Kvennalistinn, Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Framsóknarflokkurinn mynduðu bandalag sem hafði það sérstaka markmið að ná valdataumunum úr höndum sjálfstæðismanna. Í aðdraganda borgarstjórnarkosninga 1998 og 2002 hefur verið tekist á um val og röðun manna í efstu sæti Reykjavíkurlistans. En aðstæður eru breyttar nú. Fylgi Samfylkingarinnar er líklega nærri tvöfalt meira en Vinstri-grænna í höfuðborginni. Í þingkosningunum 2003 var fylgi Vinstri-grænna innan við þriðjungur af fylgi Samfylkingarinnar á landinu öllu. Sjálfstætt framboð flokkanna á talsverðu fylgi að fagna innan allra R-listaflokkanna, þó síst innan Framsóknarflokksins. Ungliðar í flokkunum þremur hafa jafnvel lýst sig andvíga áframhaldandi R-lista samstarfi. Raddir innan Samfylkingarinnar telja ekkert slæman kost að ganga til kosninga í eigin nafni og hljóta hugsanlega fimm borgarfulltrúa af fimmtán. Við eigum þennan kost og mörgum finnst hann fýsilegur, sagði viðmælandi í trúnaðarstöðu hjá Samfylkingunni í gær og bætti við að Vinstri-grænum hefði ekki gengið allt of vel að ná því fylgi í kosningum sem þeir teldu sig eiga. Raddir um framboð í eigin nafni má einnig heyra úr röðum Vinstri-grænna.

### Viðræður í dag

Á ögurstundu viðræðnanna seint í fyrrakvöld var kastað fram þeirri hugmynd að flokkarnir þrír skyldu hver með sínum hætti velja þrjá fulltrúa í níu manna hóp sem kjósendur fengju sjálfir að raða í prófkjöri samkvæmt nánari skilgreindum reglum. Borgarstjóraefnið yrði sá fulltrúi sem hreppti efsta sætið ellegar valinn sérstaklega. Prófkjörsreglur geta ráðið miklu um úrslit prófkjörs en líklegt verður að telja fyrir fram að þessi aðferð skili Samfylkingunni og Vinstri-grænum hvorum flokki þremur fulltrúum og Framsóknarflokknum tveimur í þau átta efstu sæti sem þarf til að halda meirihluta í 15 manna borgarstjórn. Þessi hugmynd verður rædd sérstaklega á fundi viðræðunefndarinnar í dag.

Hvað sem öðru líður eiga flokksfélög eða fulltrúaráð R-lista flokkanna síðasta orðið. Viðræðunefndin hefur umboð til að semja en getur ekki upp á eigin spýtur slitið samstarfinu. Samningamenn Vinstri-grænna hittu stjórn Reykjavíkurfélagsins í gær og fulltrúaráð Samfylkingarinnar í borginni kemur saman á næstunni.

Ef niðurstaðan verður sú að leggja niður R-lista samstarf á næsta kjörtímabili lendir núverandi borgarstjórnarmeirihluti í þeim sérkennilegu aðstæðum að þurfa að þreyja þorrann fram að borgarstjórnarkosningum í maí á næsta ári. ■



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON** Hann vill halda samstarfi áfram og ljúka viðræðum sem fyrst.



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** „Ekki sæmandi fyrir flokka sem kenna sig við félagshyggju að láta þetta stranda á einhverjum smámunum.“

FIMMTUDAGS-TILBOÐ
SPORTSKÓR
Flottir í skólann...
4.995 kr. - verð áður
2.495 kr. - verð nú
litir: ljóst
stærðir: 28 - 39

TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109
OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16

# Frábært verð á skóm
## fyrir alla fjölskylduna

500 kr



500 kr
verð áður 1.699-

**Gúmmískór blóma**
bleikir, bláir, st. 36-41




500 kr
verð áður 3.999-

**Hælaskór**
svartir, hvítir, st. 37-41



500 kr
verð áður 2.999-

**Gervigrasskór**
Margir litir st. 35-46




500 kr
verð áður 1.999-

**Barna sportskór**
m/ teygjum, bleikir, bláir st. 24-34



500 kr
verð áður 2.999-

**Barna sportskór**
m/ teygjuriflás, svartir, st. 28-40

Ekta leður



500 kr
verð áður 2.999-

**Sportskór**
m/ röndum, rauðir, svartir st. 36-45



500 kr
verð áður 1.699-

**Gúmmískór ballerínu**
bleikir, bláir, st. 35-41

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**TÖLVUR** > HLUTFALL ÍSLENSKRA HEIMILA MEÐ TÖLVU 2005




# neytendur

*hagur heimilanna*

**NOKKUR HUGTÖK SEM GOTT ER AÐ ÞEKKJA VIÐ TÖLVUKAUP:**

## *Fartölvur á mannamáli*

**Vinnsluminni**: Því meira sem minnið er því fleiri forrit getur tölvan keyrt í einu og öll vinnsla verður hraðvirkari.

**Örgjörvi**: Ákvarðar hversu hröð vinnsla er í vélinni. Hraðinn er mældur í gígaherzum (GHz).

**Harða drifið**: Geymsluminni tölvunnar. Því stærra því meira er hægt að geyma af efni.

**Geisladrif**: Sum skrifa gögn, önnur spila DVD-diska en flest nýleg gera hvort tveggja.

**Skjákort**: Grafískur örgjörvi tölvunnar. Reiknar út alla grafíska vinnslu og mikilvægt fyrir leiki og grafísk forrit.

**Firewire**: Hraðvirkari tenging en gerist að jafnaði. Nauðsynlegt til dæmis fyrir myndvinnslu og færslu slíkra gagna.

**Stýrikerfi**: Notendaviðmótið sjálft. Windows-kerfin öll og Linux eru dæmi um stýrikerfi.



**Skjáupplausn**: Sama og með sjónvörp. Hversu skýra mynd getur skjárinn sýnt.

**Þráðlaust net**: Netkort til að tengjast hvar og hvenær sem er – þráðlaust.



## » Hvernig fartölvu vantar þig?

Það er erfitt að fóta sig í þeim frumskógi fartölva sem fæst hér á landi og ekki bætir úr skák að því meira sem skoðað er, því meira eykst óvissan, enda reyna margir sölumenn að selja eins dýrar vélar og hægt er án tillits til raunverulegra þarfa viðskiptavinarins. Fagblöðin PC World og PC Magazine eru nokkuð sammála um hvað sé nægilegt fyrir heimilis- og skólavél.

**A) Örgjörvi** sem er 1,4 GHz gefur ærið afl fyrir öll helstu verkefni sem unnin eru heimavið og í skólum. Best er að örgjörvinn sé af Pentium M-gerð sem eykur afköst og lengir líftíma rafhlöðu til muna.

**B) Vinnsluminnið** má vart vera minna en 512 MB og helst meira.

**C) Liþíumrafhlöður** Þær duga lengur og ekki þarf að skipta þeim út eins oft.

**D) 14 tommu skjár** að lágmarki. Allt minna en það getur reynt um of á augun.

**E) Harða drifið** þarf að vera 40 GB, sem á að duga öllum meðaljónum vel og lengi.

**F) Mörg USB-tengi** Margir framleiðendur bjóða tvö slík eða fleiri á vélum sínum í dag.

**G) Allt innbyggt** Nema þörfin á léttri vél sé mikilvæg er best að hafa öll drif í vélinni en ekki utanáliggjandi.

**H)** Ef ekki er ætlunin að ferðast mikið með vélina er hægt að spara háar fjárhæðir með kaupum á **borðtölvu** í staðinn.

# Hart barist á fartölvumarkaðnum

**Fartölvur seljast aldrei betur en í ágúst þegar styttist í að skólar hefjist að nýju. Seljendur auglýsa grimmt þessa dagana. Að mörgu er þó að hyggja enda mjög misjafnt hvað hentar hverjum og einum.**

**NEYTENDUR** Á sama hátt og lóan er þekkt fyrir að boða vorkomu er fátt sem minnir meira á haustkomu síðustu ár en það úrhelli af fartölvutilboðum sem streymir inn um lúgur heimilanna í landinu. Tilboðin eru jafnan betri á þessum árstíma en öðrum en það getur vafist fyrir mörgum að ákvarða hvaða vél hentar best, hvort sem er fyrir skóla eða heimili.

Hægt er að verða sér úti um fartölvu í dag á verði frá 80 þúsundum og allt að 250 þúsundum króna. Mismunurinn liggur að mestu í afli og þeim aukahlutum sem fylgja vélinni en að mörgu öðru þarf að huga áður en kaup eru ákveðin. Þjónusta söluaðila getur verið misjöfn. Meðan stórfyrirtæki á borð við Opin kerfi, með HP Compaq, og Nýherji, með IBM, bjóða góða alhliða alheimsábyrgð eru meiri líkur á að minni seljendur gefi sér meiri og betri tíma fyrir viðskiptavin sinn bjáti eitthvað á eftir að kaupin eru afstaðin og þeim þá jafnvel að kostnaðarlausu. Dæmi eru um að óvanir fái skyndikennslu í notkun hjá litlum aðilum við kaup meðan aðrir aðilar taka jafnvel sérstaklega fram að engin hugbúnaðaraðstoð sé í boði.

Flestir seljendur bjóða upp á þjónustuver þar sem bót er ráðin á einföldum vandamálum og fyrirspurnum. Aðeins í þjónustuveri BT reyndist símadaman hafa litla vitneskju um ábyrgðir eða endingu rafhlöðu og annað sem spurt var um varðandi fartölvur þeirra. Aðrir aðilar gáfu strax samband við annað hvort sölumann eða tæknideild.

Við kaup er best að gera sér nákvæmlega grein fyrir því í hvað skal nota vélina. Vinna með skólaverkefni? Heimilisbókhald? Leikir? Sé um að ræða heimilis- og skólavél má slá því föstu að flestar ódýrustu vélarnar í boði nægja til slíks. Málið vandast hins vegar ef þessi sama heimilis- og skólavél er enn fremur notuð til leikja. Nýir leikir krefjast mun meira afls en önnur forrit en almennt má gera því skóna að lágmarksvél fyrir leiki dagsins sé með 1,7-2,0 GHz örgjörva og 128 MB skjákort.

albert@frettabladid.is


MYND/GETTY

**FARTÖLVUÆÐI** Sífellt fleiri nota fartölvur sér til hægðarauka og þeim skólum fer fjölgandi sem gera kröfu um að nemendur eigi slík tæki. Mikið úrval er í boði hér á landi og besti tíminn er nú til að fá bestu kjörin.

**Sambærilegar tölvur mun dýrari á Íslandi en í Bretlandi.**

| Tölva | Seljandi | Verð | Til samanburðar í Bretlandi |
|---|---|---|---|
| Toshiba Portégé R200 | Tæknival | 229.700 | 151.600 |
| Dell Latitude 110L | EJS | 84.900 | 60.000 |
| HP Compaq nx6125 | Fartölvur.is | 99.900 | 70.500 |
| Acer Aspire 1691 WLMi | Svar Tækni | 119.900 | 78.500 |
| Dell Latitude D510 | Computer.is | 139.900 | 84.800 |

Tæknileg vandamál og vafaatriði:

# Þegar neyðin er stærst ...

**NEYTENDUR** Fjölmargir sem fest hafa kaup á sinni fyrstu tölvu kannast við að hafa lent í ýmsum tilvikum þar sem hjálp og ráðgjöf er vel þegin hvort sem um er að ræða tæknileg atriði eða vandræði tengd forritum í vélinni sjálfri.

Aðeins eitt fyrirtæki af tólf, sem litið var til, býður fólki sérstaklega tæknimann til reiðu gegnum síma. Það er Nýherji, umboðsaðili IBM hér á landi, en þjónustan getur þó verið æði kostnaðarsöm því um gjaldskylda þjónustu er að ræða. Notandinn greiðir þannig 99 krónur fyrir hverja mínútu í símanum. Það er þó vissulega þess virði ef lífið liggur á. Á flestum öðrum stöðum verður fólk að gera sér að góðu að hafa samband á opnunartímum virka daga en þess ber þó að geta að í mörgum nýrri vélum er hugbúnaður af ýmsu tagi sem gera á nýjum notendum léttara að prófa sig áfram án vandkvæða. Þannig eru til að mynda nokkrar vélar á markaðnum sem endurræsa sig sjálfkrafa komi eitthvað alvarlegt fyrir í vinnslu.

- aöe

| FYRIRTÆKI: | TEGUND: | AÐSTOÐ OG TÆKNIÞJÓNUSTA: | ÁBYRGÐARTÍMI: |
|---|---|---|---|
| Nýherji | IBM Thinkpad | Þjónustuver virka daga / gjaldskylt númer | 2-3 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| EJS | Dell | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2-3 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| BT | Ýmsar tegundir | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| Elko | Ýmsar tegundir | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| Tölvulistinn | Ýmsar tegundir | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 6 – 12 mán. á rafhlöðu |
| Computer.is | Acer/Quanta | Þjónustuver opið virka daga 9-18 | 3 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| Fartolvur.is | HP Compaq | Þjónustuver opið virka daga 9-17 | 2-3 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| Tæknival | Toshiba/Fujitsu Siemens | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |
| Svar tækni | Acer | Þjónustuver opið á verslunartíma | 3 ár á vél / 6 mán. á rafhlöðu |
| Hugver | Mitac | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 2 ár á rafhlöðu |
| Boðeind | Asus | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 2 ár á rafhlöðu |
| Laptop.is | Ýmsar tegundir | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 2 ár á rafhlöðu |
| Apperl | Apple Powerbook | Þjónustuver opið á verslunartíma | 2 ár á vél / 1 ár á rafhlöðu |




kraftmikil kjötsúpa
íslenskt og gott
719 kr.kg.
Grísahnakki BBQ/Dijon
BAUTABÚRIÐ
499 kr.kg.
Bautabúrs grísahakk
GOÐI
-alltaf góður
Bomba!
399 kr.kg.
Súpukjöt
Matfugl
Bomba!
Bomba!
314 kr.pk.
Forsteikt og fljótlegt Gordon Bleu
299 kr.kg.
Matfugl ferskur heill kjúklingur
599 kr.kg.
Ísfugl kalkúnastrimlar
199 kr.kg.
Ísfugl Tex Mex vængir
Bomba!
Bomba!
50% afsl.
Nektarínur 1 kg.
50% afsl.
Ferskjur 1 kg.
50% afsl.
Plómur 1 kg.
Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 11. til 14. ágúst (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Erlendir ferðamenn streyma til landsins að njóta óspilltrar náttúru.

## Innrásin í Ísland

Undanfarnar vikur hafa menn innan fjármálageirans haft orð á því að mikið vanti upp á að erlendir fjárfestar hafi viðlíka áhuga á Íslandi og íslenskir kollegar þeirra á tækifærum utan landsteinana. Þótt peningamennirnir láti ekki á sér kræla hafa ýmsir aðrir úti í heimi áhuga á landinu og erlent fjármagn streymir hingað inn með ferðamönnum sem láta sterka stöðu krónunnar hafa furðu lítil áhrif á sig. Þó var matur og drykkur nógu fáránlega dýr í augum gesta okkar áður en krónan fór að hnykla vöðvana.

*Allt bendir því til þess að tala útlendinga sem hingað koma verði annað árið í röð vel hærri en íbúafjöldi landsins. Ekki er víst að allir átti sig á hversu glæsilegur árangur þetta er hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum.*

Í fyrra var slegið eftirminnilega met í fjölda erlendra gesta til Íslands en þá voru þeir 363 þúsund talsins sem er hvorki meira né minna en 42 þúsundum fleiri en á fyrra metári. Fyrstu fimm mánuði þessa árs komu hingað örlítið færri en á sama tíma 2004 en allt bendir til þess að straumurinn hafi þyngst aftur undanfarna mánuði. Farþegum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði í júlí miðað við sama tíma í fyrra, gistinóttum útlendinga á hótelum hefur heldur fjölgað í sumar, uppgrip eru hjá bílaleigum og aldrei hafa fleiri skemmtiferðaskip haft viðkomu á Íslandi og í ár.

Allt bendir því til þess að tala útlendinga sem hingað koma verði annað árið í röð vel hærri en íbúafjöldi landsins. Ekki er víst að allir átti sig á hversu glæsilegur árangur þetta er hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Í því sambandi er nærtækast að taka til samanburðar að ekkert Norðurlandanna dregur að sér viðlíkan fjölda miðað við íbúa. Þar er gestafjöldinn yfirleitt í kringum helmingur af íbúum landanna.

Þetta er ekkert smámál fyrir þjóðarbúið því fyrir utan fiskinn eru erlendu ferðamennirnir mikilvægasta tekjulind þjóðarinnar.

Ferðamennskan vigtar sem sagt þyngra en stóriðjan samanlögð. Sá samanburður er fyllilega réttmætur því í deilunum í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar var því sjónarmiði haldið á lofti að svo umfangmikil vatnsaflsvirkjun með tilheyrandi gríðarstóru uppistöðulóni og umhverfisspjöllum, gæti sett íslenskan ferðaiðnað í stórhættu. Sú hefur þó ekki orðið raunin. Ekki enn. Áhyggjurnar eru engu síður fullgildar því kannanir Ferðamálaráðs Íslands hafa ítrekað sýnt fram á að yfir 80 prósent útlendinga koma hingað til þess að njóta stórbrotins landslags og óspilltrar náttúru. Ef gengið er meira á hana getur staðan verið fljót að breytast og þá eru miklir hagsmunir í húfi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fræga og skylda fólkið

Sterk gagnrýni hefur komið á að fræga og skylda fólkið hafi fengið úthlutað lóðum á gjafverði í Kópavogi en bæjarstjórinn Gunnar I. Birgisson hefur blásið á gagnrýnisraddirnar. Andsvör minnihlutans við gagnrýninni hafa ekki síður vakið athygli í bæjarmálapólitíkinni í Kópavogi en sitt sýnist hverjum um afstöðu bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar, þeirra Flosa Eiríkssonar og Hafsteins Karlssonar. Flosi hefur lítið sem ekkert viljað tjá sig enda fengu tengdaforeldrar hans úthlutað lóð á þægilegum stað.



### Þingsæti í boði



Búast má við að haldið verði prófkjör meðal þrjú til fjögur hundruð manna flokkskjarna Samfylkingarinnar í Kópavogi í vetur og er nú um það rætt að efsti maður muni eiga sterka möguleika á þingsæti í Suðvesturkjördæmi. Tveir til þrír þingmenn flokksins í kjördæminu munu jafnvel hverfa til annarra starfa og því er búist við að allt verði galopið í þeim efnum. Þegar er ljóst að bæði Gunnar Svavarsson og Lúðvík Geirsson í Hafnarfirði hafa áhuga en staða Hafsteins Karlssonar í Kópavogi þykir nú sterk innan Samfylkingarinnar enda hefur hann hreinan skjöld í lóðamálinu mikla.

### Skattatogstreita

Skiptar skoðanir virðast meðal stjórnarliða um fyrirhugaðar skattalækkanir, en hagsmunasamtök atvinnulífsins og launþega hafa gagnrýnt tekjuskattslækkun umfram áætlanir verulega. Tekjuskattsprósentan hefur lækkað stig frá stigi undanfarin ár en samkvæmt lögum lækkar hún um eitt prósentustig um áramót og tvö um næstu þar á eftir. Áhugi er nú meðal sterkustu stjórnarliðanna um frekari lækkun tekjuskatts en vegna dræmra undirtekta úr atvinnulífi og annars staðar er við því búist að frekar verði lögð áhersla á að lækka neðra þrep virðisaukaskatts.

gm@frettabladid.is

## Menn og dýr

Í DAG
LANDBÚNAÐUR OG HROSSARÆKT

ÞORVALDUR GYLFASON



*Hér heima tíðkast á hinn bóginn enn sem fyrr nær óheft lausaganga búfjár og hrossa og ber höfuðsök á uppblæstri landsins. Þetta er langalvarlegasti umhverfisvandi Íslands, og hann er auðleystur.*

Nýlega barst mér í pósti kærkominn glaðningur frá Bændasamtökunum: *Hagtölur landbúnaðarins 2005*, handhægur bæklingur og uppfullur af vel fram settum fróðleik um lífið í sveitinni. Þar kennir margra grasa. Sumt kemur á óvart, annað ekki. Þarna kemur fram, að hlutdeild landbúnaðar í landsframleiðslunni hélt áfram að minnka í fyrra og var þá 1,5%, enda þótt nærri 4% mannaflans vinni enn við landbúnað. Fjöldi býla er nú innan við 3.300, og meðalaldur bænda er 53 ár. Kúabú hýsa að jafnaði 25-35 kýr, fjárbú hýsa jafnaðarlega 300-500 kindur á fóðrum yfir veturinn. Á Íslandi eru þrettán býli á hverja þúsund íbúa á móti tólf í Danmörku, tíu í Svíþjóð, sex í Þýzkalandi og fjórum á Bretlandi (tölurnar eru frá 2001). Sauðfjárstofninn er 463 þúsund, en var 828 þúsund 1980. Það er framför. Hrossastofninn hér heima telur rösklega 71 þúsund.

Ég segi hér heima, því að það er nú orðið miklu meira um íslenzka hesta í útlöndum en innan lands. Í Þýzkalandi eru 60 þúsund íslenzk hross, átján þúsund í Danmörku, rösklega fjórtán þúsund í Svíþjóð og þannig áfram. Hrossastofninn í heild nálgast 200 þúsund, svo að einungis um þriðjungur stofnsins heldur sig á heimaslóðum. Af þessu má ráða gróskuna í hrossaútflutningi undangengin ár. Erlendis er íslenzki hesturinn hafður inni í girðingum og vinnur því engin umhverfisspjöll á óvörðu landi. Hér heima tíðkast á hinn bóginn enn sem fyrr nær óheft lausaganga búfjár og hrossa og ber höfuðsök á uppblæstri landsins. Þetta er langalvarlegasti umhverfisvandi Íslands, og hann er auðleystur.

Áfram með smjörið. Í *Hagtölunum* er búverndarkostnaðinum haldið til haga, og ekkert er dregið undan. Það er eins og það á að vera. Þarna er því lýst, að búverndarkostnaðurinn – þ.e. kostnaðurinn, sem búverndarstefnan leggur á skattgreiðendur í gegnum fjárlög ríkisins og á neytendur í gegnum hátt matvöruverð ñ er tvöfalt meiri hér heima en í Evrópusambandinu miðað við framleiðsluverðmæti landbúnaðarins, fjórum sinnum meiri en í Bandaríkjunum og 35 sinnum meiri en á Nýja-Sjálandi. Það er því af, sem áður var, að við, sem reyndum að upplýsa fólkið í landinu um búverndarbyrðina, vorum sakaðir um ósannindi og óvild í garð bænda. Fyrir nokkrum árum teygði eftirfarandi fyrirsögn sig yfir þvera forsíðu *Búnaðarblaðsins Freys* í stríðsletri: „Lýgur Þorvaldur?“ Nú senda þeir mér *Hagtölur landbúnaðarins* með kærri kveðju. Svona á lífið að vera.

Íslenzkir hestar virðast einnig hafa tekið miklum framförum undangengin ár, ekki aðeins gæðingarnir, sem flestir sjá á hestamótum, heldur hrossastofninn eins og hann leggur sig. Hestarnir eru fallegri en áður, miklu fallegri. Þetta stafar af kerfisbundnum kynbótum. Maðurinn hefur tekið sér alræðisvald yfir hestinum. Slíkt alræðisvald vekur spurningar um aðgát í nærveru náttúrunnar. Eitt er víst: mönnum leyfist ekki að taka sér slíkt vald hver yfir öðrum. Samt sjást þess engin merki, að kynbætur og hrossarækt hafi spillt erfðasafni íslenzka hestsins, enda segir í Búnaðarlögum frá 1998: „Búfjárræktin skal taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.“ Eigi að síður eiga menn mistök á hættu, ef þeir taka sér óskorað vald yfir öðrum tegundum. Fyrir nokkrum áratugum var önnur hver kýr í sveitum landsins hyrnd, ef ég man rétt; nú eru þær næstum allar kollóttar. Hyrndum kúm hefur sem sagt verið útrýmt eða því sem næst. Hrossaræktarráðunautarnir fara eins að. Nú rækta menn t.d. hesta með beina fætur, og þá þykjast sumir taka eftir því, að beinfættir hestar skeiða ekki eins vel og hestar með skakka fætur, svo að skeið kann þá að víkja fyrir öðrum gangi, einkum brokki. Skjóttir hestar eru næstum horfnir, en þeir eru víst aftur að komast í tízku. Hér má ekki mikið út af bregða.

Eftir stendur íslenzkur hestur, sem er fallegri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr og selst eins og heitar lummur um alla Evrópu og Ameríku. Fegurð hans og tign má m.a. ráða af því, að menn eru að mestu hættir að halda kappreiðar hér heima eins og tíðkaðist á fyrri tíð; nei, við horfum heldur á hestana leika listir sínar án þess að láta þá þreyta kapphlaup með gamla laginu. Það dugir. Körfuboltaliðið Harlem Globetrotters fer með líku lagi um heiminn og leikur listir sínar með boltann. Þeir spila allir á sömu körfu eða við gerviandstæðing – og fólk kaupir sig inn til að horfa á þá. Þeir tapa aldrei. ■

París
17. ágúst
Frá kr. 44.990

Kr. 44.990 –
17. ágúst í 4 daga
(3 nætur)
Flug, skattar og gisting á Modial Hotel Européen ** með morgunverði (vel staðsett hótel í 9. hverfi) í 3 nætur. Netverð á mann.

Helgarferð
Terra Nova býður frábært tækifæri á helgarferð til þessarar einstöku borg á frábærum kjörum. Eiffelturninn, Sigurboginn,Latínuhverfið, Montmartre, Signa, Champs Elysées, Concordetorgið. París er endalaus uppspretta litríks mannlífs, menningar og lista sem kemur sífellt á óvart.

TERRA NOVA
- SPENNANDI VALKOSTUR
Stangarhyl 3
110 Reykjavík
Sími: 591 9000
www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



SPRENGJA
SPRENGJU OPNUNARTÍMAR
11. ágúst 9-19
12. ágúst 9-19
13. ágúst 10-18
14. ágúst 13-17
SPRENGJAN BYRJAR KL 9:00 • GEGGJUÐ TILBOÐ
VL15
*Samtals kr. 139.642
8.993
2.1 HLJÓÐKERFI
Vandað 2.1 hljóðkerfi frá Logitech, 2 hátalarar og öflugt bassabox skila afbragðs hljóm
250GB SATA II 8MB
Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari, áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari
64 BITA KRAFTUR
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB
17"LCD SKJÁR
Glæsilegur skjár með 500:1 í skerpustig og 12ms hraða fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum
VIFTULAUST 256MB
Alvöru viftulaust og hljóðlaust 256MB GeForce6 NX6600 PCI-Express 16x skjákort
SPECIAL EDITION
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús lyklaborði og gel músarmottu
Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.
www.tolvulistinn.is
ACE
ACE SPECIAL EDITION
Öflug heimilistölva með glæsilegum 17" ACER 1715s LCD skjá
ÖRGJÖRVI • 3500+ Athlon 64, 640k, 1600MHz FSB+HT
VINNSLUMINNI • 512MB Corsair DDR400 minni, lífstíðarábyrgð
HARÐDISKUR • 250GB WD Caviar SE SATA II harðdiskur-8MB
SKJÁR • 17"LCD Acer 1715s með 500:1 í skerpu og 12ms
SKJÁKORT • 256MB GeForce6 NX6600 skjákort, TV-út
DVD SKRIFARI • 16x DVD+/- sem skrifar Dual Layer á 4x
HLJÓÐKERFI • Dolby Digital 7.1 DTS 8 rása hljóðkerfi
HÁTALARAR • Öflugt 2.1 Logitech kerfi, 2 hátalarar og bassabox
NETKORT • Innbyggt 10/100/1000 Gigabit lan
STÝRIKERFI • Windows XP Home á íslensku eða ensku
134.900
VL15
VL15 aðeins þessa helgi
9.993
ACER ASPIRE 1692WLMI
Með Intel Pentium M Dothan örgjörva • Allt að 30% öflugri
ÖRGJÖRVI • 1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 - 2MB
VINNSLUMINNI • 1GB DDR2 533MHz háhraða minni
HARÐDISKUR • 100GB Ultra ATA100, 5400 RPM
SKJÁR • 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite
SKJÁKORT • 128MB ATI Radeon X700 PCI-Express, TV-út
DVD SKRIFARI • 8xDVD±RW Dual Layer, skrifar einnig CD-RW
HLJÓÐKERFI • Hljóðkerfi með 2 hátölurum
NETBÚNAÐUR • Gigabit netkort og 56K módem
ÞRÁÐLAUST • Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort
STÝRIKERFI • Windows XP Home á íslensku eða ensku
149.900
Tilboð gilda dagana 11. ágúst til 14. ágúst eða meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl.
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ
1 REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
2 AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
3 KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400
ATHUGIÐ TAKMARKAÐ MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

# SPRE

## SPRENGJAN ER BYRJUÐ Í TÖLVULISTANUM

### 16x DVD SKRIFARI
Hvítur hágæða hljóðlátur 16x DVD skrifari frá MSI
**4.990**

### LÍMMIÐAPRESSA
Hentug límmiðapressa með hugbúnaði og límmiðum
**690**

### GEISLADISKATASKA
ATHUGIÐ AÐEINS 100 STK
Glæsileg geisladiskataska fyrir 200 geisladiska
**1.990**

### PRENTANLEGIR DVD
10 stk. 4,7GB DVD+R Traxdata áprentanlegir DVD diskar
**1.490**

### 8x TRAXDATA DVD-R
25 stk. 4,7GB DVD -R Traxdata 8x hraða DVD diskar
**2.990**

### SÚPERTILBOÐ A
1,8 GHz Duron, örgjörvi, skjákort, netkort og 4xUSB
**9.990**

### SÚPERTILBOÐ 5
3000+ Athlon64, RS480M2 512MB DDR400, Radeon X300
**31.900**

### 250GB HARÐDISKUR
- Special Edition
- Fluid Bearing
- 7200RPM
- 8MB Buffer

Hraðvirkur og öruggur harðdiskur frá Western Digital
**9.990**

### USB2 MINNISLYKILL
Corsair USB2.0 Thumb Drive 512MB minnislykill
**4.990**

### ICY BOX HÝSING
Glæsileg RaidSonic stackable utanáliggjandi USB2 ál hýsing
**3.990**

### SÚPERUPPFÆRSLA 2
- 2200+ AMD Sempron HT örgjörvi
- Hljóðlát örgjörva kælivifta
- 256MB DDR Corsair minni
- MSI K7N2GM-V móðurborð
- GeForce skjákort allt að 128MB
- Dolby Digital 5.1 hljóðkort
- 10/100 Netkort, 8xUSB2 ofl.

Frábær uppfærsla fyrir flestar eldri tölvur á einstöku verði
**14.900**

### SÚPERTURN 1
USB 2 TENGI
Mögnuð uppfærsla
- 1.8GHz AMD Duron
- MSI KM3M-V móðurborð
- 128MB DDR Corsair minni
- 40GB 7200RPM harðdiskur
- 64MB Unichrome skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkort
- Innbyggt 10/100 netkort
- 300W vandaður midi turn

**21.900**

### SÚPERTURN 3
USB 2 TENGI
Mögnuð uppfærsla
- 2600+ AMD Sempron, HT
- MSI K7N2GM2-V móðurborð
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 160GB 7200RPM SE harðdiskur
- 128MB GeForce skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkort
- Innbyggt 10/100 netkort
- 300W vandaður midi turn

**34.900**

### SÚPERTURN 4
USB 2 TENGI
Mögnuð uppfærsla
- 3000+ AMD Athlon64 örgjörvi
- MSI RS480M2- PCI-ex16 móðurb.
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 200GB 7200RPM SE harðdiskur
- 128MB ATI Radeon X300 skják.
- Dolby Digital 5.1 hljóðkort
- Netkort, Firewire o.fl.
- 300W Dragon Mini Middle turn

**49.900**

## FJÖLDI FRÁBÆRRA TILBOÐA Á TÖLVUM OG T

### 4 PORTA USB2 HUB
Fyrirferðalítill 4ra porta USB2 Star Hub frá MSI
**1.990**

### FIREWIREKORT
Frábært PCI firewire kort ásamt klippihugbúnaði
**2.990**

### FORSTJÓRASTÓLL
Vandaður forstjórastóll, leður á helstu slitflötum
**7.990**

### MX518 OPTICAL MÚS
Logitech MX518 gaming-grade optical leikjamús
**4.990**

### VINNSLUMINNI
512MB 400 MHz cl2.5 enn hraðara Corsair vinnsluminni
**4.990**

### HEYRNARTÓL
Flott höfuðtól með Mic og volume stillingum
**290**

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 5.06 | 13.33 | 21.57 |
| AKUREYRI 4.38 | 13.18 | 21.54 |

Heimild: Almanak Háskólans


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**heimili o.fl.**
Smágjafir í sumarbústað
BLS. 7



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagur 11. ágúst, 223. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN





## Smáauglýsingar

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



Erna var skrautlegri í klæðaburði þegar hún var yngri en nú er fatasmekkur hennar frekar venjulegur.

# Gengur aldrei í bleiku

***Erna Hrönn Ólafsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Bermúda, getur ekki gert upp á milli uppáhaldseyrnalokkanna sinna og uppáhaldsúlpunnar, sem eru hvort tveggja algjörlega ómissandi.***

„Ég veit ekki alveg hvort ég á að velja – eyrnalokkana mína eða úlpuna," segir Erna og ákveður að gera ekki upp á milli uppáhaldshlutanna sinna og segja frá þeim báðum.

„Ég fór inn í Spútnik fyrir algjöra slysni með vinkonum mínum fyrir ári síðan þegar ég var nýflutt í bæinn. Þar sá ég gamaldags skíðaúlpu og hún smellpassaði, þannig að ég keypti hana. Ég fór ekki úr henni allan síðasta vetur og það sama gæti orðið uppi á teningnum núna í vetur. Það er svona þegar maður finnur eitthvað sem passar, þá er erfitt að skipta því út," segir Erna en uppáhaldseyrnalokkarnir eru ívið persónulegri en úlpan. „Vinkona mín var í handverksskóla í Danmörku og bjó þá til handa mér. Þeir eru rosalega fínir og úr gleri og ég er oft með þá þegar ég er að spila. Reyndar er festingin á öðrum þeirra biluð núna þannig að ég verð að láta laga þá fyrir mig. Eyrnalokkarnir eru mjög persónulegir því þeir voru búnir til sérstaklega handa mér og það á enginn alveg eins par."

Fatasmekkur Ernu hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. „Þegar ég var yngri þá var ég alltaf í Spútnik og „second hand" búðum. Ég var alltaf í hippalegum fötum og skræpóttum en nú hefur það algjörlega snúist við. Ég geng í mjög venjulegum fötum og þau mega helst ekki vera mynstruð. Mér finnst mjög gaman að vera í litum en ég er aldrei í bleiku. Ég er með ofnæmi fyrir þeim lit og rosa fóbíu síðan ég var alltaf klædd í bleikt þegar ég var lítil."

*lilja@frettabladid.is*

# Gróðurmoldin eins og grjót

ÞEGAR KOMIÐ ER HEIM ÚR SUMARFRÍINU GETUR GRÓÐURMOLD STOFUBLÓMANNA VERIÐ ORÐIN ALLT OF ÞURR.



Gróðurmold stofublómanna getur verið orðið mjög þurr þegar komið er heim úr ferðalögum, ef ekki hafa verið gerðar ráðstafanir með vökvun meðan verið var í burtu. Jafnvel eins og grjót viðkomu. Hið sama gildir um moldina í blómakerjum og pottum úti, einkum ef þurrviðri og hiti hefur verið ríkjandi. Þegar svoleiðis er ástatt um blómin á heimilinu þýðir ekki að vökva þau ofan frá. Vatnið sígur bara beint í gegnum moldina og liggur í skálinni. Betra er að stinga pottinum í kaf í vatn í dálitla stund og setja hann síðan á disk eða í ytri pott með vatni þar sem plantan getur jafnað sig og sogið vatnið upp neðan frá. Ekki má þó gleyma plöntunni þannig lengi heldur vitja um hana og hella af henni vatninu svo ræturnar fúni nú ekki.

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í tísku*



**Leikkonan** Uma Thurman hefur skrifað undir auglýsingasamning við lúxusúramerkið Tag Heuer. Leikkonan er nú þegar andlit herferðar fyrir tískumerkið Louis Vuitton. Uma lét hafa eftir sér í viðtali við tímaritið Grazia fyrir stuttu að hún nyti þess að klæða sig upp og hefði brennandi áhuga á tísku þannig að hún blandar saman leiklistinni, fyrirsætustörfum og móðurhlutverkinu.



**Leikkonan** Jessica Alba er svo sannarlega búin að sanna sig í tískuheiminum jafnt og kvikmyndaheiminum og virðist ekki geta stigið feilspor hvað varðar föt og útlit. Hún mætti gjörsamlega glæsileg á frumsýningu nýjustu kvikmyndar sinnar, The Fantastic Four, í London nýlega. Hún var í hlýralausum, súkkulaðibrúnum kjól eftir Monique L'Huiller og háhæluðum skóm frá Richard Shah. Hún kórónaði dressið með demantsskartgripi frá Van Cleep og Arpels sem kosta rúmlega eina milljón króna.



**Poppprinsessan** Kylie Minogue flaug til eins heimilis tískuhönnuðarins Karls Lagerfeld fyrir stuttu og mun hún eyða tíma þar með kærastanum sínum Olivier Martinez og jafna sig eftir erfiða lyfjameðferð. Eins og margir vita greindist Kylie með brjóstakrabbamein í maí á þessu ári þegar hún undirbjó sig undir tónleikaferðalagið Showgirl í Ástralíu en Karl Lagerfeld hannaði einmitt búningana fyrir ferðalagið.

*tiska@frettabladid.is*


**Útsala** á völdum vörum **15 – 50% afsláttur**

***Bycast leðursófi*** *20% afsláttur*
*3ja sæta áður kr. 94.700* – **nú kr. 75.800** • *2ja sæta áður kr. 92.400* – **nú kr. 73.900**



***Bycast leðurpulla***
*100x100 cm*
*30% afsláttur*
*Áður kr. 39.800*
***– nú kr. 27.900***



**LÍNAN**
H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



**Rauðar varir**
Eldrauður varalitur er alltaf í tísku. Fátt er kvenlegra en rauðar varir og þess vegna ættu allar konur að eiga einn rauðan varalit.

Mikið úrval af yfirhöfnum
á 50% afslætti

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
Topp HÚSIÐ



Augnháralitur og augnabrúnalitur

TANA Cosmetic

Augnháralitur og augnabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið.



Vissir þú að Trind naglastyrkirinn er margverðlaunuð gæðavara sem er til í lit og glært eins og naglalakk?

Nýtt #1
Nail repair Pink Pearl

Nýtt #2
Nail Brightener gerir neglurnar fallegri og skarpari allt að því eins og French manicure.

Nýtt #1 Nýtt #2
TRIND
ALLTAF NO. 1

TÍSKUVERSLUNIN Smart

Ármúla 15
Grímsbæ Bústaðavegi
Sími 588 8050, 588 8488

LOKAÚTSALA

Ný verslun Hafnarstræti 106
600 Akureyri

Opnunartilboð!



Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.-
SLENDERTONE FLEX 12.900.-
HREYSTI



Nýjar vörur
í hverri viku.

adams
Smáralind
sími 517-5330
www.adams.is



Hermannagrænn jakki í Oasis á 7.990 kr.



Svartur jakki með nælu og skrauti í Oasis á 9.990 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þessi fallegi hermannagræni og stutti jakki er hluti af haust- og vetrartísku tískuhönnuðarins Peter Som.

# Í anda áttunda áratugarins

***Stuttir jakkar með mörgum áberandi hnöppum eru hluti af hausttískunni.***

Sumarfötunum hefur verið sópað út úr verslunum og hausttískan hafið innreið sína með stæl. Jakkar eru áberandi í haust og eru þeir mikið í sjóræningjastílnum. Hnapparnir eru stórir, kúptir og áberandi og jakkarnir líta flestir út fyrir að hafa verið notaðir, en flottast er að hafa þá smá sjúskaða. Þeir eru stuttir og má greina gamaldags hermannastíl í jökkunum með smá lúðrasveitarbrag. Adam Ant gerði slíka jakka fræga og Bítlarnir voru í sams konar jökkum á plötualbúminu Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band. Ef Adam Ant-jakki leynist uppi á háalofti er tilvalið að dusta af honum rykið, og muna bara að rífa úr honum axlapúðana þar sem nettar og kvenlegar axlir eru í tísku. Innanundir jökkunum er flott að vera í pífuskyrtum eða síðum bolum sem koma niður undan jakkanum. Litirnir á jökkunum eru svartir, hermannagrænir, bláir og gráir og eru flottir við kvartbuxur, síð sígaunapils og niðurmjóar gallabuxur og há leðurstígvél.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ullarjakki í fallega brúnum lit í Topshop á 7.990 kr.

Blár með gylltum hnöppum á 5.990 kr. og svartur jakki með krækjum á 5.990 kr. í TopShop.

## Viðbót við House of Dereon

***Mæðgurnar Beyoncé og Tina Knowles ætla að bæta töskum og leðurvörum við tískumerkið sitt House of Dereon.***

Ofurdívan Beyoncé Knowles og móðir hennar Tina Knowles halda áfram að auka við veldi sitt með nýrri viðbót við tískumerki sitt, House of Dereon.

Mæðgurnar hafa skrifað undir leyfissamning við bandaríska fyrirtækið Accessory Exchange til að bæta handtöskum og litlum leðurafurðum við línuna. Nú þegar er fatnaður og skór í línunni en töskurnar og leðurvörurnar verða allar hannaðar þannig að þær smellpassi við fatnaðinn.

House of Dereon mun sýna nýju línuna sína á tískuvikunni í New York í febrúar á næsta ári.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tina og Beyoncé eru svo sannarlega glæsilegar tískumæðgur.

## Frönsk húðmeðferð

DEKURSTOFAN ER NÝ SNYRTISTOFA SEM HEFUR VERIÐ OPNUÐ Á ÞRIÐJU HÆÐ KRINGLUNNAR.

„Við erum með frönsku snyrtivörurnar Guinot sem sérstaklega eru þróaðar fyrir snyrtistofur," segir Snædís Hanna Hafsteinsdóttir, snyrtifræðingur og eigandi Dekurstofunnar í Kringlunni. Í boði eru hefðbundnar snyrtimeðferðir eins og handsnyrting og andlitsböð en einnig sérstakar húðmeðferðir frá Guinot. Má þar nefna Beauty neuve sem er ávaxtasýrumeðferð sem stuðlar að endurnýjun húðarinnar, og lúxusmeðferðin Hydradermie sem er djúphreinsi- og rakameðferð sem endar með lúxusnuddi með styrkjandi efnum og róandi geli. „Allar meðferðirnar enda á andlitsnuddi og sumum fylgir einnig axlanudd," segir Snædís. Opið er alla virka daga, en í vetur verður einnig opið á laugardögum.



Hver meðferð hjá Dekurstofunni endar á andlitsnuddi.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Armani, tískukóngur á áttræðisaldri

Ítalir verða sífellt fyrirferðarmeiri í tískuheiminum og hefur þessi þróun staðið yfir í nokkur ár. Mörg ítölsku tískuhúsin sem ganga vel í dag eru ekki svo gömul í raun, til dæmis Dolce og Gabbana. Þrátt fyrir að tískuhús eins og Prada hafi verið stofnað á öðrum áratug síðustu aldar var Prada aðeins fjölskyldufyrirtæki sem framleiddi töskur og leðurvörur fram til 1992. Þá fór frænka stofnandans, Miuccia Prada, að hanna föt sem ekki þóttu merkileg í upphafi þó þau seljist eins og heitar lummur í dag. Sama má segja um Gucci. Það var leðurvörufyrirtæki, stofnað 1922, en Gucci-fjölskyldan seldi það 1989, þá deyjandi tískuhús, nánast komið í þrot. Það var svo ungur maður, Tom Ford, sem byrjaði í markaðsdeildinni en endaði sem listrænn stjórnandi og hönnuður, sem gerði Gucci að stórveldi, meðal annars með fataframleiðslu.

Ef Miuccia Prada er tískudrottning Ítalíu er Giorgio Armani tvímælalaust tískukóngurinn, sjötíu og tveggja ára er hann einn ríkasti hönnuður tískuheimsins. Þegar heldur fækkar þeim sem eru í hátískunni (haute couture) blandar Armani sér í hópinn aðeins til að gleðja sjálfan sig, eins og hann segir sjálfur. Armani sló í gegn með jakkafötum sem áttu vel við „bisnessmenn“, aðeins ódýrari en tískuhús höfðu selt fram að því. Hann fór sömuleiðis að hanna föt fyrir konur í heimi ferðalaga og viðskiptahádegisverða, til dæmis einstaklega vel sniðnar og glæsilegar buxnadragtir. Armani fann ónýttan markað sem yngri hönnuðir eins og Calvin Klein tileinkuðu sér seinna en hann hefur fylgt í fótspor Armanis með hönnun sem höfðar til breiðs hóps viðskiptavina. Örugg trygging fyrir góðri afkomu og velgengni.

Árið 1981 kom á markað ný tískulína hjá Armani, Emporio Armani, ætluð yngra fólki enda óformlegri, sportlegri og dálítið ódýrari en þær sem fyrir voru. Þessi lína selst vel enn í dag og þar má finna allt frá flottum nærbuxum til alklæðnaðar. 1981 var einmitt árið sem Armani varð frægur fyrir að klæða Richard Gere í kvikmyndinni American Gigolo.

Armani býður nú upp á fimm tískulínur í hátískunni, fyrir utan þá nýjustu, Armani privée, og á tímum lúxussamsteypna eins og Gucci group og LVMH er Giorgio Armani enn í dag eini eigandi tískuhúss Armani. Tískuheimurinn er því eins og útgerð og fiskvinnsla á Íslandi, þá má telja á fingrum annarrar handar sem hafa staðið af sér gleypigang hinna stóru og sameiningarþrýsting.

# Skapaðu hina fullkomnu skó

NIKE BÝÐUR HVERJUM SEM ER AÐ HANNA SÉR SÍNA EIGIN ÍÞRÓTTASKÓ.

Loksins hefur skóframleiðandinn Nike komið til móts við þá fjölmörgu sem leitað hafa logandi ljósi án árangurs að hinum fullkomnu íþróttaskóm. Nú getur hver og einn hannað sér til sína eigin Nike-íþróttaskó og látið framleiða fyrir sig eitt par.

Á heimasíðunni www.nikeid.com getur þú byrjað að prófa þig áfram með hönnunina. Bæði er hægt að byrja alveg frá grunni eða spinna út frá hugmynd sem Nike leggur af mörkum á síðunni. Hægt er að breyta flestu á skónum, hvort sem það er táin, hællin, grunnurinn sjálfur eða reimarnar, allt er til. Að sjálfsögðu er líka hægt að breyta um liti svo möguleikarnir eru allt að því óendanlegir.

Nýju íþróttaskórnir kosta um sjö þúsund krónur, sem getur talist lágt verð fyrir að þurfa aldrei aftur að hitta tugi manna í alveg eins skóm og þú varst að kaupa.










5 sokkabuxur í brúsanum á aðeins kr. 2.900,-

FLOTTIR FÆTUR Í SUMAR
FRÁBÆR NÝJUNG

Brúðarkjólaleiga Dóru

Brúðarkjólaleiga Dóru /Anna Design Suðurlandsbraut 50 – Bláu húsin við Faxafen
- Sími: 568 2560 Opið mán-fös 10-18 lau 10-14

LAGERSALA

Síðustu dagar

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

- Hægri dyr




Gwen og Harajuku-stelpurnar.

# Ný fatalína frá Gwen

***Söngkonan Gwen Stefani hannar föt eins og óð manneskja og setur hverja línuna á markað á fætur annarri.***

Gwen Stefani virðist ekki nærri því hætt í tískuiðnaðinum og ætlar að setja á markað enn eina tískulínu. Sú nýja mun heita Harajuku Lovers: A Fatal Attraction to Cuteness.

Línan er fyrir konur, karla og börn og á að innihalda aðgengilegri föt en lína hennar L.A.M.B. sem verður sýnd á tískuvikunni í New York í september.

Fötin verða líklega úr mjúkri bómull eða flís og afskaplega hrá og flott en undirfötin aftur á móti fíngerð. Ekki er komið á ljóst hvenær nýja línan lítur dagsins ljós.
























Krumpuð efni eru mjög heit um þessar mundir. Skyrtan er úr silki og kostar 29.900 kr. og buxurnar eru á 22.900 kr.



Verslunin ER er við Skólavörðustíg.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Leðurjakkarnir sem komu í haust og hafa rokið út. Verð: 39.900 kr.

# ER fyrir konur á öllum aldri

***Áslaug Björg Harðardóttir á verslunina ER við hönnunargötu Reykjavíkur, Skólavörðustíg. Leðurjakkar og krumpuefni eru það heitasta í haust – jafnvel í purpurarauðu.***

Verslunin ER hefur verið starfrækt við Skólavörðustíg í eitt og hálft ár. Þar selur Áslaug Björg Harðardóttir þýska og ítalska hönnun, bæði hversdagsföt og fínni fyrir konur á öllum aldri.

Eftir sautján ár í heildsölubransanum og ár í markaðsfræði í HÍ ákvað Áslaug að láta gamlan draum rætast og opna fataverslun. „Mig hafði alltaf langað til að fara út í þetta. Þetta voru líka föt sem ég hafði kynnst erlendis á ferðalögum og var mjög hrifin af,“ segir hún. Búðin heppnaðist líka glimrandi vel og Áslaug nefnir sérstaklega hversu góð samstaða sé meðal nágrannana á Skólavörðustígnum. ER er á besta stað á Skólavörðustíg, við hliðina á Kaffi Mokka, og leggur sitt af mörkum við að skapa skemmtilegt andrúmsloft meðal annarra minni hönnunarverslana við götuna.

„Þetta eru mjög vandaðar vörur og allt framleitt í Þýskalandi og Ítalíu,“ segir Áslaug, sem var að fá inn fulla búð af nýjum vörum. „Við erum með mikið af flottum leðurvörum, til dæmis leðurjakka sem alveg rjúka út. Svo eru krumpuefni rosalega vinsæl núna, krumpuð ull og krump með glansáferð.“ Í litunum segir Áslaug svo sem fátt nýtt undir sólinni nema kannski purpurarauðan lit, sem er mjög vinsæll um þessar mundir. Svart gengur eins og alltaf, brúnt er vinsælt og svo segir Áslaug að henni virðist sem græni liturinn ætli líka að halda velli.



Svartur er klassískur og haustlínan er engin undantekning frá því. Skyrtan kostar 18.600 kr., buxurnar 22.900 kr. og vestið 12.900 kr.









FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Klassísk og kvenleg með fallegar perlur.



Skemmtileg eitísstemning.

# Óaðfinnanleg í svörtu

LEIKKONAN KATE HUDSON TEKUR SVARTA ÆÐINU OPNUM ÖRMUM.



Svart er greinilega aðallitur haustsins og ætti það ekki að fara framhjá neinum. Öll helstu tískublöð og tískuverslanir heimsins eru yfirfullar af svörtum haust- og vetrarvörum og litagleðin því miður að kveðja okkur og sumarið.

Leikkonan Kate Hudson hefur ekki farið varhluta af svarta æðinu og fagnar því greinilega. Kate virðist ekki geta mætt á opinberan viðburð án þess að klæða sig svörtu frá toppi til táar. Kate er því vís til að smita hinar Hollywood-stjörnurnar af æðinu ef þær eru ekki nú þegar búnar að fá svörtu hundana, enda lítur hún óaðfinnanlega út í svörtu.

Algjör pæja í háum leðurstígvélum.



Kate vakti mikla athygli á dögunum í þessum kjól.



Flott í klassískri svartri dragt og í háhæluðum skóm í stíl.


Við höfum flutt
verslun okkar og
hönnunarverkstæði
ofar á Laugaveginn
í rúmgott
og bjart húsnæði
að Laugavegi 52
Gull & Silfur
Sími: 552 0620




# Takmörkuð lína hjá Mango

***Spænska tískuverslunin Mango hefur sett fínni fatalínu á markað sem er ívið dýrari.***

Spænska smásölukeðjan Mango hefur sett á markað nýja fatalínu sem heitir Exclusive Edition. Í línunni er vandaður fatnaður sem gerður er úr efnum eins og silki, kasmírull og ósnortinni ull og útsaumur spilar þar stórt hlutverk. Línan verður seld í takmörkuðu magni.

Línan verður seld í 220 Mango verslunum í stórborgum um allan heim í lok þessa mánaðar og verða nýjar flíkur kynntar reglulega í haust og næsta vetur. Því verður stöðug endurnýjun í verslununum en flíkurnar í Exclusive Edition línunni eru ívið dýrari en aðrar vörur hjá Mango.



Hægt er að skoða fötin hjá Mango á mango.com.




HAUST 2005
Nýjar vörur frá
oilily
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201




**Reyniber**
Nú eru reyniberin fullþroskuð á greinum reynitrjánna. Berin geta verið fallegt skraut fyrir heimilið. Þau fara vel í skál á borði eða sem skraut á veisluborði. Þau má líka geyma og þurrka eða frysta og nota í jólaskreytingar.






**Er naumhyggjan að fara með þig?**

Nostalgían nýtur sín hjá Ömmu Ruth

Antik fer aldrei úr tísku!

AMMA RUTH
Skipasund 82, 104 Reykjavík – s. 552 6255
www.ammaruth.is • Opið virka daga 14-18



Lene Bjerre • Bæjarlind 6, Kóp. • S: 534 7470 • Opið virka daga frá 10–18 • Lau. frá 10–16


Póstsendum
*Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.*
**Sófalist,**
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is




**Ný sending!**

BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN

**Nýtt og ferskt blað á næsta blaðsölustað**



**Áskrift 586 8005**
www.rit.is




Riddararós er í stærðinni 25x25 saumuð með góbelínspori í stramma.

Púðar með Skaftafellsrós og Öræfahnút saumuðum með fléttusaum í stramma eru til sýnis í verslun Þjóðminjasafnsins og gefa hugmyndir um hvernig hægt er að nota útsauminn.



Púðar með mynstrum sem byggð eru á fornum handritum.



Öræfarósin er 10x10 á stærð, saumuð með fléttusaumi.

# Þjóðlegt handverk í hávegum

***Þegar regnið lemur rúðurnar er fátt meira róandi en að setjast út í horn annaðhvort á heimilinu eða í sumarbústaðnum og grípa í hannyrðir. Útsaumur hvers konar er í tísku og meðal þess sem hægt er að gera er að sauma út menningararfinn sem felst í gömlum mynstrum.***

Tilbúnar pakkningar með jafa eða stramma, garni og þjóðlegum mynstrum hafa selst vel í sumar, að sögn afgreiðslufólks verslunar Þjóðminjasafnsins við Hringbraut og Krambúðarinnar í Árbæjarsafni. Þar eru það einkum Riddararós, Öræfahnútur, Hvannadalsrós og Skaftafellsrós sem um er að ræða en þessi mynstur eru öll úr Sjónabók Jóns Einarssonar í Skaftafelli sem uppi var á átjándu öld. Fyrirtækið alvara.is hefur endurnýjað mynstrin og útbúið pakkningarnar.

Hægt er að nota mynstrin til að prýða heimilin á margan hátt, Hvannadalsrósin er í veggteppi en hin má hvort sem er hengja á vegg eða nota í púða eða annað sem fólki dettur í hug. Þetta útsaumsefni fæst líka í verslun þjóðgarðsins í Skaftafelli. Mynstur sem byggð eru á fornum handritum eru annað hannyrðaefni sem er í senn þjóðlegt og nútímalegt. Þau eru gerð af Ásu Ólafsdóttur myndlistarmanni og hún hefur litað garnið sjálf með alveg sérstökum hætti þannig að aðferðin verður eins og um gamalt handverk sé að ræða. Veggteppi og púðar með þeim setja óneitanlega menningarlegan svip á heimilin og gæða þau lífi. Pakkningar með handritamynstrunum fást í garnversluninni Storkinum á Laugavegi. Fyrst við erum á þessum þjóðlegu nótum er ekki úr vegi að minnast á vandaða bók eftir Elsu E. Guðjónsson sem heitir Íslenskur útsaumur og hefur að geyma margt fallegt.



Hvannadalsrósin er veggstykki í stærðinni 45x62, saumað með krosssaum í jafa.



Veggteppi með handritamynstrum úr garni sem er litað yrjótt og gefur þannig forna áferð. Efnið fæst í Storkinum.




**Úrval**
af vönduðum og fallegum sængurfatnaði

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 Sími 551 4050 Reykjavík

Keramik fyrir alla

**Hvernig var á sumarnámskeiðinu?**



**Mjög gaman!**
Ég er búin að fara tvisvar og ætla aftur

**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

Flugnaspaði, bráðnauðsynleg græja í hvern sumarbústað, kostar 220 krónur hjá Þorsteini Bergmann.



Glaðlegir sprittkertastjakar til að hafa það rómó, frá Ikea á 190 krónur stykkið.

Plattar í þremur glaðlegum litum til að setja undir heita potta og pönnur, 950 krónur stykkið hjá Þorsteini Bergmann.



# Smágjafir í sumarbústað

***Margir sumarbústaðaeigendur hafa gaman af því að bjóða fólki í heimsókn og þá er nú skemmtilegt að geta tekið með sér litla gjöf sem nýtist vel en er ekki of dýr.***



Það er alltaf gaman að kíkja í heimsókn til vina eða fjölskyldu. Og enn skemmtilegra þegar leiðin liggur út úr bænum, í heimsókn í sumarbústað til ættingja og vina þar sem oftast er glatt á hjalla, enda náttúran enn skemmtilegri í góðum félagsskap. Þegar komið er í heimsókn í sumarbústað í fyrsta sinn er gaman að kippa með sér smágjöf sem þarf hvorki að vera dýr né fyrirferðarmikil en má gjarnan bera vott um hugmyndaauðgi og vera notadrjúg og skemmtileg. Hér eru nokkrar hugmyndir:

Rotera-kertalukt til að lýsa leiðina í haustmyrkrinu, frá Ikea á 490 krónur.



Salatáhöld, handhæg og skemmtileg á 750 krónur, fást hjá Þorsteini Bergmann.



Kristallar til að fergja niður borðdúka, bráðnauðsynlegt í íslensku veðurfari, fjórir á 750 krónur hjá Þorsteini Bergmann.

Broskallakönnur til að fara með út í læk og veiða í hornsíli – nú, eða til að drekka úr djús eða mjólk. Kosta 80 krónur stykkið hjá Þorsteini Bergmann.



Kryddhilla fyrir allar íslenskar kryddjurtirnar, 690 krónur hjá Þorsteini Bergmann.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ










Brúðargjafir

Opið laugardaga, í Kringlunni 10-18, Rauðarárstíg 11-14

Sjáumst í Gallerii Fold

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

birta

Íslensk list
er góð gjöf



galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
STRÖND




Scanbath Collection
Handlaugar
í baðinnréttingar
MIKIÐ ÚRVAL,
GÆÐI OG
GOTT VERÐ
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332



Vandað 68 m2 heilsárshús til sölu. Tilbúið að utan og fokhelt að innan með einangrun í útveggjum. S. 517 4200, www.husoghonnun.is

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121

Sóló olíuofn f/3 ofna, lítill gas/12V/220V ísskápur, gashitari f/11 kg gaskút United 21" sjónvarp. Uppl. í s. 896 6467.

## Gisting

### Orlofs íbúð
Til leigu minnst 2 sólarhringar í Orlofsíbúð á besta stað í Kópavogi. Uppl. s. 869 3375 & 869 9964.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Mikil Sala
Vegna mikillar sölu á okkar frábæru heilsu og snyrtivörum frá Volare vantar okkur söluráðgjafa um allt land. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.

**Hafðu samband. Eydís Davíðsdóttir sjálfstæður söluráðgjafi og deildarstjóri Volare s. 869 5226 email eydis@tpostur.is**

Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í verslanir og þjónustuver. Hlutastörf og full störf í boði. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Umsóknir má nálgast í öllum verslunum Domino's og á heimasíðunni www.dominos.is-

### Mosfellsbakarí
óskar eftir handverksbakara til starfa sem first.

**Allar nánari upplýsingar veitir Hafliði í síma 5666145 eða 6602151.**

### Vantar starfsmann sem fyrst
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.

**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

### Starfsfólk óskast.
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.

**Uppl. í s. 897 4796.**

### Hellulagningarfólk og vélamenn.
Vana aðila vantar í hellulagnir og aðila á traktorsgröfu.

**Uppl. í síma 822 2661**

### Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda.

**Upplýsingar í síma 565 0877.**

### Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.

**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

### Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.

**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

### Leikskólinn Sæborg, Starhaga 11. 107 RVK.
óskar eftir leiðbeinanda í 100% starf, á deild yngstu barna. Viðkomandi þarf að vera orðin 20 ára og helst með reynslu af börnum. Leikskólinn leggur áherslur á skapandi starf.

**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 562 3664 & 562 3674 eða á saeborg@leikskolar.is**

### Ert þú ekki að fara í skóla?
Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.

**Umsóknir á www.aktutaktu.is. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568-6836.**

### Bakaríið hjá Jóa Fel
Bakaríið Jóa Fel Kleppsvegi óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir. Ekki sumarstarf.

**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

### Bakaríið Austuveri
Bakaríið Austurveri óskar eftir starfsfólki, í útibú í Rangárseli.

**Upplýsingar í síma 898 5277 Lovísa.**

Starfsfólk óskast til starfa í pökkun og kjötvinnslu. Uppl. í s. 694 7373 á milli kl. 13 & 16.

### Víðines
Starfsmaður óskast í aðhlynningu, vaktavinna starfshlutfall samkomulag.

**Uppl.veitir Kristjana Arnardóttir s: 563-8802 og 894-8473 Sjá heimasíðu www.hrafnista.is**

### Vífilsstaðir
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, býtibúr og ræstingu, vaktavinna starfshlutfall samkomulag. Framtíðarstörf og hlutastörf með skóla.

**Uppl. veitir Ingibjörg Tómasdóttir s. 599 7011 og 664 9560 Sjá heimasíðu www.hrafnista.is**

### Hrafnista Hafnarfirði
Starfsfólk óskast í aðhlynningu og býtibúr, vaktavinna starfshlutfall samkomulag. Framtíðarstörf og hlutastörf með skóla.

**Uppl. veitir Alma Birgisdóttir s. 585 3000 og 693 9564 Sjá heimasíðu www.hrafnista.is**

### Hrafnista Reykjavík
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, býtibúr og borðsal, vaktavinna starfshlutfall samkomulag. Framtíðarstörf og hlutastörf með skóla.

**Uppl. veitir Steinunn Þorsteinsdóttir, s. 585 9529 Sjá heimasíðu www.hrafnista.is**

Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal og í eldhús. Hæfniskröfur. Starfsreynsla, þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 20 ár. Um er að ræða framtíðarstarf. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða loa@pizzahut.is.

### Leikskólinn Ösp
Vantar starfsfólk í 100% stöður.

**Upplýsingar gefur Kristín s. 557 6989.**

### Vantar þig vinnu?
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Hlutastörf og full vinna í boði.

**Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 566 6614, Ragnar eða Sigurður.**

### Starfsmaður óskast í fiskbúð.
Óska eftir starfsmanni í fiskbúð í Reykjavík. Þarf að kunna að flaka.

**Upplýsingar í síma 661 2579 eftir kl. 18.00**

### Hvar ert þú að vinna í haust ?
Okkur vantar gott fólk í störf með skóla/vinnu. Ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á mjög góðum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.

**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@ipf.is**

### Bakarameistarinn Suðurveri
Óskar eftir stúdíóíbúð eða herbergi með góðri aðstöðu, helst á svæði 103, 105, 108, fyrir bakara.

**Upplýsingar í síma 897 5470.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. DEKKJAHÖLLIN, s. 462 3002 & 471 2002

Óska eftir starfskrafti við hellulagnir og aðra jarðvinnu.Eingöngu duglegt og stundvíst fólk kemur til greina.Góð laun í boði.Uppl. í síma 696 6676 Bjössi

### Bakarí
Starfsmaður óskast á vakt frá kl. 13-19.00 í Bakaraíið Austurveri. Uppl. í s. 845 0572.

### Vantar Vantar!
Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530.

Rúmfatalagerinn Skeifunni óskum eftir að ráða duglegan starfskrafti til að starf og hafa umsjón með lager í verslunn okkar Skeifunni 13. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20ára. Skipulagður, vinalegur í viðmóti og verður einnig að geta unnið sjálfstætt. Umsóknir berist fyrir 15.ágúst til verslunarstjóra á staðnum. Uppl. í s. 568 7499.

### Gullnesti, Grafarvogi
Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf. Uppl. í s. 567 7974.

### Atvinna vesturbær
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánudaga til föstudaga. Ekki unnið á laugardögum. Uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægisíðu 115. S. 552 4900.

### Prikið auglýsir.
Óskum eftir fólki í sal og barþjónum í hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband á staðnum eftir klukkan 18. Þórhildur

Bakaríið Kornið óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í afgreiðslu. Um er að ræða störf í Hrísarteig og Hjallabrekku í Kóp. Umsóknir liggja frammi í búðunum og einnig á www.kornid.is

Starfsfólk óskast á kvöld og helgarvaktir, einnig í dagvinnu. Upplýsingar á staðnum, Svarti svanurinn, Laugavegi 118.

Kofi Tómasar frænda óskar eftir starfsfólki í dagvinnu og helgarvinnu. Uppl á staðnum.

### Bakarí
Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370.

### Bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

### Bakarí Kaffihús
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Skipholti. Ekki yngri en 20 ára, hálfan daginn og aðra hvora helgi. Uppl. s. 820 7370.

Góður starfskraftur óskast í litla matvöruverslun. Vinnutími er 9-18 aðra vikuna og 12-18 hina, auk aðra hvora helgi 10-16 (lau) og 11-14 (sun). Nánari upplýsingar í plus@simnet.is og í 552 6803.

Hellulagnir - Meirapróf. Starfsmann með meirapróf vantar við hellulagnir. Mikil vinna framundan. S. 892 8340.

### Pítan Skipholti
Óska eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðar starf, umsóknareyðublöð á staðnum og einning á www.pitan.is

Óskum eftir að ráða starfsmenn í vinnu á aldrinum 18-25 ára. Upplýsingar gefur verkstjóri í síma 551 4820 eða á staðnum. Bón og Þvottastöðin ehf. Sóltúni 3.

### Smurstöð
Vanir menn á smurstöð hjá Bílko. Óskum eftir umsjónarmanni og vönum mönnum á smurstöð okkar Bílko. Frekari upplýsingar um stöðunar gefur Guðni í s. 660 0560.

### Hefur þú áhuga?
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Vanur gröfumaður óskast á nýja hjólagröfu við vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Sími 892 8626.

Afgreiðslufólk óskast. Mokka-kaffi Skólavörðustíg 3a. Sími 552 1174.

### Snyrtistofa
Óska eftir tveimur nemum í Snyrtifræði. Áhugasamir hringi í s. 587 9310. Greifynjan snyrtistofa.

### Húsasmiðir/verkamenn
Vantar 2-3 húsasmiði eða menn vana smíðavinnu nú þegar eða eftir samkomulagi. Furuás ehf. S. 861 9885.

DUA ehf, byggingaverktakar óska eftir trésmiðum eða vönum verkamönnum í vinnu við flekamót og aðra hefðbundna smíðavinnu. Mikil vinna framundan. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Svanur s. 696 3720 dua@tv.is

### Hagkaup Smáralind
Óskar eftir að ráða fólk til afgreiðslustarfa í matvörudeild, um er að ræða störf í goslandi, gænmetisdeild, þurrvöru og heitum mat. Einnig vantar okkur fólk í sérvörudeildina, um er að ræða störf í dömudeild, skódeild, leikföng og swing. Í boði eru hlutastörf og heilsdagsstörf með margvíslegan vinnutíma. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Margréti sölustjóra matvöru í síma 530-1000, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum.

### Hagkaup Smáralind
Óskar eftir að ráða starfsmann á lager og starfsfólk á kassalínu, auk kerrustarfsmanns. Í boði eru hlutastörf og heilsdagsstörf með margvíslegan vinnutíma. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Dagbjörtu rekstrarstjóra í síma 530-1000, auk þess em hægt er að sækja um á www.hagkaup.is

### Kaffi Óliver
Óskum eftir áhugasömu og vönu starfsfólki við matreiðslu í eldhúsið okkar. Einnig vantar uppvaskara. Uppl. gefur Eggert í síma 898 1960.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vönum gröfumönnum. Uppl. í s. 693 2607.

Starfsfólk óskast í kvöld- og helgarvinnu á sportbar í miðbænum. Ekki yngra en 22. Landsbyggðarfólk velkomið. Uppl. í s. 898 0868.

### Verðtökufólk
ASÍ óskar eftir fólki til starfa við verðkannanir. Að jafnaði eru framkvæmdar 1-2 kannanir í mánuði sem taka um 3 klst. í hvert skipti. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir góðri þekkingu á algengum vörum til heimilisnota og sé tilbúinn að koma til starfa með tiltölulega skömmum fyrirvara. Nánari uppl. veitir Henný Hinz í s. 535 5616 & 663 9026, henny@asi.is

### Erótísk Verslun
Starfsmaður óskast í erótíska verslun. Ekki yngri en 25 ára. Uppl. í s. 892 2433.

### Handflakari
Óska eftir að ráða vanan handflakara konu eða mann, íslending eða útlending. Aðeins vanur handflakari kemur til greina sem kann að flaka. Upplýsingar á staðnum Fiskbúðin Vör Höfðabakka 1 eða Kristján 896 0602.

### Oddur Bakari
Oddur bakari óskar eftir afgreiðslufólki í framtíðarstörf ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677.

### Leikskólinn Skógarborg
Starfsmann vantar í 80-100% starf. Leikskólakennari eða önnur uppeldismenntum æskileg. Uppl. gefur leikskólastjóri í síma 553 1805.

Smiður á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir manni í alhliða smíðavinnu. Uppl. í síma 662 0400.

### Rennismiðir óskast - framtíðarstörf
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

Hressingarskálinn, Austurstræti 20 óskar eftir skemmtilegu starfsfólki í fasta dag- og kvöldvinnu, einnig er laust í aukavinnu um helgar. Umsóknir á Hressó.

### Leðuriðjan ehf.
Leðuriðjan ehf. óskar eftir framtíðarstarfsfólki til starfa við framleiðslu á ATSON leðurvörum. Áhugasamir skili umsóknum til Fréttablaðsins merkt ATSON, eða sendi tölvupóst á smaar@frettabladid.is, til og með 22. ágúst. Öllum umsóknum verður svarað.

### Vaktstjóri
Óskast til starfa í byggingarvöru verslun á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum. Uppl. s.660 3048 og 660 3193

### Starfsmaður á kassa
Óskast til starfa í byggingarvöru verslun á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum . Uppl. s.660 3048 og 660 3193

## Atvinna óskast

### Byggingaverktakar
Afhverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Leyfðu okkur að aðstoða. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Allir okkar íslensku viðskiptavinir eru meira en ánægðir með okkar menn. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað.

**Upplýsingar í síma 897 8978, Alan.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



### Lubba enn leitað
**Lubbi er svartur geldur högni sem er týndur. Hann hvarf frá Njálsgötu fyrir tveimur vikum og getur verið kominn langt að heiman. Hann var með bláa ól þegar hann hvarf og er eyrnamerktur. Allar upplýsingar eru vel þegnar s. 660 2002.**

## Einkamál







Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

### Viltu kynnast fólki?
Fólk með sömu þarfir og þú er akkurat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

## póst húsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**
**101-13** Laugavegur, Snorrabraut
**101-14** Hverfisgata
**101-17** Bárugata, Stýrimannastígur
**101-20** Framnesvegur
**101-21** Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-27** Eggertsgata
**101-29** Hörpugata, Reykjavíkurvegur, Þjórsárgata, Þorragata
**101-39** Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
**101-44** Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
**101-47** Laugavegur
**101-61** Fossagata, Skerplugata
**104-02** Brúnavegur, Dyngjuvegur, Kleifarvegur, Kleppsvegur, Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-14** Drekavogur, Hlunnavogur, Njörvasund, Sigluvogur
**104-26** Dalbraut, Selvogsgrunn, Sporðagrunn
**105-06** Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-24** Miðtún, Samtún
**105-30** Hrísateigur, Otrateigur, Sundlaugavegur
**105-47** Flókagata, Skeggjagata
**107-02** Reynimelur
**107-07** Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
**107-08** Tómasarhagi
**107-10** Dunhagi, Fálkagata, Smyrilsvegur, Þrastargata
**107-12** Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
**108-32** Bjarmaland, Brautarland, Brúnaland
**110-17** Urriðakvísl, Álakvísl
**110-26** Seiðakvísl, Árkvörn
**112-36** Bakkastaðir
**112-37** Bakkastaðir, Barðastaðir
**112-49** Frostafold
**112-54** Laufengi
**113-05** Ólafsgeisli
**170-06** Barðaströnd, Vesturströnd
**200-03** Kópavogsbraut, Meðalbraut, Skjólbraut
**200-06** Borgarholtsbraut
**200-17** Hjallabrekka, Nýbýlavegur
**200-26** Hvannhólmi, Starhólmi, Stórihjalli, Vallhólmi
**200-60** Bjarnhólastígur, Hátröð, Álfhólsvegur
**210-06** Marargrund, Sjávargrund, Ægisgrund
**210-25** Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur
**210-29** Hrísmóar, Kjarrmóar
**210-30** Hlíðarbyggð, Lyngmóar
**220-39** Háabarð, Móabarð, Svalbarð
**220-52** Smárabarð, Suðurbraut
**220-55** Suðurgata
**221-18** Blómvellir, Burknavellir
**225-05** Bjarnastaðavör, Gerðakot, Hákotsvör, Litlabæjarvör, Sviðholtsvör, Þóroddarkot
**225-07** Lambhagi, Miðskógar
**230-14** Austurgata, Framnesvegur, Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesvegur
**230-25** Efstaleiti, Vatnsholt
**240-05** Blómsturvellir, Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvellir, Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
**240-06** Arnarhraun, Borgarhraun, Leynisbraut, Leynisbrún, Staðarhraun
**250-04** Heiðarbraut, Klapparbraut, Lyngbraut, Urðarbraut, Valbraut, Ósbraut
**250-05** Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-Kríuland, Skagabraut, Skólabraut
**260-03** Hlíðarvegur, Holtsgata, Hraunsvegur, Hólagata, Móavegur
**260-09** Fitjabraut, Klapparstígur, Sjávargata, Tunguvegur
**270-03** Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt, Þverholt
**270-07** Bjarkarholt, Dalatangi, Grundartangi, Hlaðhamrar
**270-19** Brekkuland, Hagaland, Helgaland, Hjarðarland, Álafossvegur
**800-13** Birkigrund, Furugrund, Grenigrund
**800-15** Birkivellir, Hrísholt, Merkiland, Vallholt, Víðivellir
**810-03** Brattahlíð, Dynskógar, Klettahlíð, Laufskógar
**810-05** Breiðamörk, Heiðmörk, Hveramörk, Reykjamörk

## HÚSA NAUST FASTEIGNASALA

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 17:00 OG 19:00



Falleg , rúmgóð 80 fm. tveggja herb. enda-íbúð á þriðju hæð í vesturbænum. Parketlögð stofa með útgengi á suður-svalir með fallegu útsýni, stórt flísalagt svefnherbergi. Baðherbergi með baðkari og tengi fyrir þvottavél. Húsið nýlega endurnýjað og málað að utan. ***VERÐ : 17,2 millj.***

## HÓLL tákn um traust

Opið hús í dag milli kl 18 og 19



Í dag fimtudag verðum við með opið hús að Starhólma 2 Kópavogi en um er að ræða 243,6 fm einbýlishús þar af er bílskúsinn ca 60 fm, 5-6 svefnherbergi og rúmgóð stofa. Nánari uppl veitir Kristberg í síma 892-1931 eða Ingi Björn í síma 820-3155

Hóll | Skúlagata 17 - 101 Reykjavík | Franz Jezorski löggiltur fasteignasali

## HÖFÐI FASTEIGNASALA

**SÍMI 565 8000**
**SÍMI 533 6050**
Bæjarhraun 22
Suðurlandsbraut 20

### Opið hús í dag á milli 19 og 21

## Háagerði 41





Í dag býðst þér að skoða þessa fallegu 4-ra herbergja rishæð. Sér inngangur, suður svalir. Þetta er íbúð með sál. Íbúðin er laus strax. Fallegir kvistir eru á íbúðinni. **Verð 16,5 millj.**

**Runólfur Gunnlaugsson • lögg. fasteignasali**
**www.hofdi.is**

## SAMIK

### Samstarf Íslands og Grænlands um ferðamál

**SAMIK auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til verkefna sem aukið geta samstarf Íslands og Grænlands á sviði ferðaþjónustu.**

**Styrkirnir geta aldrei numið nema 50% af heildarkostnaði viðkomandi verkefnis.**

Umsóknir skulu sendar samgönguráðuneytinu ***- merktar SAMIK -*** fyrir **1. september** n.k. á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin er einnig að finna á heimasíðu ráðuneytisins. Allar upplýsingar þurfa að vera á dönsku eða ensku. Nauðsynlegt er að leggja fram kostnaðaráætlun þess verkefnis sem sótt er um styrk til auk nákvæmra upplýsinga um umsækjendur, verkefnið og tilgang þess.

Stefnt er að því að ákvörðun um úthlutun styrkjanna liggi fyrir í lok september.

Fyrri helmingur styrksins er að jafnaði greiddur út þegar ákvörðun um styrkveitingu liggur fyrir og seinni helmingur þegar viðkomandi verkefni er lokið.

**Eldri umsóknir er nauðsynlegt að endurnýja.**

Nánari upplýsingar veitir Birgir Þorgilsson, stjórnarmaður SAMIK í síma 553 9799.

**SAMIK**
**Samgönguráðuneytinu**
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu
150 Reykjavík
*www.samgonguraduneyti.is*

## Lager og sendisveinn óskast,

þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Mjög fjölbreytt starf í boði.

Upplýsingar sendist á netfangið, bjarni@ri-verslun.is

## HEILDSÖLUÚTSALA

Snyrtivara – Gjafavara – Hársnyrtivara – Jólavara
Leðurhanskar – Kventöskur – Förðunarpennslar
og fleira og fleira milli kl. 1 og 5 næstu daga
**Dugguvogi 12 – Að ofanverðu**

## FRÉTTAMENN ÓSKAST

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendar til Þórs Jónssonar varafréttastjóra, Lynghálsi 5, 110 Reykjavík eða á netfangið thor.jonsson@365.is fyrir 20. ágúst 2005.

Sigmundur Ernir Rúnarsson
Fréttastjóri/Editor in Chief

365 ljósvakamiðlar óska eftir að ráða fréttamenn til starfa. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku máli og vera vel að sér í þjóðmálum. Kunnátta í erlendum tungumálum er einnig mikilvæg.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Húsavík

**Auglýst er eftir leikskólakennurum að leikskólanum í Bjarnahúsi á Húsavík.**

Húsavík er 2.500 manna bæjarfélag, þar er öflugt félags- og menningarlíf, aðstæður til uppeldis barna hinar ákjósanlegustu, vegalengdir litlar. Í bænum er framhaldsskóli, grunnskóli, tveir leikskólar, tónlistarskóli og öflug heilbrigðisstofun (sjúkrahús og heilsugæsla) auk allrar almennrar þjónustu.

Leikskólakennarar sem ráða sig að leikskólum á Húsavík fá greiddan flutningsstyrk samkvæmt reglum bæjarfélagsins. Aðstoð er veitt við útvegun húsnæðis.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Jóhannsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri vs. 464 2420 (jonabjorg@husavik.com).

Umsóknarfrestur er til 19. ágúst.

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Verkamenn

Vegna mikilla vinnu í allann vetur vantar okkur hörkuduglega verkamenn til starfa sem fyrst
Áhugasamir hafi samband við Arinbjörn í síma 822-4430

## GARÐABÆR
www.gardabaer.is

### Sjálandsskóli - Skólaliði

**100% starf skólaliða er laust til umsóknar.**

Umsóknir skulu berast skólastjóra, Helga Grímssyni, gsm. 820-8505, sem veitir allar nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við Starfsmannafélag Garðabæjar.

*Deildarstjóri skóladeildar*

Fræðslu- og menningarsvið

## Fellaskóli

- Vegna forfalla vantar kennara í unglingadeild. Meðal kennslugreina íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði.
- Þroskaþjálfi í sérdeild fyrir einhverfa.
- Skólaliða til að sinna baðvörslu o.fl. í búningsklefum karla í íþróttahúsi. Vaktavinna.

Upplýsingar veita Þorsteinn Hjartason skólastjóri og Kristín Jóhannesdóttir í síma 557 3800, 664 8170 og 664 8171.

**Umsóknir ber að senda í Fellaskóla, Norðurfelli 17-19, Reykjavík. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

## Hlíðaskóli

### Eftirtaldir starfsmenn óskast til starfa í Hlíðaskóla:

Umsjónarkennari á miðstig. Fullt starf
Enskukennari í unglingadeild. Hálft starf
Skólaliðar

Upplýsingar gefa Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 664 8225 og 552 5080 og Ingibjörg Möller aðstoðarskólastjóri í síma 664 8229 og 552 5080.

## Timberland

### Aðstoðarverslunarstjóri

Timberland er skemmtileg verslun með góðar og vandaðar vörur á alla fjölskylduna.

**Okkur vantar fleira starfsfólk.**

Það kemur bæði til greina ein heil staða eða tvær hálfar. Einnig vantar gott fólk í helgarvinnu.

Upplýsingar veitir verslunarstjóri.

**Timberland**
- Kringlan 4-12. S: 5332290 -

www.flugfelag.is | sími 570 3030 | fax 570 3001

## *Starfsmaður í farþega- og flugþjónustu á Egilsstöðum*



Vegna aukinna umsvifa óskar Flugfélag Íslands eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa í farþega- og flugþjónustu félagsins á Egilsstaðaflugvelli. Um er að ræða fullt starf á vöktum.

**Starfið:**
- Bókanir og fullnaðarfrágangur á fyrirframgreiddri þjónustu
- Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Innritun farþega og aðstoð við farþega í sal
- Hleðsla og afhleðsla flugvéla
- Eldsneytisafgreiðsla flugvéla
- Þjónusta við bílaleigu og erlenda flugrekendur

**Hæfniskröfur:**
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Bílpróf skilyrði, vinnuvélapróf æskilegt (frumnámskeið)
- Frumkvæði, sveigjanleiki og samviskusemi
- Góð almenn menntun, tölvu- og tungumálakunnátta
- Stundvísi og reglusemi

Leitað er að jákvæðum og góðum liðsmanni, sem hefur gaman af þjónustu, fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Vinnustaðurinn er reyklaus og þar ríkir góður starfsandi.

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa gaman af vinnunni sinni.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 230 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.*

Umsóknarfrestur:
Skriflegar umsóknir, merktar ofangreindum störfum, berist starfsmannastjóra eigi síðar en 18. ágúst nk. Rafrænar umsóknir sendist með tölvupósti á netfangið **www.flugfelag.is**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS -FLU 29165 08/2005



## Kópavogsbær

### Kópavogstún.

**Tillaga að skipulagi. Kynning.**

Í kvöld fimmtudaginn **11. ágúst** verður kynnt tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga nýju deiliskipulagi fyrir Kópavogstún. Skipulagssvæðið afmarkast af Urðarbraut í vestur, Kópavogsbraut og gatnamótum Digranesvegar/Borgarholtsbrautar í norður, Hafnarfjarðarvegi í austur og Kópavogi til suðurs. Í tillögunum er gert ráð fyrir að Kópavogsbærinn gamli, Hressingarhælið og leikskólinn Urðarholt auk bygginga Sunnuhlíðar komi til með að standa áfram. En miðað er við að byggingar nr. 1d, 9, 11,17 og 19 við Kópavogsbraut auk bygginga í eigu ríkisins miðsvæðis á skipulagssvæðinu (Kópavogshælið) verði fjarlægðar. Þess í stað muni ný byggð rísa,- einbýlishús, parhús og fjölbýlishús fyrir alls 325 íbúðir auk 57 þjónustuíbúða. Kynningin fer fram í samkomusal Kársnesskóla við Vallargerði og hefst hún kl. 20:00. Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar mun stýra fundinum.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

JARÐVÉLAR EHF

## Gröfumenn og verkamenn óskast

**Vegna mikilla verkefna viljum við ráða gröfumenn og verkamenn til starfa strax.**

Vinsamlegast hafið samband við Jarðvélar í síma 564-6980, Gsm 660 0580, eða fyllið út umsóknareyðublað á vefsíðunni *www.jardvelar.is*

---

VERÖLDIN OKKAR

**Erum að leita að starfsmanni í móttöku og gæslu barna, umsjón með afmælisveislum auk ýmissa annarra tilfallandi verkefna innan fyrirtækisins.**

Við leitum að manneskju sem er ábyrg, lifandi, óhrædd við að vinna ólík störf og er umfram allt barngóð.
Vinnutími er mánudagar til föstudaga frá 13-18.30.
Aldurstakmark 20 ár.
Upplýsingar um starfið gefa Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Guðbjörg Einarsdóttir, rekstrarstjóri.

**Veröldin okkar,**
**Smáralind**
**S. 544 2220**

---

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Verkamenn

Vegna mikilla vinnu í allann vetur vantar okkur hörkuduglega verkamenn til starfa sem fyrst
Áhugasamir hafi samband við Arinbjörn
í síma 822-4430

---

# ÞINGHOLT

Sími 590 9500

**Borgartún 20, 105 Reykjavík** Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali

**OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-18.00,**
**FÖSTUDAGA 9.00-17.00 SÍMAVAKT UM HELGAR**



### Veghús

Falleg 4-5 herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi. Vestur svalir með miklu útsýni. Geymla er á hæð, bílastæði í bílageymslu, húsvörður og eftirlitsmyndavélar. Laus við undirskrift.
**Verð: kr.19.4 millj.**



### Bólstaðarhlíð

Glæsileg 185 fm. 5 herb. neðri hæð á þessum eftirsótta stað. Um er að ræða opna bjarta íbúð með stórum sólskála,svölum og garði ásamt 40 fm. bílskúr, samtals rúmlega 225 fm.
**Verð: kr.38 millj.**



### Álftamýri

Laus fljótlega. Frábær staðsetning. Góð 4ra herb. 102 fm. íbúð á annari hæð ásamt 21 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað. Hús og sameign nýlega standsett.
**Verð: kr.21.9 millj.**



### Naustabryggja

Glæsileg íbúð 4 herb. á eftirsóttum stað. Opið er úr eldhúsi inn í borðstofu og stofu. Mikil lofthæð. Svefnherbergin eru öll með merbrau parketi. Baðherbergi er vandað. Bílageymsluhús.
**Verð: kr.24.9 millj.**



### Holtsgata

Góð tveggja herbergja íbúð á frábærum stað. Eldhús með ljósri innréttingu, lítill borðkrókur. Herbergi með parketi á gólfi og skáp. Stofa með parketi á gólfi. Gott baðherbergi.
**Verð: kr.12.3 millj.**

---

# HB FASTEIGNIR

**Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík**
**Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is**
**Hrafnhildur Bridde - Löggiltur fasteignasali**



**3JA -4RA HERB. ÍBÚÐ Í GRAFARVOGI – FROSTAFOLD**
Íbúð með 3-4 herb.
Sér inng. af svölum- sameiginl.garður.
Gott skipulag.
Dúkar og plastparket á gólfum.
Lagt fyrir þvottvél og þurrkara á baði.
Frábært útsýni - stutt í alla þjónustu.
**VERÐ KR.18.900, -MILLJ.**



**3JA HERB. ÍBÚÐ Í SELJAHVERFI – STRANDASEL**
Rúmgóð íbúð – gott útsýni.
Góð stofa m/útgengi út á suður svalir.
Nýleg hvít IKEA eldhúsinnrétting.
Baðherbergi nýlega flísalagt í hólf og gólf.
Lagt fyrir þvottavél á baði.
Stutt í alla þjónustu / Bónus við hliðina.
**VERÐ KR. 16.5000,- MILLJ.**



**HÆÐ Í SKERJAFIRÐINUM – EINARSNES**
Ca. 131,5 fm íbúð – ný standsett – mikil lofthæð
Nýtt eikar plankaparket á gólfum,
Eldhús m/ nýjum tækum og nýrri viðarinnréttingu.
Baðherbergi m/ nýjum tækjum flísalgat í hólf og gólf.
3 svefnherbergi m/skápum.
Mjög góð staðsetning – mikið útsýni.
**VERÐ KR 36.000,- MILLJ.**



**2JA HERB. Í MIÐBÆNUM - NJARÐARGATA**
Vel skipulögð íbúð.
Sameiginlegur inngangur og garður.
Lítill sólpallur í garði - útg. - úr eldhúsi.
Stórt opið eldhús m/ nýl. innréttingu.
Sér geymsla og saml. þvottahús.
Góð staðsetning.
**VERÐ KR. 12.900,- MILLJ**

## HÖFUM KAUPENDUR AÐ EFTIRTÖLDUM EIGNUM

1) **Sérhæð ca. 150 fm í vesturbænum auk bílskúrs**
2) **Einbýlishús, parhús eða raðhús á Seltjarnarnesinu**
3) **Penthouse í búð í Sjálandshverfinu í Garðabæ**
4) **3ja herbergja í búð 2-3 hæð í Vesturbænum (Skjólin)**
5) **Ýmsum tegundum eigna á öllu höfuðborgarsvæðinu.**



**Teitur Lárusson**
**Sölufulltrúi**
**Gsm 894-8090**

SPRENGJU OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| 11. ágúst | 9-19 |
| 12. ágúst | 9-19 |
| 13. ágúst | 10-18 |
| 14. ágúst | 13-17 |

• OPIÐ ALLA HELGINA • GEGGJUÐ TILBOÐ

## GEFORCE6 NX6200
128MB MSI GeForce6 NX6200-AX AGP skjákort
**7.990**

## GEFORCE6 NX6600
256MB MSI GeForce6 NX6600-VTD AGP skjákort
**14.900**

## GEFORCE6 NX6600GT
MSI GeForce6 NX6600GT 128MB 1000MHz 128-bit DDR3 minni eitt öflugasta PCI Express skjákortið í dag
**17.900**

## VIDEOSEVEN 19" SKJÁR
V7 VIDEOSEVEN DISPLAYS FOR You

Glæsilegur silfurlitaður VideoSeven V7 19EM LCD skjár með 1280x1024@75Hz, 800:1 í skerpu, 12ms svartíma, skotheldur í leikina. Nettur, léttur og frábær hönnun

ATHUGIÐ AÐEINS 20 STK

Glæsilegur 19" LCD
**29.900**

## FARTÖLVU BAKPOKI
Samsonite

Einn flottasti og þægilegasti tölvu bakpoki sem þú getur fundið í dag á ótrúlegu sprengjuverði, þú kemur ferðatölvunni, skóladótinu og öllum fylgihlutunum léttilega fyrir í þessari vönduðu tösku

Samsonite New Jack
**4.990**

## BLAUT OG ÞURRKLÚTAR
Blaut- og þurrklútar í Twin pack 12 stk. til að hreinsa LCD skjái
**490**

## ACER 1715 LCD SKJÁR
- 500:1 í skerpu
- 1280X1024@75Hz
- 12ms savrtími
- VGA tengi
- Silfurlitaður

Glæsilegur 17" Acer AL1715S, TFT LCD skjár
**22.900**

## 19" XEROX SKJÁR
- 1000:1 í skerpu
- 1280X1024@75Hz
- 8ms svartími
- DVI og VGA tengi
- Svartur og silfraður

19" XEROX LCD skjár með glerhlíf
**44.900**

## HÁTALARAKERFI
Labtec Arena 685, 5.1 hátalarakerfi, 26,5 W RMS
**6.990**

## SJÓNVARPSKORT
Kworld TV-Tuner card Pro, MPEG 1 og 2, útvarp og fjarstýring
**5.990**

## ÞRÁÐLAUS NETKORT
54Mbps 802.11g netkort frá MSI á ótrúlegu verði
**2.790**

## KVM SWITCH
Planet 2-Port KVM Switch tengdu 2 tölvur við 1 skjá
**3.990**

## ADSL ROUTER
ZyXEL Prestige 660H ADSL modem router með 4-port hub
**4.990**

## 7.1 HLJÓÐKORT
Sound Blaster LIVE! 24-bit hljóðkort allt að 7.1 stuðningur
**2.990**

## OFFICE SKÓLALEYFI
Microsoft Office 2003 skólaleyfi fyrir 3 vélar
**12.990**

## VÍRUSVÖRN
TREND MICRO

OG ELDVEGGUR FRÁ TREND MICRO

Ver þig gegn:
- Vírusum
- Tölvuþrjótum
- Aðskotahugbúnaði
- Ruslpósti
- Upplýsingaþjófnaði
- Og margt margt fleira

Trend Micro Internet Security 2005 retail, öflug vírusvörn
**2.990**

# TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ

1 REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
2 AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
3 KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400

Tilboð gilda dagana 11. ágúst til 14. ágúst eða meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl.

ÖLVUBÚNAÐI • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

## SENNHEISER
Sennheiser HD-201 heyrnatól á ótrúlegu verði
**1.990**

## VEFMYNDAVÉL
Logitech Messenger Webcam vefmyndavél
**3.990**

## TURNKASSI
Chieftec Dragon3 turnkassi m/ hljóðlátum 410W aflgjafa
**9.990**

## TURNKASSI
Artemis SA556 - Middle Tower turnkassi 300W
**3.990**

## BURÐARÓL
Þægileg Antec burðaról fyrir flesta turnkassa
**790**

## HLJÓÐLÁTUR AFLGJAFI
300W aflgjafi frá Fortron með hljóðlátri 120mm viftu
**3.990**


SPRENGJA
TÖLVULISTINN
SPRENGJU OPNUNARTÍMAR
11. ágúst 9-19
12. ágúst 9-19
13. ágúst 10-18
14. ágúst 13-17
SPRENGJAN ER BYRJUÐ Í TÖLVULISTANUM
Canon iP4000
Frábær prentari frá Canon sem prentar beint á geisladiskinn
• Full duplex prentun
• 4800dpi upplausn
• 5 hylkja kerfi
• Full blæðing að A4
• USB og Parallel tengi
Prentar á geisladiska
Bara stinga diskunum í innbyggðan bakka og prenta. Ekkert mál!
Prentar báðu megin!
Stórsniðugt, prentar sjálfvirkt báðu megin á pappírinn (Duplex)
Canon
14.900
CANON iP1500
Canon
iP1500 er nettur og góður heimilisprentari sem skilar hágæða ljósmyndum, vefsíðum og skjölum með hraða og hagkvæmni á ótrúlegu sprengjuverði
Glæsilegur prentari frá Canon
4.990
CANON A400
Canon
• Canon PowerShot A400
• 3.2 Megapixlar
• 2xOptical Zoom
• 1,5" LCD skjár
• 16MB SD kort
• Aðeins 165gr
12.900
CANON LIDE25
Canon
48bita, 1200x2400dpi, USB 1.1/2.0, örþunnur skanni
5.990
CANON MP370
Canon
Prentari, skanni, ljósritunarvél prentar beint af minniskortum
12.900
CANON iP3000
Canon
4ra hylkja prentari sem prentar á CD, 22bls/mín í SH, 15bls í lit
9.990
LEXMARK E232
LEXMARK
Lexmark geislaprentari, 2400IQ dpi, 22bls/mín.
14.900
PAPPÍR OG REKSTRARVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
MINNISKORTALESARI
TRAXDATA
USB
11 IN 1
1.990
LJÓSMYNDAPAPPÍR
Canon
Glossy photo
50 arkir A4
GP - 401
990
BLEKSPRAUTUPAPPÍR
Canon
500 A4 arkir
390
512MB SECURE DIGITAL
SanDisk
512MB
4.490
512MB COMPACT FLASH
SanDisk
512MB
4.990
CANON BCI-24
Canon
790

# Vanhugsuð ummæli Péturs Blöndal

UMRÆÐAN
PÉTUR BLÖNDAL OG LÆKKUN VIRÐISAUKASKATTS Á MATVÆLI



ÍVAR SVERRISSON
LEIKARI

Ég las það í Fréttablaðinu 9. ágúst að Pétur Blöndal hefði látið í ljós skoðun sína á lækkun matarskatts. Á einhvern ótrúlega taktlausan máta tókst honum að fara út fyrir sitt verksvið og setja sig í stellingar næringarfræðings þjóðarinnar þar sem hann gerði lítið úr landbúnaðarvörum sem fæðu þar sem þær væru of fituríkar og svo til að bæta gráu ofan á svart leyfði hann sér að þjófkenna alla Íslendinga!

Rökleysa hans fólst í því að vara við lækkun virðisaukaskatts á matvæli þar sem það myndi hvetja til skattsvika. Þetta er ekki það viðmót sem maður vill fá frá ráðamönnum þjóðarinnar að manni sé ekki treystandi. Það eru alltaf einhverjir sem stunda skattsvik, hvort sem það er fyrir lækkun matarskatts eða eftir. Hins vegar væri það mikil búbót fyrir fólkið í landinu ef ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir lækkun matvöruverðs. Fólkið í landinu er margskattlagt og duldir skattar alls staðar og sumstaðar allt of háir e.o. til að mynda á matvöru, barnafötum og öðrum barnavörum. Í Bretlandi til að mynda eru miklu lægri gjöld lögð á barnaföt og barnavörur, bleiur þar meðtaldar, sem að sjálfsögðu endurspeglast í miklu lægra verði á þessum vörum. Svo má ekki gleyma áfenginu sem er selt á svo háu verði hér á landi að það mætti halda að það fylgdu ríkishlutabréf með í kaupunum. Ég tek undir röksemdafærslu Jóns Gnarrs á baksíðu Fréttablaðsins um daginn sem hljóðaði einhvern veginn svona: Alkóhólistar misnota áfengi hvað sem það á annað borð kostar en það er ósanngjarnt að láta það bitna á öllum hinum sem ekki gera það, sem er meirihlutinn.

Ég er líka mjög ósammála Pétri þegar hann heldur því fram að lækkun á neðsta þrepi matarskatts væri aðallega í þeim tilgangi að sporna gegn offituvandanum og hann heldur því fram að það myndi ekki skila sér í árangri þar, þar sem til dæmis landbúnaðarvörur tilheyri þessum flokki og séu mjög fituríkar. Ég get ekki orða bundist þegar ég heyri svona staðhæfingu slengt fram af fáfræði.

Ég hef alla tíð hugsað mikið um heilsuna og það hefur verið áhugamál hjá mér að lifa heilbrigðu lífi, ég er örugglega einn af mörgum Íslendingum sem leyfi mér að borða hollan mat þó hann sé dýr, reyki ekki, nota áfengi í hófi og snerti ekki eiturlyf. Offituvandamál blasir hins vegar við okkur Íslendingum og lækkun matvöruverðs myndi miklu frekar stuðla að bættari matarvenjum þar sem hollur matur fengist á betra verði og svo væri hægt að fylgja því eftir með því að poppa upp matreiðslukennslu í grunnskólum. Því ég hef það á tilfinningunni að unglingar í dag séu ekki alveg að finna sig í eldhúsinu og leiti frekar í skyndibitann. Það er heldur ekki rétt að fitan í mjólkurvörum geti leitt til offitu, heldur er það neysla gosdrykkja og nammi og skyndibitaát sem eykur kolvetnisinntöku svo mikið að líkaminn þarf ekki að nýta fitu úr öðrum mat í orku og hún situr því eftir utan á líkamanum.

Kæri Pétur Blöndal, ég vona að þú takir þessi sjónarmið til greina í umræðunni og slakir aðeins á alhæfingum um íslenska þjófaeðlið. ■

# Lóðaúthlutanir í Kópavogi – af gefnu tilefni

ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON
FORMAÐUR BÆJARMÁLARÁÐS VINSTRI-GRÆNNA Í KÓPAVOGI

Kópavogsbær úthlutaði nýverið um 200 lóðum í Þingahverfi, en það er hluti af svæðinu á Vatnsenda, uppi við Elliðavatn. Þessar úthlutanir hafa verið nokkuð til umræðu, og m.a. verið bent á að margir „áberandi“ og „vel megandi“ einstaklingar hafi fengið þar lóðir, en einnig að fólk með góð tengsl inn í bæjarkerfið hafi fengið þarna lóðir, umfram aðra. Eins og gefur að skilja verja forráðamenn bæjarins þessa úthlutun, og vísa í að farið hafi verið eftir settum reglum. Þetta kann að vera rétt, en gallinn er sá að reglurnar sem farið er eftir eru engan veginn nógu gagnsæjar. Í raun er hægt að lesa út úr reglunum að það sé algerlega undir geðþótta bæjarráðsmanna komið hverjir fá lóðir á hverjum tíma. Hvort sem það er þannig eða ekki að bæjarráðsmenn hafi „togað í spotta“, er það óásættanlegt að reglurnar séu svo loðnar og auðsveigjanlegar að slíkur kvittur komi upp. Því miður er þetta ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerist, og ekki það síðasta, verði reglunum ekki breytt. Bæjarbúar og aðrir umsækjendur verða að geta trúað því að allir sitji við sama borð þegar að úthlutun kemur. Það er algerlega óþolandi að gæðum eins og lóðum, sé úthlutað eftir fyrirkomulagi sem er jafn loðið og raun ber vitni. Það er jafnframt óviðunandi að þeir sem fá úthlutað lóðum þurfi í kjölfarið að sitja undir ásökunum í fjölmiðlum um að hafa notið einhvers forgangs. Til lengdar er slíkt orðspor slæmt til afspurnar fyrir bæinn og getur jafnvel fælt umsækjendur frá.

Nokkrar leiðir hafa verið reyndar í sveitarfélögunum í næsta nágrenni Kópavogs. Happdrætti sem allir geta tekið þátt í er ein leið til jafnræðis, en verð lóðanna verður þá að vera sem næst markaðsverði á svæðinu, annars aukast líkur á að fólk sæki um til þess eins að leysa inn hagnað við sölu lóðarinnar. Uppboð eru ósanngjörn að því leyti að þau útiloka í raun aðra en þá sem hafa tekjur í hærri kantinum eða aðgang að fjármagni. Á móti má segja að sveitarfélagið getur þá notað það fé sem fæst umfram útlagðan kostnað til að bæta félagslega þjónustu og bæta aðstöðu þeirra sem ekki geta boðið í lóðir. Einnig hefur verið notað punktakerfi þar sem fyrirfram er ákveðið að menn fái punkta fyrir ákveðna þætti, s.s. búsetu, fyrri umsóknir, fjölskyldustærð o.fl. Enn ein leið væri fær, en hún væri sambland af einföldu punktakerfi og útdrætti. Þannig mætti nota punktakerfið til að minnka þann hóp sem eftir væri til útdráttar þegar fleiri sækja um heldur en lóðir eru í boði.

Hvaða kerfi sem er valið, þá verður að vera hægt að treysta því að menn fái ekki úthlutað gæðum á vegum bæjarins í krafti nafns síns eða stöðu, og þeir sem fá úthlutun geti treyst því að úthlutun þeim til handa verði ekki gerð tortryggileg vegna óvandaðra vinnubragða bæjaryfirvalda. ■

SKÓLABAKPOKARNIR FRÁ O´NEILL ERU KOMNIR!

SÖLUSTAÐIR:
Everest - Skeifunni
Músik og Sport - Hafnarfirði
Hafnarbúðin - Ísafirði
Skógar - Egilsstöðum
Fríhöfnin Sport - Keflavíkurflugvelli
Sportbúð Óskars - Reykjanesbæ

Penninn:
Kringlunni
Hallarmúla
Ísafirði

Eymundsson:
Austurstræti
Kringlunni
Smáralind
Hafnarfirði
Glerártorgi Akureyri

Mál og Menning:
Laugavegi
Mjóddinni

Bókval Akureyri







DVD DISKUR OG HULSTUR FYLGIR MEÐ!

SPORTÍS
Umboðsaðili - s: 533 3800 - Austurhrauni 3 - 210 Gbr.

Kodak EasyShare C300
- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5” skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun
- Verð: 9.900 kr

1.980 kr. á mánuði*



SUMARTILBOÐ

Kodak EasyShare LS755
- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5” skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar
- Verð: 34.900 kr
- Verð áður ~~39.900~~ kr

6.980 kr. á mánuði*



Kodak EasyShare LS743
- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8” skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- Verð: 24.900 kr

4.980 kr. á mánuði*



www.hanspetersen.is
HANS PETERSEN
Kodak EXPRESS
* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.441,89 **-0,94%**

**Fjöldi viðskipta:** 471
**Velta:** 4.930 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | 0,97% | **Actavis** | -4,46% |
| **FL Group** | 0,34% | **Burðarás** | -2,87% |
| **Marel** | 0,16% | **Straumur** | -2,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,70 -4,46% ... Bakkavör 40,00 -2,22%... Burðarás 16,90 -2,87%... FL Group 14,70 +0,34% ... Flaga 4,35 +0,00% ...HB Grandi 8,45 +0,00% ... Íslandsbanki 14,25 -1,04% ... Jarðboranir 20,80 -0,48% ... KB banki 579,00 -0,34% ... Kögun 57,40 -1,03% ... Landsbankinn 20,30 +1,46% ... Marel 63,00 +0,16% ... SÍF 4,80 +0,00% ...Straumur 13,15 -2,59% ... Össur 85,50 -0,58%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Óánægja með Actavis



Fjárfestar tóku uppgjöri annars ársfjórðungs hjá Actavis ekki vel því gengi félagsins lækkaði um 4,5 prósent í kjölfar birtingar. Hagnaður dróst saman og var undir væntingum greiningardeilda bankanna. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem afkoma fyrirtækisins er undir væntingum.

Á kynningarfundi uppgjörsins var Róbert Wessman, forstjóri Actavis, spurður út í hvort mikill tími færi í fasteignabrask hans. Hann sagði svo ekki vera en einhverjir fjárfestar óttuðust að forstjórinn eyddi tíma sínum í að skoða vænleg fjárfestingartækifæri á fasteignamarkaði. Fjárfestingar Róberts og Björgólfs Thors eru í elliíbúðum fyrir ríka Evrópubúa og kannski að sumir hafi óttast að þeir félagar hygðust fara að setjast í helgan stein. Athygli vakti einnig leiðrétting á uppgjöri Actavis sem barst Kauphöllinni en sex atriði höfðu misfarist í tilkynningu frá félaginu.

### Tyrkland til vandræða

Það sem dró uppgjör Actavis niður var að afkoman í Tyrklandi var ekki eins góð og menn höfðu vænst. Í Tyrklandi þarf að greiða háa skatta, auk þess sem afkoman er háð gengissveiflum tyrknesku lírunnar. Tyrkir búa við álíka stöðugt efnahagskerfi og Íslendingar bjuggu við í tíð Steingríms Hermannssonar. Stærstu markaðir Actavis eru nefnilega enn sem komið er í löndum þar sem stjórnarfar og rammi í efnahagskerfinu er ekki traustur. Það er kannski verkefni forsvarsmanna félagsins að kynna þessum þjóðum íslenska þjóðarsáttarsamninga og stjórnunarhætti Davíðs Oddssonar.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Einar Sigurðsson**, framkvæmdastjóri Rekstrarstýringar og viðskiptaþróunar hjá **FL Group**, hefur ákveðið að láta af störfum hjá félaginu.

**Þorsteinn Örn Guðmundsson** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri stefnumótunar og viðskiptaþróunar hjá **FL Group**.

**Össur** hefur tekið við rekstri **Royce Medical Holding, Inc**. Greiðslur hafa verið inntar af hendi og báðir aðilar hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi.

**FL Group** hefur keypt 1,51 prósents hlut í breska flugfélaginu **easyJet** og á eftir kaupin 13,01 prósent í félaginu.

# Spá frekari veikingu krónunnar

**Sala Símans breytti væntingum um innstreymi gjaldeyris.**

Krónan veiktist um 0,73 prósent í gær og hefur hún lækkað alla daga vikunnar. Starfsfólk fjármálafyrirtækja segir skýringuna líklega þá að minna af gjaldeyri komi til landsins í tengslum við sölu Símans um daginn. Þar muni nokkur hundruð milljörðum. Hluti af greiðslunni sé í erlendri mynt og vísbendingar um að þeim peningum verði varið í að greiða niður erlendar skuldir. Við það minnkar væntanleg eftirspurn eftir íslenskum krónum og hefur áhrif á gengi hennar til lækkunar.



**SPÁ HJÖÐNUN VERÐBÓLGU** Greiningardeild Íslandsbanka segir útlit fyrir að verðbólga hjaðni nokkuð á síðasta ársfjórðungi.

Þeir sem Markaðurinn talaði við sögðu að þegar margir þátttakendur á gjaldeyrismarkaði kæmust á sömu skoðun, það er að krónan væri að veikjast og skrifuðu meðal annars um það í vefrit fjármálafyrirtækjanna, færu þeir að selja krónur. Hins vegar ef krónan lækkaði mikið kæmu aðrir og keyptu, meðal annars erlendir aðilar.

„Gengi krónunnar gefur sennilega eftir að einhverju leyti á næstu dögum og jafnvel vikum, “ sagði í Morgunkorni Íslandsbanka nýlega. „Þá er einnig útlit fyrir að verðbólga muni hjaðna nokkuð á síðasta fjórðungi ársins en það, ásamt efasemdum margra um vilja Seðlabankans til að hækka stýrivexti þegar gengisvísitalan er undir 110 stigum, er einnig til þess fallið að stuðla að gengislækkun krónunnar á næstu dögum.“ – bg

# Góður hagnaður hjá vélstjórum

Um 433 milljóna króna hagnaður varð af starfsemi Sparisjóðs vélstjóra (SPV) á fyrstu sex mánuðum ársins. Það er 85 prósenta meiri hagnaður en á sama tímabili árið 2004.

Hagnaður SPV byggist öðru fremur á góðum árangri af hefðbundinni bankastarfsemi. Hreinar vaxtatekjur jukust um 74 prósent á milli ára. Aðrar rekstrartekjur hækkuðu hins vegar um fjórðung. Önnur rekstrargjöld drógust saman um tvö prósent. Kostnaðarhlutfall sparisjóðsins var aðeins 37 prósent á fyrri helmingi ársins samanborið við 56 prósent árið 2004.

Arðsemi eigin fjár var um 16,7 prósent en var um 11,1 prósent í fyrra.



**ÖRUGGUR REKSTUR HJÁ SPV** Bankastarfsemi SPV skilar miku en vaxtatekjur hækka mun meira en vaxtagjöld. Kostnaður dróst saman milli ára.

Heildareignir SPV námu í lok júní 33,5 milljörðum króna og höfðu hækkað um fjóra milljarða frá áramótum. Eigið fé er komið yfir 5,4 milljarða en þar af er stofnfé 122 milljónir. - eþa




**ALLT Á AÐ FARA** Útsölum lauk nú um síðustu helgi en þær hófust í lok júní. Skiptar skoðanir eru um hvort útsölutíminn sé of langur.

# Söluaukning á útsölum

**Útsölum lauk um síðustu helgi. Forsvarsmenn verslunarmiðstöðva segja söluaukningu hafa orðið milli ára.**

Útsölum lauk formlega um síðustu helgi og segjast forsvarsmenn stóru verslunarmiðstöðvanna tveggja ánægðir með árangurinn.

Hermann Guðmundsson, markaðsstjóri Kringlunnar, segir útsölur hafa gengið mjög vel fyrir sig miðað við fyrri ár: „Útsölutíminn er náttúrlega sá tími þegar fólk er hvað mest á ferð og flugi. Þeir kaupmenn sem ég hef talað við segjast hafa orðið varir við mikla söluaukningu frá því í fyrra. Ég myndi skjóta á átta til tólf prósenta aukningu, þótt hún sé auðvitað ekki byggð á vísindalegum útreikningum.“

Í Smáralind lauk útsölum á sunnudag og var Theódóra Þorsteinsdóttir markaðsstjóri ánægð með hvernig til tókst: „Útsölurnar fóru vel af stað og áttu sterkan endasprett. Ég held að kaupmenn séu almennt mjög sáttir við sitt.“

Útsölur hófust í lok júní en Theódóra segir skiptar skoðanir um hvort útsölutíminn sé of langur: „Við fengum nú ekki margar athugasemdir þess efnis í ár.“ - jsk

# Magnús selur í Samson

Eignarhaldsfélög í eigu Magnúsar Þorsteinsson seldu í gær hluti sína í Samson eignarhaldsfélagi, Samson Global og Topaz Equities, að því er kemur fram í tilkynningu á vef Kauphallar Íslands.

Eftir viðskiptin eru félögin að fullu í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar og Björgólfs Guðmundssonar. Samson eignarhaldsfélag er eigandi að tæplega 45 prósent hlutafjár í Landsbankanum, Samson Global á rúm 22 prósent í Burðarási og Topaz Equities er eigandi að rúmum sjö prósenta hlut í Straumi fjárfestingarbanka. - jsk



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Magnús hefur selt hluti sína í Samson og tengdum félögum. Félögin eru nú að fullu í eigu Björgólfsfeðga.


AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI
Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga
á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði
Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.




Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins.
Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

Fíton/SÍA F I 0 1 3 8 5 3 7

# FÁÐU 42" PLASMATÆKI OG SKJÁVARPA

**Verðlaun í framhaldsskólasöfnuninni!**

**1. verðlaun**
Sony 42" plasmatæki og HP skjávarpi!
að verðmæti 549.900 kr.

**2. verðlaun**
Sony 42" plasmatæki!
að verðmæti 323.900 kr.

**3. verðlaun**
Playstationpakki!
að verðmæti 100.000 kr.




## FYRIR NEMENDAFÉLAGIÐ ÞITT!

## GRUNNSKÓLASÖFNUN!

Í ár gefst grunnskólanemendum kostur á að vinna glæsileg verðlaun í söfnunarleik sem er eingöngu fyrir grunnskólanemendur!







**Þythokkíborð**
að verðmæti 58.500 kr.




**Fussballborð**
að verðmæti 43.900 kr.

Fussballborðin og þythokkiborðin fást hjá SVS Heildverslun www.pingpong.is

**Minnum á langstærsta skiptibókamarkaðinn á Íslandi í Office 1 Skeifunni 17!**

## Svona virkar skólasöfnunin!

Þeir sem versla í Office 1 gefa upp við afgreiðslukassa í hvaða skóla þeir eru. Þann sjöunda september fær svo nemendafélag þess skóla sem verslaði mest hjá Office 1 fyrstu verðlaun.

### Fylgstu með á vefnum

Staðan er uppfærð daglega á www.office1.is og þú getur fylgst með hvaða skóli hefur vinninginn þá stundina.

Skeifan
Smáralind
Akureyri
Egilsstaðir
Ísafjörður

**Office 1 Superstore**

Opið alla daga

**PERVEZ MUSHARRAF (1943)**
á afmæli í dag.



*„Hugarfari fólks verður ekki breytt til betri vegar með valdi og þvingunum.“*

*Pervez Musharraf, forseti Pakistans, fæddist á Indlandi fyrir 62 árum en flutti til Pakistan árið 1947.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Alcatraz verður alríkisfangelsi

Á þessum degi árið 1934 var hið alræmda Alcatraz-fangelsi í San Francisco-flóa gert að alríkisfangelsi, en hafði fram að því hýst herfanga.

Spánverjar námu land á eyjunni árið 1775 og kölluðu hana „Isla de los Alcatraces“ eða eyja pelíkananna. Spánverjar víggirtu eyjuna og seldu Bandaríkjamönnum árið 1849. Áratug síðar var herbúðum komið þar fyrir og árið 1868 var eyjunni breytt í herfangelsi.

Árið 1934 var fangelsinu rammgerða breytt í alríkisfangelsi fyrir hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Meðal þeirra sem fluttir voru á eyjuna fyrsta mánuðinn var mafíuforinginn Al Capone.

Rúmlega 30 flóttatilraunir voru gerðar úr fangelsinu en engin þeirra er talin hafa heppnast. Aðeins er vitað um eitt tilfelli þar sem maður gat synt yfir á meginlandið en lögreglan fann hann við Golden Gate brúna, meðvitundarlausan og í losti vegna ofkælingar.

Alcatraz-fangelsi var lokað árið 1963 sökum mikils viðhaldskostnaðar. Fangelsið hýsti um 1.500 fanga á tæpum 30 árum. Árið 1964 lagði hópur Sioux-indíána undir sig eyna um hríð



**ALCATRAZ**

með tilvísan um lög frá 1868. Stúdentar af indíánaættum endurtóku leikinn nokkrum árum seinna en voru hraktir burt árið 1971. Ári síðar var eyjan opnuð almenningi og er meðal vinsælli ferðamannastaða í San Francisco.

## MERKISATBURÐIR

1863 Kambódía verður frönsk nýlenda.

1914 Frakkar lýsa yfir stríði gegn Austurríki-Ungverjalandi.

1919 Weimar-lýðveldið sett á fót í Þýskalandi.

1936 Chiang Kai-shek sölsar undir sig Kanton-hérað í Kína.

1938 Robert Baden-Powell, upphafsmaður skátahreyfingarinnar, kemur til Reykjavíkur ásamt skátaforingjum frá Englandi.

1964 Bítlarnir frumsýna A Hard Day's Night í New York.

1965 Bítlarnir frumsýna Help í New York.

1976 Sautján falla í kynþáttaóeirðum í Höfðaborg.

1991 Brasilíski knattspyrnumaðurinn Pele kemur til Íslands og hittir knattspyrnumenn víðs vegar um landið.



†

*Okkar ástkæri sonur, bróðir og barnabarn,*

**Hjörtur Sveinsson**

Grænatúni 6, 200 Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 4. ágúst, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. ágúst klukkan 13.00.

| | |
|---|---|
| **Margrét Samúelsdóttir** | **Sveinn Sveinbjörnsson** |
| **Sveinbjörn Sveinsson** | **Grétar Már Sveinsson** |
| **Margrét Hannesdóttir** | **Laufey Guðlaugsdóttir** |



†

*Elskulegi sonur okkar og bróðir,*

**Máni Magnússon**

Lækjarhjalla 14, Kópavogi,

lést af slysförum sunnudaginn 7. ágúst síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Hjallakirkju föstudaginn 12. ágúst kl 15.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á Björgunarsveitina Heimamenn, Reykhólum.

**Foreldrar og systkini.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Iðunn Björnsdóttir**

Einimel 7, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 12. ágúst klukkan 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynninguna K.Í. Skógarhlíð 8, Reykjavík s. 540-1900.

| | |
|---|---|
| **Edda Birna Gústafsson** | **Magnús Gústafsson** |
| **Birna Gústafsson** | |
| **Halldór Kristjánsson** | |
| **Björn Kristjánsson** | |



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Ásta Sigríður Ingvarsdóttir**

Hrafnistu í Hafnarfirði,
áður Hjarðarhaga 42, Reykjavík,

sem andaðist 6. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. ágúst klukkan 11.00.

**Gunnar H. Ólafsson**



**FRÁ HLÍÐAFJALLI** Snjórinn hefur verið stopull undanfarin ár og opnunartími skíðasvæðisins þarafleiðandi dregist saman.

FRAMKVÆMDIR HEFJAST Á FYRSTA SNJÓFRAMLEIÐSLUKERFI LANDSINS:

# Jólin verða alltaf hvít

Snjóleysi hefur gert mörgum skíðamanninum lífið leitt undanfarin misseri. Er svo komið að Akureyringar hafa ákveðið að treysta ekki lengur eingöngu á veðurguðina fyrir gott skíðafæri og hefja framkvæmdir á snjóframleiðslukerfi í Hlíðafjalli í dag. Kerfið er fyrsta sinnar tegundar hér á landi.



**GUÐMUNDUR KARL JÓNSSON** Segir að um 85 prósent skíðasvæða í heiminum séu með snjóframleiðslukerfi.

„Við ráðumst í þessar framkvæmdir svo að við getum opnað skíðasvæðið fyrr á veturna og opnunartíminn verði stöðugri,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins á Akureyri. Skíðasvæðið er yfirleitt opið frá desember fram í febrúar, en eftir það þarf oftar en ekki að loka því tvisvar til þrisvar yfir veturinn sökum snjóleysis. „Með þessu tæki getum við komið okkur upp forðabúri sem ætti að endast yfir veturinn. Það verða alltaf hvít jól á Akureyri,“ bætir Guðmundur við og hlær.

Það er viðamikið verk að framleiða snjó. Fyrir það fyrsta þarf nóg af vatni og frosti. „Við búum til uppistöðulón sem við dælum vatninu úr,“ útskýrir Guðmundur. „Á um 2.600 metra löngum kafla komum við fyrir eins konar brunahönum og þegar frýs getur snjóvélin breytt vatni í snjó og dælt honum úr brunahönunum. Aukabirgðirnar gera að verkum að þegar hlánar, bráðnar ekki allur snjórinn.“ Til snjóframleiðslu þarf að vera um tveggja stiga frost en kerfið afkastar meiru eftir því sem kólnar.

Að sögn Guðmundar eru um 85 prósent skíðasvæða um allan heim með snjóframleiðslukerfi og löngu tímabært að Íslendingar tileinki sér tæknina líka. „Ætli við höfum ekki litið á snjóinn sem sjálfsagðan fylgifisk vetursins þótt annað hafi komið á daginn undanfarin ár.“

Framkvæmdirnar, sem kosta um hundrað milljónir króna, taka um það bil fimm vikur og býst Guðmundur við að þeim verði lokið í byrjun október. „Þá er bara að bíða eftir frosti,“ segir hann fullur tilhlökkunar. ■

Indverjar gleðjast:

# Hátíð snáksins

Indverskir snákatemjarar standa fyrir hátíð snáksins þessa dagana og gera sér margt til skemmtunar af því tilefni. Snákurinn skipar sérstakan virðingarsess meðal margra Indverja og tileinka þeir þessari margslungnu skepnu einn dag á ári.

Þó margir óttist snáka og hrylli hreinlega við þeim eru þeir til sem telja snáka hinar bestu skepnur og segja ekkert dýr komast með klaufarnar þar sem snákurinn hefur halann. ■





**FÁÐU ÞÉR MJÓLK, GÓURINN** Indverskir snákar vita að mjólk er holl.




## ANDLÁT

**Valgerður Jóhannsdóttir**, Smáratúni 10, Selfossi, lést fimmtudaginn 28. júlí. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

## AFMÆLI

Ólafur Gaukur Þórhallsson gítarleikari er 75 ára.

Ísak Harðarson skáld er 49 ára.

Bragi Ólafsson rithöfundur er 43 ára.

Einar Bragi Bragason tónlistarmaður er fertugur.

Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, er 38 ára.

Jökull Bergmann fjallagarpur er 29 ára.

Marikó Margrét Ragnarsdóttir, fyrrum sjónvarpskona, er 25.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Finnur þú fyrir sekt?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl kr. 20.000
samtals kr. 170.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



## Meiðsl hjá landsliðinu

... Nú hefur verið staðfest að Hermann Hreiðarsson, leikmaður Charlton, og Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading, munu ekki leika með íslenska landsliðinu í knattspyrnu gegn S-Afríku í vináttuleik á Laugardalsvelli hinn 17. ágúst en þeir eiga við meiðsl að stríða.

# sport

sport@frettabladid.is

**ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR ÞJÁLFARI VALS:** KLÁRT VANMAT HJÁ NORSKU MEISTURUNUM

# *Valur vann eitt af bestu liðum Evrópu*

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari kvennaliðs Vals í knattspyrnu, var skiljanlega enn í sjöunda himni eftir sigur Vallstúlkna á norska liðinu Röa í fyrradag þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. Valur tekur þessa dagana þátt í fyrstu umferð Evrópukeppni félagsliða en fjögur lið eru saman komin í Finnlandi og leika hvert gegn öðru á nokkrum dögum. Liðið sem sigrar riðilinn kemst áfram í næstu riðlakeppni en hún fer fram í næsta mánuði. Röa var fyrir fram talið langbesta liðið í riðlinum enda hið besta sem tekur þátt í þessu stigi keppninnar samkvæmt styrkleikaröðun evrópska knattspyrnusambandsins.



„Þær voru hundsvekktar að þurfa taka þátt í þessari riðlakeppni," sagði Elísabet. „Sjö bestu liðin í Evrópu fara beint í aðra umferð og þetta lið var áttunda á styrkleikalistanum. Við vorum einmitt búnar að lesa á heimasíðunni þeirra að þær væru þegar byrjaðar að velta fyrir sér hvenær milliriðlakeppnin færi fram. Þær klárlega vanmátu okkur." Röa er núverandi norskur meistari en sú deild þykir ein sú besta í heima og norska landsliðið hefur lengi verið í fremstu röð. „Ætli þetta sé ekki eins og að karlalið Vals færi að vinna eitt af stórliðum Evrópu."

Elísabet segir fyrst og fremst sterkur varnarleikur hafi skilað sigrinum. „Við vorum frábærar í vörninni sem við höfum kannski sjaldan verið í sumar. Ég ákvað að gera breytingu á liðinu eftir tapleikinn gegn Blikum um daginn og færði Dóru Stefánsdóttur frá miðjunni í vörnina. Sú breyting hefur skilað sér í því að það er miklu meira öryggi í öllu því sem við gerum." Næst leika Valsstúlkur gegn finnska liðinu United og er liðið sterkt að sögn Elísabetar. „Þessu er engan veginn lokið þótt svo að við unnum í gær. Það er bara eitt lið sem kemst áfram og því allt enn galopið."

## > Við vonum ...

... að kylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir nái að bæta leik sinn eilitið á lokaspretti evrópsku mótaraðarinnar í golfi. Ólöf María er sem stendur í 105. sæti á peningalista þessa árs með um hálfa milljón króna í verðlaunafé, en til að halda þáttökurétt sínum á næsta ári þarf hún að vera á meðal 90 efstu á peningalistanum.



## > Við fögnum því ...

.... að íslenska karlalandsliðið í körfubolta skuli vera orðið það hátt skrifað að Kínverjar, sem eru hátt skrifaðir í heimskörfuboltanum, skuli bjóða liðinu í heimsókn síðar í mánuðinum til að spila æfingaleik. Íslenska liðið mætir einnig því hollenska, en leikirnir eru liðir í undirbúningi Íslands fyrir Evrópukeppnina í september.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Meistaradeildin - forkeppni:*

| | |
|---|---|
| MALMÖ–THUN | 0–1 |
| **BRÖNDBY–AJAX** | **2–2** |
| PETRZALKA–PARTIZAN BELGRAD | 0–0 |
| **SHATKAR DONETS–INTER MILAN** | **0–2** |
| ST. BÚKAREST–ROSENBORG | 1–1 |
| **ANDERLECHT–SLAVIA PRAG** | **2–1** |
| BASEL–W. BREMEN | 2–1 |
| **CSKA SOFIA–LIVERPOOL** | **1–3** |
| RAPID VÍN–LOKOMOTIV MOSKVA | 1–1 |
| **SPORTING LISBON–UDINESE** | **0–1** |

*Norska 1. deildin:*

| | |
|---|---|
| STABÆK–FOLLO | 1–1 |

**Veigar Páll Gunnarsson** lék allan leikinn fyrir Stabæk og kom liði sínu yfir á 73. mínútu með laglegu marki. Stabæk er í efsta sæti norsku 1. deildarinnar og stefnir hraðbyr á úrvalsdeild landsins á nýjan leik.

*Enska 1. deildin:*

| | |
|---|---|
| CHESTERFIELD–BRENTFORD | 1–3 |

**Ólafur Ingi Skúlason** var í byrjunarliði Brentord og lék á miðjunni en var tekinn út af á 38. mínútu.

# Grindavík kjöldregið í Firðinum

**Allan Borgvart skoraði þrennu þegar Íslandsmeistarar FH unnu stórsigur á Grindavík í Landsbankadeildinni í gær, 8-0. FH hefur nú 12 stiga forystu á Val og er afar fátt sem getur komið í veg fyrir að liðið verji titilinn.**

**FH 8-0 Grindavík**

Kaplakrika, áhorf: 1541 — Magnús Þórisson (6)

*1–0 Allan Borgvardt (11.)*
*2–0 Allan Borgvardt (14.)*
*3–0 Tryggvi Guðmundsson (38.)*
*4–0 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (42.)*
*5–0 Allan Borgvardt (49.)*
*6–0 Allan Borgvardt (51.)*
*7–0 Ólafur Páll Snorrason (59.)*
*8–0 Jónas Grani Garðarsson (79.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 21–6 (11–3) |
| Varin skot | Daði 3 – Savic 3 |
| Horn | 6–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–4 |
| Rangstöður | 4–0 |

**FÓTBOLTI** „Við vorum einfaldlega teknir í kennslustund. Þetta var alveg hrikalegt. Það er ljóst að við verðum að sýna samstöðu núna og rífa okkur upp. Við getum það alveg og það býr miklu meira í liðinu heldur en við sýndum í kvöld. Það eina jákvæða var ágæt innkoma ungu strákana í seinni hálfleik," sagði Óli Stefán Flóventsson, leikmaður Grindavíkur, eftir að FH vann liðið 7-0 í Kaplakrika.

Yfirburðir FH voru ótrúlega miklir frá upphafi til enda. Staðan í hálfleik var 4-0 FH í vil. Allan Borgvardt, sem átti stórleik, skoraði tvö markanna og Tryggvi Guðmundsson og Ásgeir Ásgeirsson sitt markið hvor. Í seinni hálfleik hélt einstefnan áfram. Allan Borgvardt skoraði tvö falleg skallamörk með þriggja mínútna millibili og Ólafur Páll Snorrason, sem var búinn að leggja upp þrjú mörk þegar þarna var komið við sögu, bætti síðan sjöunda markinu við eftir fallega sendingu Tryggva Guðmundssonar frá vinstri. Áttunda markið kom svo eftir góða sókn hjá FH. Borgvardt komst þá í gegnum vörnina, en lagði boltann á Jónas Grana sem gat ekki annað en skorað.

Þó FH hafi leikið vel þá er ekki annað hægt en að minnast á skelfilega frammistöðu varnarmanna Grindavíkur, sem gerðu sig seka um ótrúlega mörg kæruleysisleg mistök. Mörkin voru mörg af einfaldari gerðinni og er ljóst að Milan Stefán Jankovic þarf að fara betur yfir öll grundvallaratriði í varnarleik áður en næsti leikur í Landsbankadeildinni fer fram. Grindavíkurliðið fellur ef það leikur eins og það gerði í gær. Það er öruggt mál.

| FH 4–3–3 | | GRINDAVÍK 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Daði | 6 | Savic | 5 |
| Freyr | 7 | Eyþór Atli | 2 |
| Nielsen | 7 | Jack | 3 |
| Auðun | 7 | Óli Stefán | 3 |
| (73. Ármann | 6) | Sveinn Þór | 3 |
| Guðmundur | 7 | (55. Alexander | 4) |
| Baldur | 7 | Óskar | 3 |
| Ásgeir ⚽ | 8 | (55. Eysteinn | 4) |
| (63. Jónas Grani ⚽ | 7) | Óðinn | 3 |
| Davíð Þór | 7 | McShane 🟨 | 4 |
| Tryggvi ⚽ | 8 | Kekic | 5 |
| ***Borgvardt** ⚽⚽⚽⚽ | 10 | Magnús | 5 |
| Ólafur Páll ⚽ | 9 | Aahandour | 4 |
| (68. Atli Viðar | 6) | (63. Emil Davíð | 5) |

*MAÐUR LEIKSINS



**MARKAHÆSTUR** Allan Borgvardt sést hér skora annað mark sitt í gær án þess að Óli Stefán Flóventsson komi nokkrum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flestir leikmanna FH áttu góðan leik í gærkvöldi, en það reyndi þó lítið á þá marga, sérstaklega varnarmennina. Þá skokkaði Daði Lárusson ótt og títt um vítateiginn til þess að halda sér heitum, því sóknarþungi Grindavíkur hélt honum alls ekki við efnið.

Allan Borgvardt spilaði frábærlega í gærkvöldi og sýndi og sannaði að hann er besti leikmaðurinn í Landsbankadeildinni um þessa mundir. „Mér fannst við leika virkilega vel í kvöld. Það var gott jafnvægi í liðinu og spilið gekk mjög vel. Mörkin sem við skoruðum komu eftir vel uppbyggaðar sóknir og Grindavík réð hreinlega ekkert við okkur."

Aðspurður um áhuga erlendra liða á sér kvaðst Borgvardt hugsa sem minnst um það. „Ég hef heyrt af áhuga nokkurra danskra liða en ég er ekkert að hugsa um það eins og stendur. Þetta gengur vel hjá okkur og FH er gott lið sem spilar góðan fótbolta. Ég er ánægður hjá FH meðan mér og liðinu gengur vel."

magnush@frettabladid.is

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 13 | 13 | 0 | 0 | 39–5 | 39 |
| **VALUR** | **12** | **9** | **0** | **3** | **25–8** | **27** |
| ÍA | 12 | 6 | 2 | 4 | 15–14 | 20 |
| **KEFLAVÍK** | **13** | **5** | **5** | **3** | **24–27** | **20** |
| FYLKIR | 13 | 5 | 2 | 6 | 23–22 | 17 |
| **FRAM** | **13** | **4** | **2** | **7** | **13–19** | **14** |
| KR | 13 | 4 | 1 | 8 | 14–21 | 13 |
| **ÞRÓTTUR** | **13** | **2** | **4** | **7** | **15–21** | **10** |
| ÍBV | 12 | 3 | 1 | 8 | 10–24 | 10 |
| **GRINDAVÍK** | **11** | **2** | **3** | **7** | **11–28** | **9** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| ALLAN BORGVARDT, FH | 12 |
| **TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH** | **10** |
| HÖRÐUR SVEINSSON, KEFLAVÍK | 8 |
| **MATTHÍAS GUÐMUNDSSON, VAL** | **7** |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Sunnudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **ÍA** mætir **Val** á Akranesvelli í Landsbankadeild karla.
- 19.00 **Víkingur Ólafsvík** og **Breiðablik** mætast á Ólafsvíkurvelli í 1.deild karla.

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 15.30 **HM í frjálsum íþróttum** á RÚV.
- 18.15 **Olíssport** á Sýn.
- 18.45 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 19.10 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 20.05 **Kraftasport** á Sýn.
- 20.35 **Bestu bikarmörkin** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **Strandblak** á Sýn.
- 23.35 **Toyota mótaröðin í golfi** á Sýn.






Margir leikir voru á dagskrá í Meistaradeildinni í gær:

# Létt verk hjá Liverpool

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Liverpool eru með mjög góða stöðu eftir fyrri leik sinn gegn CSKA Sofiu frá Búlgaríu í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu í gærkvöld. Liverpool sigraði 3–1 á útivelli og þarf eitthvað mikið að gerast ef það forskot dugir liðinu ekki til að komast áfram. Djibril Cisse skoraði fyrsta mark Liverpool en Fernando Morientes bætti síðan tveimur mörkum við. „Morientes er búinn að bæta sig mikið í sumar og í toppformi. Ég er viss um að við munum sjá hann skora fullt af mörkum í vetur," sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool í leikslok, en hann lagði upp fyrstu tvö mörk sinna manna og var besti maður vallarins.



**AÐ KOMAST Í GANG** Spænski sóknarmaðurinn Fernando Morientes sést hér fagna fyrra marki sínu í gær.

SONY

# Útsala í Sony Center




KV-32FQ86
**32" 100hz breiðtjaldssjónvarp**
- PicturePower
- 3 Scart tengi
- Mynd við mynd

**99.950 krónur**
**Áður 159.940 krónur**

**Standur fyrir KV-32FQ86**

**11.950 krónur**
**Áður 24.950 krónur**

**Komin aftur!**






DAV-SR2
**Heimabíó**
- 700W magnari RMS S-Master digital
- Útvarp FM/AM RDS
- Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JEPG og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII

**59.950 krónur**
**Verð áður 89.950 krónur**

DSC-P200 Svört eða silfur
**Staffræn myndavél**
- 7.2 megapixla myndavél
- 2" Skjár
- 3x aðdráttur um linsu
- Carl Zeiss linsa

**39.950 krónur**
**Verð áður 53.940 krónur**

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

**Sony Center**

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.




## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Dularfullar athafnir katta

**SÓLEY KALDAL** DÁIST AÐ FLÓKNUM PERSÓNULEIKUM LOÐINNA VINA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Rannsóknir hafa sýnt að kettir fylgi mjög flóknum hegðunarmynstrum í samskiptum sínum við menn. Ég get staðfest þetta því ég á eina feita gamla kisu sem heitir Hekla og get nefnt óteljandi dæmi um furðuleg ritúöl sem hún fylgir. Hún er einhver mest dekraði köttur sem um getur enda soðin fyrir hana ýsa í hverri viku sem hún fær oft að skola niður með rjóma. Á þessu mataræði er ekki skrítið að hún sé ansi vel í holdum enda er hún iðullega kölluð Hlunkurinn, Sekkurinn eða bara Sekkla. (Bróðir minn er reyndar blindur á holdarfar kattarins og segir hana vera tággranna – bara með mikla vöðva og þykka húð.)

Þrátt fyrir þessar kræsingar leggst Hekla aldrei svo lágt að rjúka upp á efri hæð í matardallinn þegar hún kemur inn heldur bíður hún róleg á neðri hæðinni eftir að einhver kíki niður yfir stigahandriðið og kalli á hana. Þá situr hún þar í dágóða stund og svarar öllum spurningum með mjálmi í mismunandi blæbrigðum. Þegar þetta hefur gengið á í einhvern tíma þá labbar hún upp stigann í rólegheitum og athugar innihald dallsins. Ef einhver dirfist að trufla hana þegar máltíðin er hafin þá er allt ónýtt og ritúalið byrjar upp á nýtt.

Annað dæmi er um kött sem ég var að passa um daginn en er því miður týndur núna. Það var hann Lubbi en hann býr á þriðju hæð í fjölbýlishúsi í miðbænum. Hann er útiköttur svo ég varð alltaf að fara niður í kjallara til að hleypa honum inn úr garðinum og labba með honum upp alla stigapallana.

Þetta var þó ekki eins einfalt og það hljómar því Lubbi þurfti alltaf að vera einum stigapalli á undan mér til að geta stungið höfðinu í gegnum rimlana og fengið smá klapp á kollinn. Svona gekk þetta alla leiðina upp – hann hljóp fyrstur, stakk höfðinu til mín, fékk klapp og hélt áfram.

Það fyndna var að ef við gerðum þetta ekki svona fór allt skipulagið í klessu og hann drollaði í stiganum eða faldi sig bak við blómapott. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





**ÓLI OG JÓN** Þeir Óli Ofur og JonFri spila á Akureyri á föstudag á fyrsta Vibe-kvöldinu.

# Fyrsta Vibe-kvöldið að hefjast

Ný röð klúbbakvölda, sem nefnist Vibe, hefur göngu sína á föstudag. Fyrsta kvöldið verður haldið á Dátanum á Akureyri, þar sem forsprakkar kvöldanna stíga á stokk; plötusnúðarnir JonFri og Óli Ofur.

Markmiðið með kvöldunum er að spila house-tónlist fyrir fólk um allt land. „Þetta er ástríða hjá okkur. Við viljum líka sýna landsmönnum að það sé eitthvað varið í plötusnúða fram yfir diskótekara. Það eru allir diskótekarar landsins farnir að kalla sig plötusnúða og við viljum leiðrétta þennan misskilning,“ segir Óli.

Þeir Óli Ofur og JonFri hafa verið reglulegir gestir í útvarpsþættinum Party Zone á Rás 2 og teljast nú fullgildir meðlimir þeirrar hreyfingar. Þeir spiluðu ásamt Gusgus á Nasa í apríl og munu hita upp fyrir sænska teknóboltann Adam Beyer á Broadway 17. september. ■



**MESEREAU OG JACKSON** Tveir kviðdómendur hafa lýst yfir eftirsjá sinni og telja Jackson vera sekan. Lögfræðingur Jacksons segir þá vera að gera sig að fífli.

# Segjast sjá eftir niðurstöðunni

Tveir kviðdómendur í máli Michaels Jackson hafa sagst sjá eftir því niðurstöðu kviðdómsins. Ray Hultman og Eleanor Cook sátu bæði í kviðdómnum en þau hafa nú lýst yfir vonbrigðum sínum með sýknu Jacksons. Þetta gera þau reyndar bæði eftir að upplýst hefur verið að þau ætli sér að skrifa bók um veru sína í dómnum. Kviðdómurinn sýknaði Jackson af tíu ákæruatriðum um að hafa misnotað Gavin Arvizo kynferðislega þegar hann dvaldist á heimili Jacksons, Neverland.

Tom Mesererau, lögfræðingur Jacksons, svarar þessum kviðdómendum fullum hálsi og segir þá vera að gera sjálfa sig að aðhlátursefni. „Kviðdómurinn komst fjórtán sinnum að þeirri niðurstöðu að Jackson væri saklaus,“ sagði Mesereau.

Reyndar voru Cook og Hultman í hópi fjögurra kviðdómenda sem vildu láta dæma Jackson sekan. Það hafa lýst því yfir að kviðdómendurnir hafi verið fullir haturs í garð fjölskyldu Gavins Arvizo og það hafi haft áhrif á niðurstöðu hans. Þá hefur Eleanor lýst því yfir að hún ætli sér að framleiða boli sem á standi „Ekki benda á mig“. ■

# Til styrktar stríðshrjáðum börnum

Hljómsveitirnar Radiohead, Gorillaz og Razorlight eru á meðal þeirra sem eiga ný lög á safnplötu til styrktar War Child-samtökunum.

Platan, sem nefnist A Day in the Life, kemur út tíu árum eftir að platan Help kom út árið 1995. Þá fóru tuttugu breskar hljómsveitir í hljóðver víðs vegar um Evrópu til að taka upp lag fyrir plötuna. Engin önnur plata hefur náð jafnfljótt inni á topp vinsældarlistans í Bretlandi og er ætlunin að bæta þann árangur með nýju plötunni.

Á plötunni er safnað saman vinsælustu hljómsveitum Bretlands í dag. Á meðal annarra sveita sem eiga þar lög eru The Zutons, sem spilar á Iceland Airwaves í haust, Manic Street Preachers, Bloc Pary, Hard-F og The Coral. ■



**RADIOHEAD** Hljómsveitin Radiohead er á meðal annarra með lög á plötunni A Day in the Life.


Langar þig í alvöru vespu! frá U.S.A.





- Vento 50cc
- Fjarstart
- Þjófavörn
- ABS bremsur að framan
- Hjálmur fylgir
- Ábreiða fylgir

á aðeins 195.000.-

A.T.H.
Skellinöðrupróf eða bílpróf nægir til að keyra vespu.
Öll verkstæðis og varahlutaþjónusta á staðnum

NITRO Járnháls 2 • Sími 557 4848 • nitro.is




KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér &nú

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

! *Um helgina hefst tónlistarhátíð í Ólafsfirði og Stíflu sem ber heitið Berjadagar. Á opnunartónleikunum á föstudagskvöldið leikur Strengjasveit Berjadaga ásamt einleikaranum Stefáni Jóni Bernharðssyni meðal annars verk eftir Mozart, Grieg og Haydn. Barnaópera Mistar Þorkelsdóttur og Messíönu Tómasdóttur, Undir drekavæng, verður flutt í Tjarnarborg á laugardeginum og áhugasömum gefst kostur á að taka þátt í grímugerð og söngæfingu fyrir sýninguna. Harmonikkuleikarinn Oddný Björgvinsdóttir, sellóleikarinn Ólöf Sigursveinsdóttir og hornleikarinn Stefán Jóns Bernharðsson eru meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Kvöldganga um miðbæ Reykjavíkur*



LJÓSMYND/MAGNÚS ÓLAFSSON

Ljósmyndasafn Reykjavíkur býður áhugasömum í kvöldgönguferð um miðbæ Reykjavíkur þar sem bærinn verður skoðaður út frá ljósmyndum Magnúsar Ólafssonar. Ljósmyndir Magnúsar gefa sýn á Reykjavík á árabilinu 1900-1930 en auk þess að skoða gamla tímann í kvöldgöngunni verður því velt upp hvað hefur breyst í borginni á síðustu sextíu árum. Þátttakendur í göngunni fá afhent ljósrit af myndum Magnúsar til að glöggva sig á þeim stakkaskiptum sem borgin hefur tekið. Lagt verður af stað frá Geysishúsinu, Vesturgötumegin, klukkan 20 í kvöld.

### EKKI MISSA AF…

…Leiklistarnemunum Jörundi Ragnarssyni, Stefáni Halli Stefánssyni og Vígni Rafni Valþórssyni sem fara á kostum í leikritinu Penetrator eftir Anthony Neilson. Það er sýnt í kvöld í gallerí Klink og Bank klukkan 21.00.

…Kvintettinum Pæng á Pravda Bar í kvöld. Tríóið samanstendur af trompetleikaranum Eiríki Orra Ólafssyni, kontrabassaleikaranum Valdimari Kolbeini Sigurjónssyni og austurríska trommuleikaranum Andreas Pichler. Djasstónleikarnir hefjast klukkan 21.00.

…Tónleikum Malus á Café Rosenberg. Malus skipa þau Ása Bjarnadóttir söngkona, Birgir Baldursson trommari, Sigurður Rögnvaldsson gítarleikari og Sigurdór Guðmundsson bassaleikari. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14
Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin alla daga frá kl. 12-18

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
Næstu sýningar
Föstudaginn 12. ágúst kl. 20.00
Laugardaginn 13. ágúst kl. 20.00
Sunnudaginn 14. ágúst kl. 20.00
Föstudaginn 19. ágúst kl. 20.00
Laugardaginn 20. ágúst kl. 20.00
Miðar í síma 511 4200, og á www.kabarett.is
"Söngur Þórunnar er í einu orði sagt stórfenglegur..." SH, Mbl.

Annie
í Austurbæ
7. sýn. í kvöld kl. 19 nokkur sæti laus
8. sýn. laug. 13/8 kl. 14 nokkur sæti laus
9. sýn. sun. 21/8 kl. 14 sæti laus
midi.is
551 4700 & 551 0200

Nýtt símanúmer
hjá dreifingu:



550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ



**HRÓLFUR OG ELÍSA** Syngja saman í Sumaróperunni en koma fram í Stykkishólmi í kvöld og í Salnum á sunnudag ásamt píanóleikaranum Steinunni Birnu Ragnarsdóttur.

# Fræg í Stykkishólmi

**Sópransöngkonan Elísa Vilbergsdóttir kemur fram á tónleikum á dönskum dögum í Stykkishólmi í kvöld ásamt barítónsöngvaranum Hrólfi Sæmundssyni og píanóleikaranum Steinunni Birnu Ragnarsdóttur. Síðari tónleikar þeirra verða í Salnum í Kópavogi á sunnudag.**

„Ég kom heim í sumar til að taka þátt í Sumaróperunni, syngja á tónleikum og heimsækja fjölskylduna," segir sópransöngkonan Elísa Vilbergsdóttir en hún hefur nýverið lokið mastersnámi í söng og kennslufræðum í Bandaríkjunum.

Elísa vann Heida Hermann verðlaunin í alþjóðlegri söngkeppni sem haldin var í Connecticut á síðasta ári. „Þegar kom að sjálfri keppninni var ég alveg komin að því að guggna því þeir sem kepptu með mér höfðu allir svo flottan feril að baki. Sigurinn kom verulega á óvart en líklega gengur bara best þegar maður er ekki með neinar væntingar," segir Elísa sem var einnig valin úr hópi nemenda til að koma fram í áheyrnarprufu í hinu virta óperuhúsi Metropolitan í New York. „Mér var sagt að það væru engar lausar stöður í Metropolitan en engu að síður vildi starfsmaður óperunnar að ég mætti á svæðið svo að stjórnendur hússins fengju að heyra í mér. Það er aldrei að vita hvað kemur út úr prufum sem þessum. Það er mikil samkeppni í óperuheiminum en ég held aftur út til Bandaríkjanna í haust til að halda áfram að reyna fyrir mér."

Elísa á nú þegar dyggan aðdáendahóp hér á landi og játar því að hún sé fræg í heimabænum sínum í Stykkishólmi. „Það er yndislegt og ómetanlegt að eiga stuðning allra bæjarbúanna," segir Elísa en hún kemur fram á dönskum dögum í Stykkishólmi í kvöld. „Við Hrólfur Sæmundsson syngjum saman við píanóundirleik Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur og flytjum sömu dagskrá í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn," en á tónleikunum koma þau Hrólfur og Elísa til með að syngja aríur og dúetta úr hinum ýmsu óperum.

Í Sumaróperunni æfir Elísa hlutverkið Agapha í Galdraskyttunni eftir Weber. „Við höldum tvær opnar æfingar á verkinu á Menningarnótt. Svo klárum við að æfa verkið í Þjóðleikhúsinu í haust en sjálfar sýningarnar verða ekki fyrr en á Listahátíð í júní á næsta ári."

Tónleikarnir í kvöld eru í Stykkishólmskirkju klukkan 20.30 en sunnudagstónleikarnir í Salnum hefjast klukkan 15.00. ■

# Gospeltónleikar í Höllinni

Gospelkór Reykjavíkur heldur tónleika í Laugardalshöll 3. september. Kórinn mun koma fram undir stjórn Óskars Einarssonar ásamt fjölda tónlistarmanna. Sérstakur gestasöngvari verður Páll Rósinkranz.

Gospelkór Reykjavíkur var stofnaður í tilefni Kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Stofnandi kórsins, Óskar Einarsson tónlistarstjóri Fíladelfíu, var tónlistarstjóri gospeltónleikanna á Þingvöllum þar sem kórinn sló í gegn.

Kórinn hefur síðan haldið fjölmarga tónleika, komið fram í sjónvarpi og útvarpi og sungið inn á geisladiska. Meðlimir kórsins eru um 30 talsins en allur ágóði sem kórinn vinnur sér inn rennur til góðgerðarmála. Nýlega gaf kórinn út tónleikana Joyful bæði á plötu og DVD-mynddisk.

Hljómsveitin sem spilar undir í Laugardalshöll 3. september verður meðal annars skipuð þeim Jóhanni Ásmundssyni, Eyþóri Gunnarssyni, Sigurði Flosasyni, Óskari Guðjónssyni og Samúel Samúelssyni.

Miðasala hefst í dag í öllum verslunum Skífunnar, á concert.is og midi.is. Miðaverð er á bilinu 2.200 til 2.900 kr. ■



**ÓSKAR EINARSSON** Óskar er stofnandi Gospelkórs Reykjavíkur. Hann mun koma fram í Laugardalshöll 3. september.



GLÆSILEG FRAMMISTAÐA „Sýning leikhópsins Á senunni er vönduð og metnaðarfull.“

# Sýning með brodd og bravör!

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Kabarett**

Leikhópurinn Á senunni í Íslensku óperunni

**Höfundar:** Joe Masteroff, Fred Ebb og John Kander eftir sögu Christopher Isherwood. **Þýðing:** Veturliði Guðnason. **Leikstjóri:** Kolbrún Halldórsdóttir. **Leikmynd:** Snorri Freyr Hilmarsson. **Búningar:** Hildur Hafstein **Lýsing:** Jóhann Bjarni Pálmason. **Tónlistarstjórn:** Karl Olgeirsson. **Dansar:** Margrét Sara Guðjónsdóttir Leikgervi: Kolfinna Knútsdóttir **Hljómsveit:** Matthías Stefánsson, Sigtryggur Baldursson, Sigurður Flosasom, Samúel Samúelsson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, Karl Olgeirsson. **Leikarar:** Þórunn Lárusdóttir, Magnús Jónsson, Felix Bergsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir. Edda Þórarinsdóttir, Borgar Garðarsson, Jóhannes Jóhannesson, Guðjón Karlsson, Orri Huginn Ágústsson, Vigdís Gunnarsdóttir, Birna Hafstein, Soffía Karlsdóttir, Kristjana Skúladóttir, Inga Stefánsdóttir og Agnes Kristjónsdóttir.

Söngleikurinn Kabarett er orðinn einn af hinum „klassísku“ bandarísku söngleikjum og hefur verið færður upp í atvinnuleikhúsi á Íslandi þrisvar sinnum áður. Það vill svo til að undirritaður hefur að þessari meðtalinni séð fjórar uppfærslur á þessum söngleik hér á landi. Vinsældir hans byggja ekki síst á hinum grípandi lögum eins og „Willkommen“ og „Cabaret“ og svo auðvitað hitt að sagan fjallar um örlög fólks á vályndum tímum. Hið blygðunarlausa og sukksama andrúmsloft sem ríkti á árunum rétt fyrir valdatöku nasista í Þýskalandi er bakgrunnur sögunnar um Kabarett-söngkonuna Sally Bowles og baráttu hennar fyrir tilveru í hörðum heimi þar sem eina leiðin til að lifa af er að geðjast karlmönnum með lágar hvatir og til að réttlæta eigin gjörðir og breytni er ekki annað í boði en að fara sjálf niður á hið sama lága plan, en það virðist eini staðurinn þar sem hægt er að njóta einhverrar sjálfsvirðingar. Inn í þessa tilveru þvælist ungi ameríski rithöfundurinn sem hverfist um stund í kraumandi iðunni og sér fljótlega hvert stefnir. Það er gaman í partíinu en það hlýtur að taka enda einhvern tíma. Góð samsvörun við partíið hjá okkur sem nú stendur sem hæst og allir sofa á verðinum á meðan vondir menn brugga heimsins ráð.

Sýning leikhópsins „Á senunni“ er vönduð og metnaðarfull. Ráðist hefur verið í nýja þýðingu og ekki annað að heyra en hún hljómi vel bæði í bundnu sem óbundnu máli. Leikmyndin hæfir verkinu og býður upp á einfaldar lausnir. Stiginn góði sem er ómissandi í öllum söngleikjum er á sínum stað og hljómsveitin í bakgrunni á háum palli spilar vel og hvergi feilnóta slegin enda valinn maður í hverju rúmi. Kolbrún stýrir fleyinu í öruggа höfn og notar tækifærið um leið til að draga fram þann áðeilubrodd sem býr í verkinu. Gott jafnvægi er í ljósanotkun, hljóðblöndun víðast til fyrirmyndar og sviðsskiptingar gengu vel fyrir sig. Búningarnir á stelpunum í Kitkat-klúbbnum voru við hæfi en búningarnir á hommunum tveimur voru heldur mislukkaðir og gerðu leikarana fremur álappalega í stað þess að vera „kinký“ eða „sexý“. Dansatriðin voru ágætlega leyst en fyrir minn smekk fannst mér stíllinn ekki kalla fram það „sexúella energí“ sem mér finnst þurfa í svona söngleik og stundum fannst mér skorta á að hreyfa hópinn meira um sviðið en það er auðvitað spurning um smekk. Hitt ber að athuga að undirritaður sá forsýningu og síðan lokaæfingu og trúlega eiga dansatriðin etir að slípast og batna þegar á líður.

Leikarahópurinn er einkar glæsilegur. Þrír nýútskrifaðir leikarar í bland með þeim reyndari og svo „gamlar kanónur“ svona rétt til að setja punktinn yfir. Það var virkilega notalegt að sjá þau Borgar Garðarsson og Eddu Þórarinsdóttur aftur á sviði. Mikil hlýja og falleg nærvera einkenndi túlkun þeirra á Fraulein Schneider og Herr Schultz, auk þess komust þau prýðilega frá söngnum. Edda Þórarins er enginn viðvaningur á því sviði enda fór hún fyrst leikkvenna á Íslandi með hlutverk Sally Bowles. Felix Bergsson skilaði hlutverki unga rithöfundarins með sóma og virkaði gervið og búningurinn sérdeilis vel. Jóhannes Jóhannesson lék mikilvægt aukahlutverk sem hefði vel mátt gera meira úr, en hófstilltari leið hefur verið valin og gengur prýðilega upp líka. Guðjón Karlsson og Orri Huginn fara með ýmis smærri hlutverk og miðað við efni og aðstæður þá skila þeir sínu fullkomlega. Einkum voru þeir fyndnir í hlutverkum tveggja sjóliða. Katla Margrét leikur hina léttlyndu Fraulein Kost. Það er skemmtilegt hlutverk og leikkonunni tókst mjög vel upp. Það fylgdi henni mikið líf í hvert skipti sem hún birtist á sviðinu. Gervið og búningurinn á henni var mjög vel heppnaður.

Magnús Jónsson birtist nú aftur á sviðinu eftir nokkra fjarveru. Hann er hér í hinu heimsfræga hlutverki Emmsé kabarettstjóra sem Joel Gray hlaut Óskarsverðlaun fyrir á sínum tíma. Magnús Jónsson var bara helmingi betri og tíu sinnum flottari og verst að ekki skulu vera til Óskarsverðlaun handa honum fyrir þessa frábæru túlkun. Leiðin sem leikstjórinn velur gengur fullkomlega upp og Magnús lætur sig ekki muna um að vera holdgervingur Þýskalands komplett. Það er ótalin óumdeilanleg stjarna sýningarinnar, Þórunn Lárusdóttir. Hlutverk Sally Bowles hefur hreinlega beðið eftir henni. Hún var jafn sprúðlandi og örugg í söngnúmerunum sínum eins og hún gat verið lítil og umkomulaus þegar allt fór á versta veg hjá aumingja Sally, sem kann illa fótum sínum forráð og flýr á náðir ginflöskunnar. Glæsileg frammistaða! Það er ástæða til að óska leikhópnum til hamingju með vel heppnaða sýningu á Kabarett. ■






*„I'm Shellie's new boyfriend and I'm out of my mind. If you so much as talk to her or even think her name, I'll cut you in ways that'll make you useless to a woman.“*

Dwight lætur Jackie Boy vita hver það sé sem stjórni ferðinni í hinni mögnuðu Sin City. Þeir sem hafa ekki enn séð hana ættu að drífa sig sem allra fyrst.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Unglingastjarnan sem varð að manni*

Þegar **Matt Dillon** ruddist fram á sjónarsviðið í byrjun níunda áratugarins virtist þessi myndarlegi drengur ætla að leggja **Hollywood** að fótum sér. Hlutirnir fara þó ekki alltaf eins og þeir eiga að gera. **Matt Dillon** er engu að síður meðal allra skemmtilegustu leikara kvikmyndaborgarinnar.

**Dillon** er unglingastjarna og skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann lék kvennagullið *Randy* í *Little Darlings*. Það var þó ekki fyrr en um miðjan níunda áratuginn sem **Dillon** vakti athygli fyrir leikhæfileika sína. Þá lék hann í þremur kvikmyndaútfærslum af skáldsögum **S.E. Hinton**.

Fyrst var það *Tex*, sem þótti á sínum tíma prýðileg fjölskylduskemmtun. Árið eftir fékk leikstjórinn **Francis Ford Coppola** hann til að leika í tveimur kvikmyndum eftir sig sem byggðust á sögum **Hinton**. Fyrst lék hann *Dallas Winston* í *The Outsiders* þar sem mótleikarar hans voru ekki af verri kantinum, **Tom Cruise** og **Emilio Estevez**. Sama ár lék hann *Rusty James* í *Rumble Fish* á móti **Mickey Rourke** .

Eftir *The Flamingo Kid* fór að halla undir fæti hjá Dillon, sem vildi losna við ímyndina sem unglingur. Þeir sem hafa séð **Target** vita að **Dillon** vill gleyma því tímabili. Hann náði sér aftur á strik í *Drugstore Cowboy* eftir **Gus Van Sant**. Síðan þá hefur ferill hans verið upp og niður, sumar kvikmyndir hans hafa náð hylli á meðan aðrar hafa horfið í gleymskunnar dá. Meðal nýlegra og eftirminnilegra mynda leikarans má nefna *One Night at McCool's* og *There's Something about Mary* auk hinnar eftirminnilegu *Crash*.



**MATT DILLON** Leikarinn hefur átt misjöfnu gengi að fagna á sínum ferli. Hér er hann í hinni rómuðu Crash ásamt Thandie Newton.

# Depp í klámmynd?



**JOHNNY DEPP**

Johnny Depp leikur núna í hinni rómuðu Charlie and the Chocolate Factory. Hann lýsti því þó yfir að hið óvænta væri hluti af eðli hans. „Ég gæti þess vegna tekið upp á því að leika í klámmynd eftir Tim Burton,“ sagði Depp í samtali við þýska tímaritið Gala. Depp sagðist ekki vilja festast í neinu sérstöku hlutverki.

Johnny Depp er óhræddur við breytingar.




# DiCaprio næsti De Niro?

**Farsælu samstarfi Robert De Niro og Martin Scorsese lauk fyrir tæpum áratug með myndinni Casino. Nú virðist sem leikstjórinn hafi fundið nýjan De Niro í fyrrverandi unglingastjörnunni Leonardo DiCaprio.**

Tökur standa yfir í Boston á The Departed, nýjustu kvikmynd Martin Scorsese. Scorsese, sem mörgum fannst vera svikinn á síðustu Óskarsverðlaunahátíð, hefur safnað í kringum sig einvalaliði leikara. Þeirra á meðal eru Leonardo DiCaprio, Matt Damon og Jack Nicholson, sem mörgum leikstjórum þætti ansi góður hópur. Scorsese þarf hins vegar ekki að hafa mikið fyrir því að fá stórstjörnur til liðs við sig enda eftirsóknarvert að vinna með honum.

The Departed er gerð eftir handriti Hong Kong-kvikmyndarinnar Wu jian dao. Hún segir frá glæpamanni og lögreglumanni sem eru í dulargervi sitthvoru megin við lögin. Þegar kemst upp um þá hefst blóðug barátta. Það að Scorsese skuli ráðast í endurgerð kemur eilítið á óvart en skemmir hins vegar ekki þá eftirvæntingu sem ríkir yfirleitt í kringum myndir hans.

Scorsese er einn þeirra leikstjóra sem halda sig við einn leikara og treysta honum. Eitt eftirminnilegasta samstarf kvikmyndanna er sennilega Scorsese og Robert DeNiro. Það hófst með kvikmyndinni Mean Streets en í kjölfarið fylgdu myndir á borð við Taxi Driver, Raging Bull og Goodfellas, sem allar hafa fest sig í sessi meðal sígildra mynda kvikmyndasögunnar.

Eftir að gerð myndarinnar Casino lauk má segja að einum kafla verið lokað hjá Scorsese og upphafið að nýjum um það bil að hefjast. Samstarfinu við DeNiro var lokið í bili og leikstjórinn varð að leita að leikara sem gæti fyllt skarðið. Daniel Day-Lewis kom sterklega til greina eftir frammistöðuna í The Age of Innocence en hann hefur ekki mikinn áhuga á kvikmyndaleik og vill helst fá að vera í friði. Þar að auki var hann ef til vill of gamall til þess að verða næsti De Niro.

Svarið fannst loksins en það reyndist ekki sá hestur sem flestir höfðu veðjað á. Þegar leikhópurinn í Gangs of New York var tilkynntur kom það mörgum á óvart að Scorsese skyldi velja hjartaknúsarann Leonardo DiCaprio. Hann hafði kveikt ófá ástarbál í hjörtum yngismeyja sem Jack Dawson í Titanic. Metnaður DiCaprio virðist þó hafa verið meiri en svo að hann langaði til að vera á veggspjöldum unglingsstúlkna um allan heim. Hann hefur sýnt að þetta myndarlega fés getur leikið enda var hann ógleymanlegur sem fatlaði strákurinn í What's Eating Gilbert Grape og ekkert síðri sem Rómeó í Baz Luhrmann-útfærslunni af Rómeó og Júlíu.

DiCaprio er rétt skriðinn yfir þrítugt. Hann hefur þann hæfileika, líkt og De Niro, að geta leikið nánast hvað sem er. Hann var táningspilturinn Frank Abagnale jnr. í Catch Me If You Can en varð Howard Hughes aðeins tveim árum síðar. Það er því ekki lengur spurning hvort heldur hvenær hann stendur í Kodak-leikhúsinu og segir: „Ég er konungur heimsins“. Vonandi fær Scorsese að fljóta með. ■



**SCORSESE OG DICAPRIO** The Departed verður þriðja kvikmynd þeirra saman á stuttum tíma. DiCaprio hefur lýst því yfir að hann muni leika í mynd eftir Edward Zwick, Blood Diamond.






**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**Herbie: Fully Loaded**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 4,3/10 |
| Rottentomatoes.com | 40%/rotin |
| Metacritic.com | 2,7/10 |



**Fantastic Four**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 6,0/10 |
| Rottentomatoes.com | 26%/rotin |
| Metacritic | 5,9/10 |

## Fjórmenningarnir bjarga deginum

Hollywood þreytist seint á því að gera kvikmyndir eftir hasarblaðahetjum. Nú hefur verið tekin til sýningar kvikmyndin The Fantastic Four í leikstjórn Tim Story. Hinir frábæru fjórmenningar eru meðal elstu hasarblaðahetjanna og komu fyrst fyrir augu almennings fyrir fjörutíu árum síðan. Myndin segir frá vísindamanninum Reed Richards, sem langar til að rannsaka undarlegt ský úti í geimnum. Vegna bágs fjárhags fær hann milljarðamæringinn Victor Von Doom til þess að styðja við bakið á sér. Reed fær einnig til liðs við sig úrval geimfara, þau Ben Grimm og systkinin Sue og Johnny Storm. Leiðangurinn fer úrskeiðis og þau lenda í miðjum stormum, sem verður til þess að þau umbreytast öll. Reed, Ben, Sue og Johnny öðlast yfirnáttúrulega hæfileika sem þau nota til að berjast gegn hinum illa Von Doom, sem vill nota nýfengna krafta til að öðlast völd. ■



**FJÓRMENNINGARNIR FRÁBÆRU** Hið undarlega ský í geimnum veldur því að þau öðlast yfirnáttúrulega krafta sem þau nota til að berjast gegn hinum illa Von Doom.



**LINDSAY LOHAN** Leikur Maggie Peyton sem dreymir um að verða NASCAR-kappaksturshetja. Það er þó ekki fyrr en hún kynnist Herbie að hreyfing kemst á hlutina.

## Bjallan síkáta

Herbie: Fully Loaded fjallar um hinn elskaða bíl, Herbie. Hann hefur dagað uppi á brotahaug en vinnur óvænt hug ungrar stelpu, Maggie Peyton, sem hefur dreymt um að verða NASCAR-kappaksturshetja. Faðir hennar, gömul kappaksturshetja, gerir hins vegar allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að þessi draumur verði að veruleika. Hann vill ekki láta neitt standa í vegi fyrir dóttur sína. Herbie og Maggie halda þó á vit ævintýranna og saman ná þau að láta draumana rætast.

Það er unglingastjarnan Lindsay Lohan sem fer með aðalhlutverkið í myndinni en meðal þekktra aukaleikara má nefna Michael Keaton og Matt Dillon. ■


# Nýjasta æðið!




**Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!**

Engin trygging nauðsynleg - flokkast sem reiðhjól.

Notist á gangstéttum.

Engin aldurstakmörk.

**Munið eftir hjálmunum!**

**Vegna mikillar eftirspurnar byrjum við í dag!**

**Sími: 869 0898**

**Í dag:** Vík í Mýrdal, við íþróttahúsið frá 12 - 13:30 - Kirkjubæjarklaustri, við Hótel Eddu frá 16 - 17:30 - Höfn í Hornafirði, við Bílverk frá 20 - 21:30 • **Á föstudag:** Egilsstöðum, við Bónus frá kl. 13 - 15 - Reyðarfirði, 16 - 18


Mundar Pre-Amp kjuðana á Eskifirði?

# Frá Rússlandi með Ást

Líkur eru á að fjöllistamaðurinn Pre-Amp frá Múrmansk trommi með Sálinni á Eskifirði n.k. laugardag. Þessi góðkunningi Sálverja kemur á einkaflugvél og verður á bakvakt eystra, þess búinn að hlaupa í skarðið fyrir Jóhann Ó. Hjörleifsson, Sálartrymbil, en unnusta hans á von á sér í vikunni og vera má að Jóhann þurfi frá að hverfa í miðju breiki.

Pre-Amp hefur heimsótt Ísland oftsinnis og hljóðritað hér nokkur lög, m.a. útgáfu af Sálarlaginu „Hvar er draumurinn?“. Hann var tíður gestur á krám hérlendis og einn eigenda Koffeinbarsins um tíma, átti fimmtungshlut á móti kollega sínum, Dímon S. Allbran. ■



**PRE-AMP:** Pre-Amp í einkaflugvél sinni „Ást“







FRAMKVÆMDIR VIÐ LAUGAVEG

# TÍMABUNDIN LOKUN LAUGAVEGAR

**8. ágúst - 7. nóvember 2005**




**Laugavegi, frá Snorrabraut að Barónsstíg** verður lokað vegna endurnýjunar 8. ágúst – 7. nóvember 2005.

**Hjáleiðir verða um:** Bergþórugötu, Grettisgötu, Hverfisgötu og Barónsstíg.

Beðist er velvirðingar á óþægindum sem lokunin kann að valda. Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma 411 8000. **Nánari upplýsingar á www.rvk.is/fs**

Reykjavíkurborg Framkvæmdasvið

ENNEMM / SIA / NM17570




## THOR: Bjór á fríhafnarverði

Einhver ódýrasti bjórinn í Vínbúðum hérlendis er danski bjórinn Thor pilsner og Thor Classic en 33cl dósir af bjórnum kosta 99 krónur. Þetta lága verð er mjög nálægt því verði sem gerist á bjór í Fríhöfninni en sambærilegur danskur bjór kostar 91,66 kr. þar. Fríhöfnin þarf ekki að greiða virðisaukaskatt, áfengisgjald eða skilagjald á dósir eða flöskur en til samanburðar má nefna að af þeim 99 krónum sem neytendur greiða fyrir Thor bjórinn í Vínbúðum renna 72,23 krónur til Ríkissjóðs, þess sama og rekur Fríhöfnina í gegnum hlutafélag. Fríhöfnin greiðir ekkert af þessum gjöldum. Innflytjandi bjórsins, HOB-vín ehf., segir að það sé stefna fyrirtækisins og framleiðanda bjórsins, Royal Unibrew AS, að bjóða danskan gæðabjór á evrópsku verði að teknu tilliti til gjalda.

**Verð í Vínbúðum 99 kr.**

## DEAKIN ESTATE: Óvenjulega kraftmikið



Deakin Estate er vínframleiðandi í Victoria, einu frjósamasta og gjöfulasta svæði Ástralíu. Vín Deakin Estate úr Cabernet Sauvignon-þrúgunni þykir afar kraftmikið og blaðið Herald Sun segir að það sé óvenjulega kraftmikið og sérstakt og endurspegli einkenni svæðisins betur en algengt sé um áströlsk vín.

Sökum óvenjukaldra aðstæðna voru þrúgurnar í þessu víni tíndar úr allmörgum víngörðum í langan tíma. Í ferlinu voru notaðar amerískar eikartunnur til að ná fram ristuðu eikarbragði sem félli vel að hinu ríka ávaxtabragði. Þetta vín er bragðmikið þar sem fram koma þroskuð ber með eikarívafi. Fer vel með öllu grilluðu kjöti, lamba-, svína- og nautakjöti, einnig gott með grilluðum krydduðum kjúklingi.

**Verð í Vínbúðum 1.290 kr.**




**BORGÞÓR EGILSSON** Borgþór segir að réttirnir á Tapasbarnum séu ekki síður ítalskir, franskir og íslenskir en spænskir og að matreiðslan heima við sé þess vegna ekki undir sterkum spænskum áhrifum.

# Tapas-meistarinn eldar einfaldan fiskrétt

Borgþór Egilsson, matreiðslumeistari á Tapasbarnum, geymir flókna eldamennsku fyrir veitingastaðinn og heldur sig við einfaldari rétti í hversdagslífinu. Spænskra áhrifa gætir ekki mikið í eldamennskunni þrátt fyrir vinnuna á Tapasbarnum sem sérhæfir sig í smáréttum frá Spáni og öðrum löndum. „Maður reynir að fara í annan gír hérna heima og hafa þetta einfalt. Svo er ég líka að elda fyrir barn svo maturinn þarf að vera öðruvísi," segir Borgþór. „Maður fer bara út í búð og grípur með sér það sem maður sér. Ég er lítið fyrir að ákveða með löngum fyrirvara hvað verður í matinn." Borgþóri finnst skemmtilegast að grilla og þá frekar fisk en kjöt, enda aðgengi að ferskum fiski betra. Skötuselur, humar og lax eru í uppáhaldi í augnablikinu hjá matreiðslumeistaranum.

Á næstu dögum á Borgþór von á gestum í matarboð og ætlar hann þá að bjóða upp á grillaðan lax með basil alioli sósu og léttsteikt grænmeti, sem hann gefur uppskrift að hér. Alioli þýðir hvítlaukur en sósan hans Borgþórs er nokkuð hefðbundin að undanskildu basilkryddinu. „Sumir nota majónes og ekki dijon sinnep eða kartöflu, en þannig verður það kornóttara og mér finnst það betra," segir hann. Best er að gera sósuna deginum áður og geyma í ísskáp, segir hann, svo kryddið komi betur fram í henni.

**GRILLAÐUR LAX MEÐ BASIL ALIOLI SÓSU**
**200-250 gr laxasteik per mann**
**eitt búnt ferskt basil**
**ein stór bökuð kartafla, afhýdd**
**2-3 hvítlauksgeirar**
**ein eggjarauða**
**hálf matskeið dijon sinnep**
**tveir og hálfur desilítri ólífuolía**
**safi úr hálfri sítrónu**
**salt og pipar**

Fiskurinn er penslaður með hvítlauksolíu og kryddaður með salti og pipar. Laxinn er grillaður í þrjár mínútur á hvorri hlið á funheitu grilli.

Sósan: allt nema olían er sett í matvinnsluvél og maukað. Olíunni er helt út í í mjórri bunu og sósan smakkast til með salti og pipar.

**LÉTTSTEIKT GRÆNMETI**
**Einn fínskorinn laukur**
**1 rauð paprika**
**1 stykki avókadó**
**góð lúka af fersku spínati**
**salt og pipar**
**smá hvítlauksolía**
**safi úr hálfri sítrónu**

Laukur og paprika er léttsteikt á pönnu, spínat og avókadó sett út í þegar laukur er orðinn glær og paprikan farin að meyrna. Þetta er hitað í smá stund og smakkað til með salti og pipar og sítrónusafa.

Borgþór ber laxinn og grænmetið fram með litlum, ofnbökuðum kartöflum og rucola salati.




Smjörsteikt
hvítkál

*1 hvítkálshaus, meðalstór*
*1 laukur*
*50 g smjör*
*100 ml eplasafi (einnig má nota appelsínusafa)*
*2 msk. eplaedik (cider vinegar)*
*1/2 tsk. timjan, þurrkað*
*nýmalaður pipar*
*salt*

Hvítkálið skorið í fjórðunga, stilkurinn fjarlægður og kálið síðan skorið í þunnar ræmur. Laukurinn saxaður smátt. Smjörið brætt á stórri pönnu og laukurinn látinn krauma í því við fremur vægan hita þar til hann er meyr. Þá er kálinu bætt á pönnuna og það látið krauma í um 5 mínútur. Hrært oft á meðan. Eplasafa og ediki hellt á pönnuna, kryddað með timjani, pipar og salti, lok lagt yfir og látið malla við vægan hita í um 5 mínútur. Síðan er lokið fjarlægt og kálið látið sjóða áfram í 2-3 mínútur, eða þar til nær allur vökvi er gufaður upp. Þessi kálréttur er sérlega góður með reyktu svínakjöti, pylsum, bjúgum o.fl. og hentar einnig með fuglakjöti og lambasteik.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS GRA 28565 06/2005

*Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is*

MATGÆÐINGURINN KRISTA MAHR RITSTJÓRI ICELAND REVIEW

## *Matareitrun hamlaði djúpsteiktum tarantúlum*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Flokkast kaffi sem matur? Ég er mjög háð kaffi og byrjaði að drekka það ung að árum.

**Fyrsta minningin um mat?** Hún er blendin. Ég át yfir mig af risapáskaeggi með súkkulaðismjörkremsfyllingu þegar ég var þriggja til fjögurra ára gömul. Fékk hryllilega martröð um nóttina, og dreymir enn ljóta drauma ef ég fer í háttinn með fullan maga.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég get ekki gert upp á milli grillaðs Nóatúns-kjúklings, sem ég deildi við annan mann á bílastæði Nóatúns á Selfossi, en þar átum við kjúllann upp til agna með guðsgöfflunum inni í bílnum. Rosalega góður. Hin besta máltíðin var snædd með hníf og gaffli á Chez Panisse í Berkeley í Kaliforníu. Meðlætið voru döðlur sem minntu á guðafæði. Minnir að ég hafi borðað þær með höndunum líka.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Það er ýmislegt sem ég kýs að borða ekki, en í raun ekkert sem ég forðast.

**Leyndarmál úr eldhúsinu?** Að vera umkringd fólki sem ann eldamennsku. Ég hef lagt mig virkilega fram um að læra uppskriftir frá vinum og fjölskyldu, en er enginn sérstakur kokkur fyrir því. Samt mjög þakklát.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Saltaðan mat. Besti nýuppgötvaði líknarmaturinn er pho. Herbergisfélagi minn í Berkeley útbjó réttinn vikulega (sjá svar 5), en Pho er víetnömsk kjúklinganúðlusúpa; sölt, full af stjörnuanís. Í súpukraftinum er kjúklingakjöt, þunnar glernúðlur, súraldin, kóríander, baunaspírur og laukur. Hinn fullkomna fæða, finnst mér.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Mjólk út í morgunkaffið, og á Íslandi: skyr og bláber. Bláber eru ódýrari hérlendis en í Bandaríkjunum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?** Pho, ef ég ætti langa dvöl fyrir höndum. In-N-Out ostborgara ef ég stoppaði stutt.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Trúlega selarif á Grænlandi. Hljómar mun exótískara ef ég segi frá því í Kaliforníu, en kjötið var ólíkt öllu sem ég hafði bragðað áður. Nýlega voru mér boðnar djúpsteiktar tarantúlur, en þjáðist af matareitrun þann daginn og afþakkaði. Ég hefði samt átt að prófa eina. Var hvort eð er hundveik.



# SOLAZ: Ein bestu kaupin




Um helgina lýkur sumardögum í Vínbúðunum en þeir hafa staðið frá því í júní. Þar má gera hagstæð kaup á vínum á kynningarverði. Eitt vínanna á kynningarverði er spænska vínið Solaz frá vínfyrirtækinu Osborne sem er eitt stærsta vínfyrirtæki Spánar og ekki síst þekkt fyrir sérrí sín og brandí. Víngerðarkonan Maria Martinez leiðir léttvínsframleiðslu fyrirtækisins og þekkja flestir Montecillo vín hennar frá Rioja. Nú er María komin með nýtt vín sem heitir Solaz og er framleitt í hjarta Spánar, í Kastillíuhéraði.

Vínið er blanda af þrúgunum cabernet sauvignon og hinni spænsku tempranillo. Eftir gerjun er vínið látið þroskast á eikartunnum í fjóra mánuði í það minnsta en Osborne er eitt fárra vínfyrirtækja sem framleiða sína eigin tunnur. Vínið þykir einkar hagstæð kaup, vínrýnirinn frægi Robert Parker gefur því 87 í einkunn, segir það ein bestu kaup á markaðnum og undir það tekur tímaritið Wine Enthusiast sem gefur því 85 í einkunn. Vínið fékk einstaklega góða dóma í Morgunblaðinu fyrir eigi alls löngu og Þorri Hringsson, vínrýnir Gestgjafans, taldi þetta eitt albesta kassavínið í úttekt sem hann gerði á kassavínum sl. sumar.Osborne Solaz er kjörið með grilluðu kjöti, kjúklingi, ostum, pastaréttum og vert er að benda á að fá rauðvín eiga betur við lax. Það er auðdrekkanlegt með miklum ávexti og kryddtónum.

**Kynningarverð á sumardögum í Vínbúðum 3.390 kr.**



## VEITINGASTAÐURINN

**ERLU-ÍS** FÁKAFENI 9, 108 REYKJAVÍK



**ERLU-ÍS** Eigendur Erlu-íss hafa margra ára reynslu af rekstri ísbúðar.

# Æðislegur ís við öll tækifæri

**Hvernig er stemningin?** Það er alltaf sérstök stemning að fara út í ísbúð. Ísinn hefur sérstakan hæfileika til þess að koma skapinu í lag og er eitt besta meðalið við slæmri lund eða brostnu hjarta. Í Erlu-ís eru til ísar og ísréttir við hvert tækifæri hvort sem um er að ræða ærslafulla fjölskylduferð eða rómantíska paraferð. Það er yfirleitt mjög mikið að gera í búðinni en þar er nóg af afgreiðslufólki svo biðin verður sjaldnast löng.

**Hvað er í boði:** Í Erlu-ís er allt þetta klassíska í boði. Það er ís í brauði eða vöffluformi og ís í boxi með heitri eða kaldri sósu. Stærri ísréttir eru svo til dæmis hræringur, bananasplitt og ís með ávöxtum, rjóma og sósu. Í búðinni er einnig boðið upp á mikið úrval kúluísbragðtegunda.

**Vinsælast:** Bragðarefurinn eða hræringur eins og hann er kallaður í Erlu-ís er vinsælastur af öllu. Það er mjög misjafnt hvað fólk fær sér í hann en velja má velja þrjár nammitegundir úr miklum fjölda til að setja í hræruna. Einnig er hægt að velja milli fimm ístegunda, eða vanillu, súkkulaði, jarðarberja, mokka og banana. Sumir vilja líka fá einhverja sósu til. Það sem er vinsælast í hræringinn eru jarðarberin og bananar, Snickers, Þristur og Tromp.

**Sérstaða:** Í ísbúðinni er reynt að fara eftir séróskum fólks eftir fremsta megni og því getur viðskiptavinurinn látið ímyndunaraflið ráða för. Algengt er að fólk búi til sinn ísrétt sjálft og finnst starfsfólkinu sjálfsagt að verða við því ef mögulegt er.













## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Brad Pitt** og **Angelina Jolie** fóru saman í ferðalag um sveitir Arizona til að flýja athyglina sem væntanlegt viðtal við **Jennifer Aniston** í *Vanity Fair* hefur vakið. Þeim tókst þó ekki að ferðast óséð og voru hundelt af ljósmyndurum og heimamönnum allan tímann. Parið tók vel í ágang fólksins og gaf eiginhandaráritanir en þegar allir vildu fá myndir af sér með þeim hrópaði Brad að nú væri nóg komið.



**Michael og Dina Lohan**, foreldrar **Lindsay Lohan**, eiga í afar hatrömmum skilnaði þessa dagana. Michael vill fá sinn skerf af milljónum dóttur sinnar en Dina heldur því fram að hann hafi verið ofbeldisfullur og vill fá fullt forræði auk framfærslu. Lindsay hefur staðið sem klettur við hlið móður sinnar og vill ekkert með föður sinn hafa. „Hann gerði ekkert fyrir frama minn nema fara út á kvöldin og ekki koma heim fyrr en nokkrum dögum seinna svo við mamma vorum að farast úr áhyggjum," sagði leikkonan. „Hann á ekki skilið að fá eyri af mínum peningum og ég ber enga virðingu fyrir svona fólki." Michael situr þessa dagana í fangelsi fyrir ýmis lögbrot.



# Loftkastalinn tíu ára

Haldið verður upp á tíu ára afmæli Loftkastalans annað kvöld. „Við höfum ákveðið að hafa smá afmælishátíð þar sem Tónleikurinn Bítl hefur verið að slá í gegn í sumar. Við ætlum að bjóða gömlum leikurum og þeim sem hafa stigið á sviðið hjá okkur í gegnum árin að koma á sýninguna og upplifa húsið í allri sinni dýrð," segir Sigurður Kaiser leikhússtjóri.

Starfsemi leikhússins hófst í ágúst 1995 eftir að vélsmiðjunni í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg hafði verið breytt í leikhús með sætum fyrir 400 áhorfendur. Fyrsta verkefni Loftkastalans var söngleikurinn Rocky Horror í leikstjórn Baltasars Kormáks sem var sýndur yfir sextíu sinnum á fyrsta leikárinu. Um 500 þúsund gestir hafa síðan lagt leið sína á fjölmarga viðburði í húsinu, bæði leiksýningar og tónleika. Vinsælasta sýningin til þessa er Að sama tíma að ári, sem gekk í þrjú leikár. Á afmælissýningunni á morgun verður 500 þúsundasti áhorfandinn verðlaunaður sérstaklega.

„Núna stöndum við á tímamótum. Við erum bæði að hreinsa til og byggja upp fyrir framtíðina. Við ætlum að byggja húsið upp á nýjan leik og vera með markvissari starfsemi," segir Sigurður. „Við höfum aldrei fengið neina opinbera styrki til leikhússrekstursins og það hefur skekkt okkar stöðu á markaðnum. Við erum núna að vonast til að fá opinbera styrki til næstu tíu ára. Við ætlum að biðla til menntamálaráðherra og borgarstjóra og bjóða þeim í afmælið. Við erum að vonast til að fá þríhliða samstarfssamning þar sem borgin og ríkið leggja fram fjármagn á móti leikhúsinu."



**SIGURÐUR KAISER** Leikhússtjórinn lítur björtum augum á framtíð Loftkastalans.

Aðspurður segist Sigurður ekki hafa búist við því að Loftkastalinn myndi endast í 10 ár á sínum tíma. „Það var ekki verið að hugsa langt fram í tímann á þeim tíma og menn voru að redda hverri sýningu fyrir sig. Þetta var náttúrlega nett brjálæði að byggja leikhúsið og hafa svona stóran söngleik eins og Rocky Horror á sama tíma."

Hann segir að tilkoma Loftkastalans hafi breytt íslensku leiklistarlífi algjörlega. „Það var nánast óþekkt að auglýsa leikhús en nú eru aðilar úr einkageiranum farnir að taka aukinn þátt í sýningum. Mörg sjálfstæð leikhús hafa sprottið upp þannig að þetta hefur breytt aðstæðunum hjá þeim. Fyrstu fimm árin sem Loftkastalinn var starfandi jókst líka aðsókn hjá sjálfstæðu leikhúsunum og fór upp fyrir 100 þúsund í heildina."

Næsta verkefni Loftkastalans er að endurvekja Rocky Horror í haust. Verkið verður að öllum líkindum sýnt í nýjum sal, Verinu, sem tekur um 800 manns í sæti.

**freyr@frettabladid.is**

ALGJÖRT VERÐHRUN
SIÐUSTU ÚTSÖLUDAGAR
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5, sími 581 2141
Opið virka daga frá kl. 10.00-18.00, laugardaga frá kl. 10.00-16.00.






# Besta grínmynd sumarsins

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

John Beckwith og Jeremy Grey eru sáttasemjarar í skilnaðarmálum og stunda þá iðju að smygla sér inn í brúðkaup til þess eins að næla sér í stelpur. „Konur er svo auðveldar í brúðkaupum“ er slagorðið þeirra. Skiptir engu hvort það eru gyðingar eða Japanar að gifta sig, alltaf tekst þeim að sannfæra brúðkaupsgesti um að þeir séu á einhvern hátt tengdir inni í fjölskylduna. Félagarnir telja sig vera komna í álnir þegar þeir smygla sér inn í brúðkaup fjármálaráðherra Bandaríkjanna, William Cleary, en þá fyrst hefjast vandræði þeirra.

Ég kom út úr bíóinu með magaverk og rauðsprungin augu, slík voru átökin. Það gneistar milli Vince Vaughn og Owen Wilson sem Grey og Beckwith. Þeir tveir eru á góðri leið með að verða Steini og Olli 21. aldarinnar. Snillingar í að láta samræður um ekki neitt líta út fyrir að vera dauðans alvara og engum tekst jafn vel upp með að leika persónur sem geta ekki horfst í augu við þá staðreynd að þær séu að þroskast.

Wedding Crashers er uppfull af aukapersónum. Einhverjir kynnu að segja þær klisjukenndar. Hver hefur til dæmis ekki séð bælda soninn, lauslátu eiginkonuna og síblótandi ömmuna? Þegar klisjurnar eru afgreiddar á þann hátt sem Wedding Crashers gerir er ekkert að klisjum. Jane Seymour er yndislega ógeðfelld sem tælandi eiginkona ráðherrans, sem hvílir í öruggum höndum Christophers Walken. Rachel McAdams tekst að vera ekki of væmin sem ástin í lífi Owens Wilson. Isla Fischer er hættulega fyndin sem Gloria, snargeggjuð dóttir ráðherrans. Will Ferrell er senuþjófurinn í þær tíu mínútur sem hann kemur fyrir sem Chaz Reingold, lærimeistari Beckwith og Grey. Kauði býr ennþá heima hjá mömmu sinni og fer í jarðarfarir til að pikka upp stelpur. Þá er Keir O'Donnell magnaður sem Todd Cleary, samkynhneigði listamaðurinn í fjölskyldunni.

Þeim sem fannst Zoolander, Starsky & Hutch, Old School og Swingers leiðinlegar ættu ekki að sjá Wedding Crashers, hún sameinar þær allar í eitt. Aðdáendur Wilsons og Vaughns ættu hins vegar að drífa sig á myndina. Þeir þurfa bara að passa sig á að drekka ekki of mikið gos fyrir sýninguna. Það gæti skilað sér þegar síst skyldi.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**WEDDING CRASHERS**

**LEIKSTJÓRI:** DAVID DOBKIN
**AÐALHLUTVERK**: VINCE VAUGHN OG OWEN WILSON

**NIÐURSTAÐA:** Aðdáendur Wilsons og Vaughns ættu að drífa sig á Wedding Crashers. Þeir þurfa bara að passa sig á að drekka ekki of mikið gos fyrir sýninguna. Það gæti skilað sér þegar síst skyldi.

# Styttist í Sonic Youth

Nú styttist í að rokksveitin merka Sonic Youth haldi tvenna tónleika á Nasa, dagana 16. og 17. ágúst. Sveitin hefur undanfarið leikið á fjölmörgum tónlistarhátíðum í Evrópu og eru tónleikarnir á Íslandi meðal fárra sem sveitin heldur þetta árið þar sem áheyrendur fá að heyra fullt prógramm.

Miðasala á tónleikana er í fullum gangi og eru fáir miðar eftir á fyrri tónleikana. Miðasala fer fram á midi.is og í verslun 12 Tóna. Sonic Youth hefur starfað í rúmlega 20 ár og hefur haft áhrif á hljómsveitir á borð við Nirvana, Pearl Jam, Pavement og Pixies. ■



**SONIC YOUTH** Rokksveitin Sonic Youth er talin ein áhrifamesta rokksveit síðari ára.









## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„And that would tell you what is obvious right now? That avoiding apple skins and pizza has no effect on this brutal disease?“**

**Svar:** Augusto Odone úr kvikmyndinni Lorenzo's Oil árið 1992.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR er fegin að Þórhallur sé kominn aftur í Ísland í dag

# *Velkominn heim, kæri vin*

Vá, hvað ég var ánægð þegar ég stillti á Ísland í dag í vikunni og sá að minn gamli sjónvarpsfélagi er kominn aftur. Þórhallur er mættur aftur á svæðið og Ísland í dag hefur aldrei verið betra. Velkominn heim, kæri vin, velkominn heim.

Þórhallur kemur eins og ferskur andblær inn í spjallþáttinn eftir sumarfrí. Ég stóð sjálfa mig meira að segja að því að brosa þegar ég sá hann bjóða landsmönnum gott kvöld í fyrsta sinn í margar vikur. Liggur við að ég felldi tár af geðshræringu. Ég var aldrei neinn sérstakur aðdáandi Þórhalls en þá sannast hið fornkveðna. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Nú vona ég bara að Þórhallur yfirgefi mig aldrei aftur.

En við hlið Þórhalls situr Þóra Arnórsdóttir sjónvarpskona. Mér finnst eins og hún sé fædd í þennan þátt. Hún er jafnvel betri en Svanhildur Hólm, svei mér þá. Ég vil endilega halda henni inni sem lengst. Hún gefur af sér gasalega góðan þokka og greinilegt að hún býr sig vel undir hvern þátt. Með allt á hreinu þessi stelpa og ég fíla hana.

Annars er síðasti Desperate Housewives-þátturinn í kvöld. Ég og eiginkonurnar höfum upplifað mikið saman. Ég byrjaði á því að hata þær, líkaði síðan aðeins við þær, hataði þær aftur og endaði á því að elska þær meira en lífið sjálft. Ég hef bundist hverri og einni konu órjúfanlegum böndum og ég veit ekki hvernig ég verð eftir þáttinn í kvöld. Ég vona bara að þær yfirgefi mig ekki jafn lengi og Þórhallur. Þá þyrfti ég að fara að horfa á Skjáeinn eða eitthvað. Svo aðþrengd vil ég ekki verða.



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON** Kann að daðra við jafnt konur sem karla í gegnum skjáinn.



▶ **22.25** *Drama*

DESPERATE HOUSEWIVES



▶ **21.30** *Spenna*

THIRD WATCH



▶ **22.00** *Spjall*

KVÖLDÞÁTTURINN



▶ **22.00** *Útlit*

THE SWAN



▶ **22.00** *Íþróttir*

OLÍSSPORT

### SJÓNVARPIÐ

**15.20** Táknmálsfréttir **15.30** HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá mótinu sem fram fer í Helsinki.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Hálandahöfðinginn (10:10)** (Monarch of the Glen)
**20.50 Nýgræðingar (71:93)** (Scrubs)
**21.15 Sporlaust (21:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Aðþrengdar eiginkonur (23:23)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Mótókross **23.35** Kastljósið **23.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **1**

**2.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Wife Swap **14.15** Auglýsingahlé Simma og Jóa (e) **14.45** The Sketch Show **15.10** Fear Factor **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Apprentice 3, The (11:18)**
**20.45 Mile High (16:26)**
**21.30 Third Watch (18:22)**
▶ **22.15 Curb Your Enthusiasm (1:10)** Larry David leikur sjálfan sig en hann ratar af óskiljanlegum ástæðum sífellt í vandræði. Fjöldi þekktra gestaleikara kemur við sögu, þ.á m. nokkrir félagar Larrys úr Seinfeld en hann var aðalmaðurinn á bak við þá vinsælu þætti.
**22.45 Instinct to Kill** Aðalhlutverk: Mark Dacascos, Missy Crider, Tim Abell. Leikstjóri: Gustavo Graef-Marino. 2001. Stranglega bönnuð börnum.

**0.15** Two Can Play That Game **1.45** Fréttir og Ísland í dag **3.05** Ísland í bítið **4.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Road to Stardom With Missy Elliot (7:10)**
**19.50 Supersport (5:50)**
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends 2 (10:24)** .
**21.00 Tru Calling (7:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.
**21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
▶ **22.00 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.
**22.45 David Letterman**

**23.30** American Dad (7:13) **0.00** The Newlyweds (8:30) **0.30** Friends 2 (10:24) **1.00** Kvöldþátturinn **1.45** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Providence - lokaþáttur (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 MTV Cribs (e)**
**20.00 Less than Perfect**
**20.30 Still Standing** Bill og Judy verða tortryggin þegar þau komast að því að Brian og Lauren eru að stunda eitthvað á laun og ljúga fyrir hvort annað.
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 According to Jim**
**21.30 Everybody Loves Raymond**
▶ **22.00 The Swan** Hér er sagt frá nokkrum ósköp venjulegum konum sem breytt er í sannkallaðar fegurðardísir.
**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Law & Order (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** Hack - lokaþáttur **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Olíssport

**18.35 Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi)
**19.00 Landsbankadeildin** (ÍA - Valur)
**21.30 Kraftasport** (Uppsveitarvíkingurinn 2005)
▶ **22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30 Bestu bikarmörkin** (Leeds The Greatest Games) Bikarveisla að hætti Leeds United en félagið hefur fjórum sinnum leikið til úrslita og einu sinni sigrað í keppninni (FA Cup).

**23.25** Landsbankadeildin (ÍA - Valur)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Wide Awake **8.00** Blow Dry **10.00** Fun and Fancy Free **12.00** Billy Madison **14.00** Wide Awake **16.00** Blow Dry **18.00** Fun and Fancy Free **20.00** Scary Movie 3 (Bönnuð börnum) **22.00** Children of the Corn 6 (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** House of 1000 Corpses (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Jason X (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Children of the Corn 6 (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**8.00** Flying House - barnaefni **8.30** Superbook - barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** R.G. Hardy **12.00** Ísrael í dag **13.00** Travellers for Christ **13.30** Believers Christian Fellowship **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Flying House - barnaefni **17.00** Superbook - barnaefni **17.30** LifeLine **18.30** Times of Refreshing **19.00** CBN fréttastofan - 700 Club **20.00** Kvöldljós **21.00** Robert Schuller **22.00** Joyce Meyer **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** The Awakening Hour **0.00** The Way of the Master **0.30** CBN fréttastofan - 700 Club

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** E! Entertainment Specials **14.00** Style Star **14.30** The Soup **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** Fight For Fame **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** What Hollywood Taught Us About Sex **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** The Soup **0.00** Wild On **1.00** Dr. 90210

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Vatnaskil - Fíladelfía **21.00** Níubíó - The Family Man **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga





Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Curb Your Enthusiasm — Stöð 2 **kl. 22.15**

***Þetta er fjórða syrpan um hinn seinheppna Larry David.***

### *Larry ratar í vandræði*

Hér er á ferð nýr gamanmyndaflokkur sem hefur fengið frábæra dóma gagnrýnenda og sópað til sín verðlaunum. Larry David leikur sjálfan sig en hann ratar af óskiljanlegum ástæðum sífellt í vandræði. Þættirnir líta út eins og raunveruleikaþættir en eru leiknir þó oft séu atriðin spunnin á staðnum.
Fjöldi þekktra gestaleikara kemur við sögu, þar á meðal nokkrir félagar Larrys úr Seinfeld en hann var aðalmaðurinn á bak við þá vinsælu þætti. Gestaleikarar í kvöld eru Ben Stiller og Mel Brooks.



Larry og félagar.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið. **9.03** Margrætt með Elísabetu Brekkan. **10.03** Morgunstund með Illuga Jökulssyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing. **14.03** Glópagull og gisnir skógar **15.03** Allt og sumt.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson. **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Elísabetu Brekkan e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e.

**22.00** Á kassanum e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sumarsnakk **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Lifandi blús **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit, Mærin í snjónum **14.03** Útvarpssagan: Einbjörn Hansson **14.30** Sögur og sagnalist **15.03** Úr alfaraleið **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime **23.00** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Adda 10.00 Rósa **11.00** Bláhornið

**12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan G **15.00** Hildur H **16.00** Kynjastríðið **17.00** Gústaf

**18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Adda **22.00** Rósa **23.00** Kjartan G **0.00** Hildur H **1.00** Kynjastríðið **2.00** Gústaf **3.00** Rósa **4.00** Kjartan G **5.00** Adda

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.15** Athletics: World Championship Helsinki Finland **19.15** Football: UEFA Champions League **20.00** Athletics: World Championship Helsinki Finland **22.00** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**
**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** El Nombre **14.25** Bill and Ben **14.35** Rule the School **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** One Foot in the Grave **18.30** 2 point 4 Children **19.00** Cutting It **20.00** Placido Domingo - The King of Opera **21.00** Dog Eat Dog **21.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **22.00** Mersey Beat **23.00** Blue Planet - a Natural History of the Oceans **0.00** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** The Mark Steel Lectures

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Legends Of The Ice World **13.00** Paranormal? **14.00** Beyond Fear **15.00** White Shark Outside the Cage **16.00** Battlefront **17.00** Animal Nightmares **17.30** Monkey Business **18.00** Legends Of The Ice World **19.00** Paranormal? **20.00** Victory in the Pacific **21.00** The Mafia **22.00** Paranormal? **23.00** Victory in the Pacific **0.00** The Mafia

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Wild Indonesia **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Killing for a Living **19.00** Little Big Cats **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Little Big Cats **1.00** Killing for a Living

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Wheeler Dealers **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **21.00** Murder Trail **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Dambusters

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Switched On **22.00** Superock **23.00** Isle of MTV - Pimp My Festival **23.30** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** VH1 Goes Inside South Park **20.00** When Star Wars Ruled the World **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Summer Videos Top 5 **22.30** Ultimate Albums **23.30** Mtv Live Keane **0.00** Mtv Live Coldplay **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** Fashion House **14.25** Cheaters **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Fantasy Open House **18.05** It's a Girl Thing **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex and the Settee **22.00** Ex-Rated **22.30** Men on Women **23.00** Weekend Warriors **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Retail Therapy **0.50** The Stylists **1.15** Staying in Style

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
**13.40** White Lightning **15.20** Convict Cowboy **17.00** Goodbye Supermom **18.35** Land of Doom **20.05** Ground Zero **21.45** Access Code **23.15** Lunatic, the **0.50** Contamination .7 **2.25** Dempsey

**TCM**
**19.00** Victor/Victoria **21.10** The Americanization of Emily **23.10** Clash of the Titans **1.05** The Alphabet Murders **2.35** The Strip

**HALLMARK**
**12.45** Gift of Love: The Daniel Huffman Story **14.15** Riding The Bus With My Sister **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** The Infinite Worlds of H.g. Wells **18.15** Summer's End **20.00** Law & Order Viii **20.45** State of Mind **22.30** Hamlet **0.00** Law & Order Viii **0.45** State of Mind **2.30** Hamlet

**BBC FOOD**
**12.00** Rick Stein's Food Heroes **12.30** Food and Drink **13.00** Gondola On the Murray **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Galley Slaves **15.00** Nigella Bites **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chalet Slaves **16.30** The Hi Lo Club **17.00** Beauty and the Feast **17.30** Ever Wondered About Food **18.00** Tyler's Ultimate **18.30** Nigel Slater's Real Food **19.00** Beyond River Cottage **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Conrad's Kitchen: Access All Areas **20.30** Kitchen Takeover **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.25** Profilen **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Jagerpiloterne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Livet ombord **14.30** DR-Derude: Rejsen til Orkney **15.00** Pigebanden **15.15** Lovens vogtere **15.35** Kim Possible **16.00** Fandango - med Signe **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Line og Lykke **17.30** Sjakket **18.00** Herlufsholm **18.30** De små englebφrn **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Beck - Drengen i glaskuglen **21.00** What Dreams May Come

**SV1**
**12.40** Vet hut! **13.30** Arlanda **14.00** Rapport **14.05** Djurgalen **14.35** Familjen Anderson **15.00** Rent hus **15.30** Är jag för liten eller är skåpet för högt? **16.00** Maria i Lofoten **16.30** Karlsson på taket **16.55** Puss och kram **17.00** Guppy **17.15** Kent Agent och de hemliga ställena **17.30** Rapport **18.00** Solens mat **18.30** Hjärtebarnet Jφrgen **19.00** Graven **20.00** Sommardebatt **21.00** Rapport **21.10** Drömmarnas tid **21.55** Sändning från SVT24

ÚTSALAN ENN Í FULLUM GANGI

20-70%
afsláttur

mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6 201 KÓPAVOGI SÍMI 554 6300

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16



## HRÓSIÐ

*...fá Björk Guðmundsdóttir og Matthew Barney fyrir að frumsýna kvikmyndalistaverkið Drawing Restraint 9 á Íslandi, en myndin fjallar um flókin samskipti Bandaríkjamanna og Japana.*

**AÐ MÍNU SKAPI** MAGNÚS BJÖRN ÓLAFSSON RITSTJÓRI STÚDENTABLAÐSINS.

# Megas, Þórbergur og Stúdentablaðið



**TÓNLISTIN** Ég hlusta bara á allt sem mér finnst fallegt og skemmtilegt að heyra. Af íslenskum tónlistarmönnum skarar *Megas* fram úr og er plata hans *3 blóðdropar* í uppáhaldi. Undanfarið hef ég hlustað svolítið á *Mike Patton* sem er virkilega hæfileikaríkur og einnig á *John Zorn* sem hefur unnið mikið með honum. Svo er ég alltaf fastur í *Tom Waits* en besta plata hans er að mínu mati *The Black Rider*.

**BÓKIN** Yfirleitt er það þannig að ég les það sem er við hendina og ef það er skemmtilegt þá held ég áfram. Ég les mikið eftir *Þórberg Þórðarson* en *Sálmurinn um blómið* og *Bréf til Láru* eru stórvirki. Ég skil ekki hvers vegna Þórbergur er ekki kenndur meira í skólum miðað við alla þá athygli sem Laxness fær. Það má auðvitað að einhverju leyti rekja til Nóbels-verðlaunanna en Henry Kissinger hlaut friðarverðlaun Nóbels sem sýnir að nafnbótin fylgir ekki alltaf verkunum. Mér finnst verk Þórbergs dverga bestu verk Laxness.

Annars hef ég lesið mikið af Íslendingasögunum og þá helst Egilssögu en af erlendum bókum standa upp úr *Glæpur og refsing Dostojevskíjs* og *Svo mælti Zaraþústra Nietzsches*. Það eru tvö dæmi um bókmenntalegt listaverk þar sem höfundarnir stela tilfinningum manns.

**BÍÓMYNDIN** Sama sagan og með annað, ef ég dett inn á eitthvað sem mér líkar þá skoða ég fleiri verk sama höfundar. Mér finnst *Emir Kusturica*, sem gerði *Svartur köttur, hvítur köttur* góður og hef ekki fundið neitt slæmt eftir hann. Ég kann einnig að meta *Jean-Pierre Jeunet* og finnst mynd hans *The City of Lost Children* mjög góð. Af Hollywood-leikstjórunum finnst mér *David Lynch* bestur og hans besta mynd finnst mér vera *Lost Highway*. Svo var *Kubrick* auðvitað frábær.

**BORGIN** Mér finnst best að vera ekki í borgum og þegar ég fer til útlanda finnst mér þægilegast að vera sem lengst frá þeim. Ef ég á að nefna einhverja borg þá er ég hrifnastur af London.

Það eru auðvitað margir staðir sem standa upp úr og meðal þeirra er bær í Badadalnum í Palestínu. Hann er vin í eyðimörkinni sem er mjög sérstakt að sjá því allt um kring voru grýtt fjöll og sandar en um leið og maður gekk í gegnum gamlan borgarmúr þá tóku við lækir, pálmatré og bambuskálfar.

**BÚÐIN** Ég versla voða lítið. Mér finnst mjög gott að fara í Kolaportið og alls kyns safnarabúðir því ég er með söfnunaráráttu og safna vínylplötum. Smekkleysubúðin er ágæt en oftast er þetta þannig að ef ég sé eitthvað spennandi í glugganum þá labba ég inn.

**VERKEFNIÐ** Það sem er fram undan er að koma út fyrsta tölublaði vetrarins af Stúdentablaðinu en það á að gerast á fyrstu tveimur vikum september – 7, 9, 13. Annars er bara að reyna að taka þátt í mannlífinu.



**Lárétt:**
**1** kraft, **5** gott eðli, **6** endalok, **7** öfug röð, **8** grænmeti, **9** sigti, **10** hæð, **12** lín, **13** svækja, **15** samhljóðar, **16** lengra frá, **18** skítur.

**Lóðrétt:**
**1** lystugur maður, **2** tímabils, **3** tveir eins, **4** valdamikill, **6** drepur, **8** glöð, **11** útfall elds, **14** hátterni, **17** sólguð.

**Lausn.**

**Lárétt:**
**1** mátt, **5** art, **6** ko, **7** ts, **8** kál, **9** sáld, **10** ás, **12** tau, **13** kóf, **15** rg, **16** utar, **18** saur.

**Lóðrétt:**
**1** mathákur, **2** árs, **3** tt, **4** voldugur, **6** kálar, **8** kát, **11** sót, **14** fas, **17** ra.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Fjórða sæti
2. Matthew Barney og Björk
3. Umhverfisnefnd Seltjarnarness valdi seljuna tré ársins







**RÁS 2:** UPPTÖKUR FRÁ AIRWAVES SLÁ Í GEGN

# Sendar út hjá fimmtán útvarpsstöðvum í gegnum gervihnött

Rás 2 tók upp nokkra vel valdar hljómsveitir á Airwaves síðastliðið haust. Útvarpsstöðvum í Evrópu og víðar bauðst að taka við upptökunum í gegnum gervihnött og fimmtán stórar stöðvar tóku við sendingunni. Meðal hljómsveita sem má finna á upptökunum eru Keane, Bang Gang, Maus og Without Gravity. Útvarpsstöðvarnar fimmtán kynna og auglýsa á næstu misserum tónleikana í dagskrá sinni.

Ólafur Páll Gunnarsson, verkefnisstjóri tónlistar á Rás 2, var himinlifandi yfir þessum viðbrögðum. Hann sagði þetta þýða að áheyrendum myndi fjölga úr nokkrum þúsundum í nokkur hundruð þúsund. Hann sagði enn fremur að upptökur Rásar 2 hefðu fengið góða dóma og þeim á Rás tvö fyndist þeir því vera gera hlutina rétt. „Upptökur frá Keane-tónleikunum rötuðu meðal annars inn á EP-plötu sveitarinnar,“ segir Ólafur Páll stoltur.



**ÓLAFUR PÁLL** Ólafur á sér þann draum að taka upp Neil Young og Crazy Horse í Laugardagshöll.

Þrjár íslenskar hljómsveitir eru á upptökunum en aðspurður hvort Rás 2 væri að flytja út íslenska tónlist segir Ólafur svo ekki vera. „Það eru reyndar óvenju fáar íslenskar hljómsveitir á þessum lista núna,“ viðurkennir hann en segir þetta engu síður vera liður í því að kynna íslenska menningu og varðveita hana. „Ef við hefðum byrjað á þessu fyrr ættum við orðið dágott safn með íslenskri poppmenningu,“ segir hann og telur að með þessu sé Rás 2 að koma nafni Airwaves inn á evrópskar útvarpsstöðvar.

Tónleikahald hefur verið óvenju fjölbreytt í ár og því hafa Ólafur og félagar haft í nógu að snúast. Þeir tóku upp tónleika með Antony and the Johnson, Emilíönu Torrini og Iron Maiden og verður þessum tónleikum útvarpað á öldum ljósvakans.

Ólafur segir það ekki vera létt verk þegar eigi að taka upp tónleika því mikilli undirbúningsvinnu sé hrundið af stað. Það þurfi að fá alls kyns leyfi og svo vilji tónlistarmennirnir fá að hlusta. „Við höfum undantekningarlítið fengið góð viðbrögð við upptökunum,“ segir hann.

Ólafur á sér sjálfur draumatónleika til að taka upp. „Það væri Neil Young og Crazy Horse í Laugardagshöll,“ segir hann, þrátt fyrir að vera búinn að sjá kappann sjö sinnum á sviði. „Hvað get ég sagt, ég elska náungann!“

freyrgigja@frettabladid.is



**KEANE Á AIRWAVES** Upptökur Rásar 2 frá tónleikum sveitarinnar rötuðu inn á EP-plötu hennar og þeir verða jafnframt sendir út á tíu útvarpsstöðvum í Evrópu.


**Stór og fallegur humar**

**Saltfiskhnakkar, fyrir vandláta fólkið.**

**Túnfisksteikur beint á grillið.**

**Risarækjurnar eru komnar aftur.**

**Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –**
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

**Opið laugardaga 10.00 - 14.30**


# Með frosið bros eftir sæþotuferð

Valgeir Árni Ómarsson, sem er spastískur eftir að hafa lent í bílslysi 1998, brosir breitt þessa dagana eftir að hafa fengið að leika sér á sæþotu í Eiðsvík í Grafarvogi.

Þessi svaðilför Valgeirs á sér þann aðdraganda að Böðvar Sigurðsson, eigandi Sæþotuleigunnar, hitti Valgeir og föður hans Ómar Valgeirsson í Kolaportinu og bauð Valgeiri að skella sér á sæþotu. Þeir feðgar þekktust boðið og sjá varla eftir því núna. „Þetta var bara geðveikt, alveg rosalegt. Maður verður bara krakki upp á nýtt. Ég held að brosið sé frosið á honum Valla mínum,“ segir Ómar, sem skellti sér líka út á sjó.

Hann vill nota tækifærið og vekja athygli á söfnun Kjartans Haukssonar sem hefur róið í kringum landið í sumar til styrktar Sjálfsbjörgu. „Þegar einstaklingur með fötlun ætlar í ferðalag þarf hann tvær aðstoðarmanneskjur með sér. Kostnaðurinn við að ferðast þegar þú ert fatlaður er mikið meiri og fólk með fötlun hefur mun lakari tekjur en við hin, þannig að allt er á móti því. Við hin sem stöndum í báða fæturna mættum staldra við og hugsa og jafnvel fórna hálfum degi til að hjálpa þessu fólki.“

Ómar segir að þeir feðgar reyni að gera eftir megni það sem þeir geti til að skemmta sér úti í náttúrunni. Í maí fóru þeir ásamt fleiri fötluðum einstaklingum í jeppaferð upp á jökul með jeppaklúbbnum 4X4 en hvað tekur við næst verður að koma í ljós. Fjórhjólaferð sé eitthvað sem komi sterklega til greina á næstunni.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VALGEIR** Valgeir Árni Ómarsson skemmti sér griðarlega vel á sæþotunni. Honum til halds og trausts var Böðvar Sigurðsson.

# ÚTSALA
# 20-70% afsláttur

## Ótrúlegt úrval af raftækjum
## Komdu strax...

KORTER.IS

### Ótrúleg verðdæmi...

**Ódýrasti þurrkari á Íslandi**



**WhiteKnight þurrkari CL 447**
Frábær 5 kg. þurrkari með barka, tímastilltur og með krumpuvörn
Hæð: 85 cm - Breidd: 60 Cm Dýpt: 60 cm

**18.700.-**



**EDESA þvottavél L3126**
6 kg. 1200 sn. þvottavél. Auka skol í lokin, stopp í síðasta skolvatni, stór hurð sem opnast 180° Einföld í notkun. Klukka sem sýnir þvottatíma. Barnalæsing.
**1200 SNÚNINGA**

**44.900.-**



2 tæki saman

**Ofn og helluborð**
2 tæki saman

**56.800.-** Hvítt
**69.900.-** Stál



**Vandaður stálísskápur**
með kámvörn
Hæð: 180 cm - Breidd: 60 cm

**69.900.-**

**Nýtt kortatímabil**

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

**Opið** virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Talstöðin
FM 90,9

Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040




BAKÞANKAR

JÓNS GNARR


## Trúarstríð

Ég var úti í London um daginn eftir sprengjuárásirnar í neðanjarðarlestunum. Það var skrítin stemning í London. Fólk er hrætt og spyr sig afhverju? Það er talað um trúarstríð.

**OFBELDI** hefur verið beitt í nafni trúar öldum saman. Frægasta dæmið er krossferðirnar. Hitler þóttist líka vera mjög trúaður. SS-sveitarmenn báru beltissylgjur með áletruninni „Gott mit uns“ eða „Guð með oss“. Á Norður-Írlandi hefur geisað svokallað trúarstríð lengi. Íraksstríðið hljómar eins og stríð á milli Múhameðstrúar og kristni. Sjálfsmorðsárásir eru yfirleitt tengdar trúarhópum. Mér finnst þetta ekkert hafa með trú að gera heldur misnotkunn á henni.

**ÉG** las grein um George Bush um helgina. Hann segist vera kristinn maður og að Guð standi með honum í stríðinu gegn Írak. Ég á erfitt með að trúa því. Enginn sannkristinn maður getur beitt annan mann ofbeldi eða stutt það. Allt ofbeldi stríðir gegn kenningum Jesú Krists. Jesús sagði okkur að elska náungann, koma vel fram við alla og fyrirgefa og rétta hinn vangann. Hann bannaði lærisveinum sínum að beita ofbeldi. Að segja að Biblían hvetji til ofbeldis er eins og að segja að konur hvetji til nauðgana með því að klæðast stuttum pilsum.

**TRÚARLEGUR** texti er margslunginn og dýpri en orðin sjálf. Svokallaðir bókstafstrúarmenn eru þeir sem skilja ekki textann nema á yfirborðinu. Trúin er misnotuð í pólitískum tilgangi. Sönn trú er hafin yfir dægurþras. Enda standa deilurnar yfirleitt um miklu lágkúrulegri hluti en trú. Hér er ekki um að ræða hugmyndafræðilegan ágreining trúarbragða, heldur deilur um auðæfi, landsvæði, olíu og völd. Trú snýst ekki um völd. Það er græðgi. Allir trúarleiðtogar heimsins fordæma stríð. Leiðtogar múslima fordæma sjálfsmorðsárásir. Jóhannes Páll páfi fordæmdi innrásina í Írak.

**TRÚ** fær fólk ekki til að fremja voðaverk. Það er eitthvað annað eins og fáfræði, ótti, hroki eða hatur. Jesú hefði aldrei staðið fyrir stríði. Múhameð hefði aldrei sprengt sig í loft upp. Guð er ekki í klíku með trúarbrögðum. Vont fólk notar Guð en Guð notar gott fólk. Það er Djöfullinn sem gleðst yfir stríðum og dauða en Guð grætur.


GSM HEIMASÍMI INTERNET **SJÓNVARP**

Ég fæ **Sýn** í 3 mánuði og sé öll mörkin sem liðið mitt skorar í gemsanum!

**0 kr.**
**Sýn í 3 mánuði**
Allir sem skráðir eru í **Og1** fá áskrift að **Sýn** fyrir 0 kr. í 3 mánuði. Tilboðsverð 1.990 kr. á mánuði eftir það.
Skráning þarf að berast fyrir 1. október

**0 kr.**
**Enski boltinn í símann**
Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Enska boltanum og séð öll mörkin sem liðið skorar í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

**0 kr.**
**Meistaradeildin í símann**
Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Meistaradeildinni og séð öll mörkin úr þeim riðli og úrslitakeppninni í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

**Og1** lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá **Og Vodafone.**

**Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir GSM, Internet og Heimasíma.**

Og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone
Heyrumst!

SPARI DAGAR

...í fjórum verslunum og hjá umboðsmönnum
2005 3.-20. ágúst

AEG

Tilboðsverð: Kr. 8.490
ÖRBYLGJUOFN

Nikon

Tilboðsverð: Kr. 33.900
NIKON COOLPIX 7600S
STAFRÆN MYNDAVÉL
7.1 milljón punkta

Pioneer
PIONEER DCS-232
HEIMABÍÓ

Tilboðsverð: Kr. 33.900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 Sími 530-2800 Opið virka daga frá 9-18 Laugardaga frá 11-15
SMÁRALIND Sími 530-290 Opið virka daga frá 11-19 Laugardaga frá 11-18 Sunnudaga frá 13-18
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-280 Opið virka daga frá 9-18 Laugardaga frá 11-15
RADIONAUST FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000